

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

ERLEND TUNGUMÁL

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 23

Ágúst 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA ehf.
Prentun: Oddi hf.

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-35-2

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Erlend tungumál í framhaldsskóla	8
Inngangur	
Nám og kennsla	
Þættir málanáms	
Kennsluhættir	
Upplýsingatækni og tölvunotkun	
Skipan náms	
Námsmat	
Dæmi um viðmiðanir við námsmat	
Enska	19
Inngangur	
Nám og kennsla	
Námsmat	
Erlend viðmið	
Lokamarkmið eftir 9 einingar	
Áfangar	
ENS 103 Málfræði og orðaforði	
ENS 203 Lestur, hlustun, orðaforði	
ENS 303 Flóknir textar, bókmenntir	
ENS 403 Fagorðaforði, öflun upplýsinga	
ENS 503 Ritun, ólík afbrigði ensku	
ENS 603 Bókmenntasaga, markviss málnotkun	
ENS 703 Sérhæfð verkefni	
ENS 803 Munnleg og skrifleg tjáning	
Danska	43
Inngangur	
Nám og kennsla	
Dæmi um þemaverkefni - íþróttir	
Dæmi um samspil færniþátta	
Lokamarkmið eftir 6 einingar	
Lokamarkmið eftir 9 einingar	
Lokamarkmið eftir 18 einingar	

Áfangar	
DAN 103 Skilningur, tjáning, menning I	
DAN 203 Skilningur, tjáning, menning II	
DAN 303 Skilningur, tjáning, sérhæfing	
Nám og kennsla í framhaldsáföngum	
DAN 403 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna I	
DAN 503 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna II	
DAN 603 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna III	
Norska og sænska	74
Inngangur	
Nám og kennsla	
Lokamarkmið eftir 6 einingar	
Lokamarkmið eftir 9 einingar	
Námsmat	
Áfangar	
NOR/SÆN 103 Málfræði og málnotkun	
NOR/SÆN 203 Orðaforði og samfélag	
NOR/SÆN 303 Bókmenntir	
NOR/SÆN 403 Saga og menning	
NOR/SÆN 503 Nám og starf	
NOR/SÆN 513 Þýðingar	
NOR/SÆN 313 Kynningaráfangi	
Franska	107
Inngangur	
Um gildi frönskunáms	
Alþjóðleg próf í frönsku	
Nám og kennsla	
Lokamarkmið eftir 12 einingar	
Lokamarkmið eftir 15 einingar	
Áfangar	
FRA 103 Framburður, orðaforði, menning	
FRA 203 Tal, orðaforði daglegs lífs, málfræði	
FRA 303 Samtöl, lestur, ritun	
FRA 403 Léttir bókmennta- og nytjatextar, framsögn	
FRA 503 Bókmenntir, hlustun	
FRA 603 Taláfangi	
FRA 703 Fræðsluefni	

	FRA 803 Þemaáfangi	
	FRA 313 Fagfranska (Valáfangi)	
Spænska		129
	Inngangur	
	Lokamarkmið	
	Áfangar	
	SPÆ 103 Málfræði og menning	
	SPÆ 203 Orðaforði og málfræði	
	SPÆ 303 Léttar bókmenntir og nytjatextar	
	SPÆ 403 Skáldsögur og munnleg tjáning	
	SPÆ 503 Saga spænskumælandi þjóða og þýðingar	
	SPÆ 602 Bókmenntir og menning Spánar	
	SPÆ 612 Bókmenntir og menning Rómönsku Ameríku	
	SPÆ 702 Sjálfstæð verkefni og vinnubrögð	
Þýska		155
	Inngangur	
	Nám og kennsla	
	Námsmat	
	Lokamarkmið eftir 12 einingar	
	Lokamarkmið eftir 24 einingar	
	Áfangar	
	ÞÝS 103 Framburður og orðaforði	
	ÞÝS 203 Orðaforði og málfræði	
	ÞÝS 303 Orðaforði og samtalsæfingar	
	ÞÝS 403 Orðaforði daglegs lífs	
	ÞÝS 503 Málefni liðandi stundar	
	ÞÝS 603 Greining á textum	
	ÞÝS 703 Greining á textum og hlustunarefni	
	ÞÝS 803 Mat á textum og myndefni	

Enska fyrir heyrnarlausu	200
Inngangur	
Nám og kennsla	
Námsmat	
Lokamarkmið eftir 9 einingar	
Áfangar	
ENS 113 Lestur og ritun	
ENS 213 Málskilningur og ritun	
ENS 313 Bókmenntir og menning	
ENS 413 Orðaforði og ritun	
Danska fyrir heyrnarlausu	211
Inngangur	
Nám og kennsla	
Námsmat	
Lokamarkmið	
Áfangar	
DAN 132 Þjálfun grunnorðaforða í dönsku	
DAN 232 Aukin skrifleg málnotkun	
DAN 332 Sjálfstæð vinnubrögð	



FORMÁLI

Námskrá fyrir erlend tungumál tekur til náms í eftirtöldum tungumálum: ensku, dönsku, norsku og sænsku, frönsku, spænsku, þýsku og í ensku og dönsku fyrir heyrnarlausa.

Í inngangskafli hér á eftir er fjallað um nám og kennslu í erlendum tungumálum og gerð er grein fyrir námsþáttum erlendra tungumála og skipulagi námsgreina. Fjallað er um nýtingu upplýsinga- og tölvutækninnar og settar fram viðmiðanir um námsmat.

Nám í erlendum tungumálum er skipulagt í afmörkuðum námsáföngum. Hver námsáfangi greinist í eftirfarandi þætti: áfangalýsingu, áfangamarkmið, efnisatriði og ábendingar um námsmat. Lokamarkmið náms í einstökum tungumálum eru einnig tiltekin. Námskrár í ensku og dönsku fyrir heyrnarlausa byggjast á áfangalýsingum, áfangamarkmiðum og lokamarkmiðum náms, efnisatriði og viðfangsefnin í kennslu eru nánar útfærð í skólunum.



ERLEND TUNGUMÁL Í FRAMHALDSSKÓLA

Inngangur

Íslendingar eru fámenn þjóð sem hefur lengi átt mikil samskipti við aðrar þjóðir. Þrátt fyrir landfræðilega einangrun hefur alþjóðlegur hugsunarháttur löngum fylgt Íslendingum og tungumálakunnátta hefur ávallt skipt miklu máli í viðskipta- og menningarsamskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Almenn kunnátta og færni í erlendum tungumálum var þó ekki almenn hér á landi heldur bundin við einstaka þjóðfélagshópa.

Þjóðfélagshættir breytast og mikilvægi tungumálakunnáttu Íslendinga eykst stöðugt. Í vaxandi mæli er gerð krafa um færni fólks í erlendum tungumálum til þess að greiða fyrir samskiptum Íslendinga við fólk sem talar erlend tungumál og einnig til þess að þeir geti staðið undir kröfum sem gerðar eru til náms og starfs í nútímasamfélagi. Kunnátta í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða er ein af forsendum þess að einstaklingurinn geti átt farsæl samskipti og samvinnu við fólk af öðru þjóðerni.

Íslendingar hafa í töluverðum mæli sótt menntun sína til annarra landa og afkoma þjóðarinnar er samofin viðskiptum við útlönd. Löng hefð er fyrir náinni samvinnu Íslendinga og annarra Norðurlandþjóða og kunnátta í norrænum tungumálum hefur mikið menningarlegt og hagnýtt gildi fyrir Íslendinga. Kennsla í dönsku í grunn- og framhaldsskóla stuðlar að því að viðhalda og efla tengsl við önnur Norðurlönd. Eins er gert ráð fyrir því að nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi í norsku eða sænsku eða hafa búið um tíma í Noregi eða Svíþjóð fái tækifæri til þess að velja norsku eða sænsku sem Norðurlandamál í framhaldsskólum.

Síðaxandi alþjóðlegt samstarf og samvinna Íslendinga og annarra Evrópuþjóða hefur leitt til þess að mikilvægt er fyrir sem flesta Íslendinga að hafa gott vald á ensku og öðrum evrópskum málum. Hinn frjálsi markaður og aukin alþjóðasamskipti kalla á aukna tungumálakunnáttu Íslendinga. Stjórnvöld hafa einnig tekið um það ákvörðun að enska verði fyrsta erlenda tungumál nemenda í grunnskóla og að enskukennslan verði aukin í grunnskólanum. Í þessari námskrá eru áfangar í þriðja tungumáli útfærðir í spænsku, frönsku og þýsku. Framhaldsskólar eru einnig hvattir til að stuðla að kennslu í tungumálum sem hafa ekki verið kennd fyrir við framhaldsskóla hérlendis.

Nám og kennsla

Tungumálanámi í framhaldsskólum er ætlað að auka alhiða færni nemenda í erlendum tungumálum. Það er því ekki talið nægilegt að geta lesið málið, geta skrifað bundinn texta, ráða yfir tilteknum orðaforða og kunna málfræðireglur utan að. Eigi nemendur að geta notað erlenda málið til tjáskipta þurfa málnotendur að hafa færni og þekkingu á fleiri sviðum. Mikilvægt er að hafa í huga að góður grunnur í móðurmáli auðveldar til muna nám í erlendum tungumálum.

Helstu þættir, sem álitnir eru forsenda málbeitingar á erlendu máli, eru eftirfarandi

- að ráða yfir tilteknum orðaforða og vera fær um að beita málfræði-, framburðar-, réttitunar- og setningafræðireglum
- að þekkja reglur um viðeigandi málnotkun, þ.e. vita hvað sé við hæfi að segja við tilteknar aðstæður, þekkja uppbyggingu samtala, vita hvernig á að ávarpa og ljúka samtali og hvort þérun sé við hæfi o.s.frv.

- að kunna og þora að bregðast við aðstæðum þar sem þekkingu á málinu þrýtur, dæmi: að umorða, þýða af móðurmálinu, nýta sér þekkingu í öðrum málum o.s.frv.
- að geta talað málið reiprennandi, þ.e. að ekki komi til óparfa hik eða stam vegna ónógrar færni, og geta skrifað málið lipurlega og hindrunarlítið. Leikni í töluðu og rituðu máli krefst mikillar þekkingar á orðaforða og útheimtir stöðuga þjálfun
- að búa yfir ríkri málvitund, þ.e. þekkja formreglur málsins og aðrar reglur sem að notkun málsins lúta og geta beitt þeim
- að þekkja til menningar, samfélags og siða í viðkomandi málsamfélagi. Mál og menning eru tengd órjúfangelgum böndum. Með þekkingu á menningu og siðum er annars vegar átt við þekkingu á bókmenntum, sögu, þjóðfélagi o.s.frv. og hins vegar þekkingu á daglegu lífi íbúanna, viðteknum skoðunum, viðhorfum og lífnaðarháttum

Við skipulagningu og framkvæmd málanáms í skólum þarf að taka mið af þessum þáttum svo að nemendur nái sem bestum tókum á erlendum tungumálum.

Þættir málanáms

Í köflum um einstök tungumál eru markmið tilgreind með tvennum hætti; í fyrsta lagi er fjallað um lokamarkmið hvers tungumáls og í öðru lagi er gerð grein fyrir áfangamarkmiðum hvers námsáfangs.

Áfangamarkmiðin greinast í eftirfarandi færniþætti: orðaforða, málfræði og málnotkun, hlustun, lestur, tal, framburð, ritun og tjáskipti. Eins er gert ráð fyrir því að nemendur hafi innsýn í menningu viðkomandi samfélags. Í áfangamarkmiðum og áfangalýsingum er greint frá stígandi tungumálanáms og helstu efnistöfum. Áfangamarkmiðin eiga að endurspeglu væntingar til nemandans að loknu námi.

Stígandi málanáms byggist á sjálfstæðum efnistöfum nemenda í námi sínu, frá handleiðslu kennara til sjálfstæðari vinnubragða og viðfangsefna þar sem nemandinn verður virkari og ábyrgari í tungumálanáminu, hvað varðar skipulagningu námsins, námsaðferðir og heimanám. Kennslan byggist á því að vikka sjóndeildarhring nemenda og byggja orðaforða og málskilning þeirra frá því að fjalla um viðfangsefni sem snerta þá með beinum hætti, þ.e. viðfangsefni daglegs lífs eða reynsluheims þeirra, til almennrar umfjöllunar um margvísleg efni þar sem nálgunin verður óhlutbundnari. Með þessu móti er reynt að binda ákveðinn orðaforða inn í námið, setja hverjum námsáfanga þau mörk sem hæfa hverju námsstigi og jafnframt byggja upp viðeigandi stígandi í viðfangsefnum. Í þessari námskrá er bent á viðfangsefni sem gætu hentað námsáfanganum en jafnframt er áréttað að kennarar hafa talsvert svigrúm til þess að velja viðfangsefni í hverjum námsáfanga.

Í námskránni eru sett fram skýr markmið í kennslu og einnig eru gefnar upp leiðbeiningar um leiðir sem hentað gætu til þess að ná settum markmiðum. Viðfangsefnin eru ólík eftir námsgreinum eins og á milli ensku og Norðurlandamála annars vegar og svo hins vegar þriðja tungmáls, s.s. frönsku, spænsku eða þýsku, sem nemendur hafa haft takmörkuð eða engin kynni af fyrr en í framhaldsskóla.

Kennsluhættir

Í kennslu skal leitast við að gefa nemendum tækifæri til þess að kljást við tungumálið með mismunandi hætti. Mikilvægt er að hvetja nemendur til að lesa og hlusta á erlend tungumál þegar færi gefst, jafnframt því að hvetja þá til að nota tungumálið á skapandi og uppbyggilegan hátt til þess að þeir öðlist kunnáttu og færni til að nota erlend mál við ólíkar aðstæður. Mikilvægt er að vinna með alla færniþætti í huga þannig að kennslan endurspegli eðlilega notkun tungumálsins. Nýta þarf áhugasvið nemenda eins og kostur er og

leiðbeina þeim hvernig nota megi tungumálið til þess að afla sér upplýsinga um hugðarefni sín og byggja upp fjölbreytilegan orðaforða.

Í málanámi skiptir máli að námsgögn og kennslutæki séu fjölbreytt og æskilegt er að nemendur hafi aðgang að les efni, m.a um málefni liðandi stundar, uppláttarritum og vefsíðum. Nemendur ættu einnig að hafa aðgang að fjölbreytilegu hlustunarefni, m.a. á töluðu máli á myndböndum, ásamt tölvu- og margmiðlunarefni á erlendum tungumálum. Mælt er með talæfingum þar sem nemendur tjá sig í pörum eða litlum hópum. Verkefnin ættu m.a. að vera þannig úr garði gerð að nemendur þurfi að leita lausna, að þeir skynji að nota megi tungumálið í ólíkum tilgangi og læri að haga orðum sínum í samræmi við aðstæður hverju sinni. Leggja ber áherslu á að markvisst og árangursríkt nám nemenda byggist á virkni þeirra sjálfra og ábyrgð í tungumálanáminu, hvað varðar skipulagningu námsins, námsaðferðir og heimanám. Tungumálanám krefst stöðugrar þjálfunar og sjálfstæðra vinnubragða nemenda. Ástæða er til að hvetja þá til heimavinnu þar sem ekki síður er lögð áhersla á ný verkefni, samhliða upprifjun og undirbúningi fyrir kennslustundir. Ritun þarf að tengjast sem mest við aðra færniþætti málanáms og nýtist til þess að festa í sessi orðaforða og stuðla að skapandi notkun málsins.

Huga þarf að því hvernig nýta megi það áreiti erlendra tungumála sem nemendur verða almennt fyrir í umhverfinu. Kennarar gætu hagnýtt málumhverfi ljósvakamiðlanna til þess að auka færni nemenda, t.d. í ensku. Eins þarf að huga að því hvernig haga megi kennslu í þeim málum sem sjaldan heyrast. Kennsla slíkra mála byggist ekki síður á því að skapa nemendum viðeigandi málumhverfi eins og framast er unnt.

Mikilvægt er að nemendur geti beitt málfræði- og málnotkunarreglum. Öll þjálfun í málnotkun og málfræði á markvisst að tengjast vinnu með orðaforða og þjálfun allra færniþátta. Hafa þarf í huga að reglurnar hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar málið er notað. Beina þarf sjónum fyrst og fremst að þeim þáttum málfræðinnar eða málvenjum sem líklegastar eru til að valda íslenskum nemendum erfiðleikum eða sem sýnt er að muni valda mis- skilningi í tjáskiptum. Nákvæmniskröfur í málfræði mega þó ekki yfirskyggja kröfur um færni í öðrum þáttum mála- námsins.

Í kennslu er mælt með því að kynna fyrir nemendum helstu þætti í menningu viðkomandi málsvæðis. Gefa skal dæmi um fjölbreytileika menningar viðkomandi samfélags og veita nemendum færi á að fá innsýn í þjóðfélags- og sam- skiptahætti málsvæðisins til þess að þeir verði betur í stakk búnir til að ná þeim tókum á viðkomandi tungumáli sem nýtist þeim með beinum hætti í námi og starfi. Tungumála- nám getur með þeim hætti aukið skilning manna á meðal og lagt grunn að opnara samfélagi þjóðanna. Gert er ráð fyrir því að nemendur sem hafa náð tókum á tungumáli og þekkja menningu annarra þjóðlanda glími síður við for- dóma í garð viðkomandi menningar og íbúa þess lands.

Upplýsingatækni og tölvunotkun

Nýting upplýsingatækni til náms og kennslu í erlendum tungumálum er mikilvæg viðbót við almenna kennslu- hætti. Má þar nefna sérstök kennsluforrit, ritvinnslu, geisladiska, leitarvefi, vefslóðir, tölvupóst og spjallrásir. Mikilvægt er að tungumálakennarar hafi aðgang að tölvu- stofum til þess að nemendur í málanámi hafi tök á því að tileinka sér kosti tölvu- og upplýsingatækninnar eins og kostur er.

Kennsla sem byggist á nýtingu upplýsinga- og tölvu- tækninnar felst t.d. í ritvinnsluæfingum þar sem unnið er

með texta á fjölbreytilegan hátt og nemendum kynnt notkun leiðréttingarforrita og málfræðiforrita. Tölvutæknina má einnig nýta til þess að kynna nemendum margmiðlunarefni á erlendum tungumálum. Byggja má upp verkefni með þeim hætti að nemendur vinni með margmiðlunarefni sem tengist skilningi þeirra á tungmálinu, einnig mætti vinna að verkefni sem skarast við aðrar námsgreinar. Upplýsinga- og tölvutæknin gefur aukið tækifæri innan framhaldsskóla til þess að flétta saman kennslu í ólíkum námsgreinum og samþætta kennsluaðferðir. Einnig ætti að kynna fyrir nemendum eins og kostur er vefslóðir með efnisflokkum sem falla að efni einstakra námsáfanga og/eða áhugamálum nemenda. Nýta má tölvupóst innbyrðis á milli nemenda í áfanganum og hugsanlega stuðla að samskiptum við nemendur í öðrum framhaldsskólum sem eru í hliðstæðum námsáfanga. Eins er möguleiki, t.d. í efri námsáföngum, að koma á samskiptum við nemendur í framhaldsskólum erlendis sem tala viðkomandi tungumál. Spjallrásir geta einnig nýst nemendum vel í þjálfunarskyni. Kennsluefni á tölvutæku formi hentar einnig í mörgum tilvikum vel til þess að þjálfa upp ákveðin færniatriði hjá nemendum. Ítarefni í kennslu og kynningarefni um menningu og málsamfélag einstakra þjóða er að sama skapi aðgengilegt á Netinu. Í málanámi eru því tök á því að auka færni nemenda til upplýsingamiðlunar og auka almennt tölvulæsi þeirra að sama skapi.

Skipan náms

Í grunnskóla hefja nemendur nám í ensku í fimmta bekk og dönskunám (norsku- eða sænskunám) þeirra hefst í 7. bekk. Nemendur sem hefja nám í framhaldsskóla hafa því umtalsverða kunnáttu og færni í þessum tungumálum, sbr. þrepamarkmið 10. bekkjar grunnskóla. Nemendur sem hafa dvalist í Noregi eða Svíþjóð og lokið grunnskólaprófi eða öðru samsvarandi prófi í norsku eða sænsku fá tækifæri til þess að velja norsku eða sænsku sem Norðurlandamál í framhaldsskóla.

Í brautarkjarna bóknámsbrauta í aðalnámskrá framhaldsskóla er einingafjöldi í erlendum tungumálum mismunandi eftir námsbrautum. Þó er krafist a.m.k. 9 eininga náms í ensku, 6 eininga náms í dönsku (norsku eða sænsku) og 12 eininga náms í þriðja tungumáli. Nemendur velja þriðja tungumál innan þess ramma sem námsframboð viðkomandi skóla leyfir. Á málabraut er gert ráð fyrir því að nemendur taki einnig a.m.k. 9 einingar í fjórða tungumáli. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er gert ráð fyrir því að skólar geti boðið upp á nám í latínu, auk þess sem svigrúm skóla er aukið til þess að bjóða upp á önnur tungumál, þ.e. tungumál sem ekki eru skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Vakin er athygli á því að nám í erlendum tungumálum, eins og það er skilgreint í brautarkjarna, er lýsing á lágmarkskröfum. Nemandi sem hefur hug á að fara í háskólanám þarf að kynna sér rækilega kröfur háskólanámsins, m.a. með tilliti til tungumálakunnáttu.

Námsmat

Mikilvægt er að námsmatið endurspegli þá færniþætti og markmið sem stefnt var að í viðkomandi námsáfangi, þ.m.t. munnlega og skriflega frammistöðu nemenda og mati á þeirri kunnáttu sem þeir hafa tileinkað sér í náminu. Huga þarf að því að einstakir efnisþættir fái ekki óeðlilega mikið vægi miðað við umfang kennslunnar og að aðrir þættir séu ekki vanmetnir. Námsmat ætti að byggjast á vinnu nemenda alla önnina, símati, auk lokaprófs þar sem það á við.

Námsmat þarf að vera eins leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi og kostur er fyrir nemendur. Námsmat í erlendum tungumálum þarf einnig að taka tillit til sértækra námserfiðleika nemenda. Bent er á að fjallað er um frávík frá prófarglum í almennum hluta aðalnámskrár á bls. 47.

Dæmi um viðmiðanir við námsmat

Lestur

Námsmat í lestri byggist á skilningi nemenda á innihaldi texta. Nemandi hafi vald á ólíkum lestraraðferðum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri. Mikilvægt er að lestraraðferðir séu sem mest metnar út frá ólesnum textum.

Hlustun

Í hlustun getur nemandi annars vegar verið í hlutverki hlustanda og hins vegar í hlutverki hlustanda og viðmæl- anda. Meta þarf alla færniþættina innan hlustunar eftir því sem þeir eru þjálfaðir í námsáföngum.

Prep innan hlustunar eru að

- greina orð og samhengi orða
- skilja ákveðnar upplýsingar
- skilja aðalatriði
- geta fylgt atburðarás
- skilja tal tveggja
- skilja tal þriggja eða fleiri
- skilja ákveðnar upplýsingar og kunna að bregðast rétt við – ráða við sérstakan orðaforða
- skilja smáatriði

Orðaforði

Mat á orðaforða og lesskilningi er hluti af námsmati í öllum námsáföngum. Meta má færni nemenda t.d. í að svara spurningum úr lesnu efni, gera útdrátt úr tilteknu efni, greina aðalatriði frá aukaatriðum og meta ólíka texta.

Tal

Mat á tali tekur mið af

- orðaforða og beitingu hans
- framburði, hljómun, áherslum, ítónun, hrynjandi
- valdi nemenda á hikorðum og fylliorðum
- beitingu á reglum málsins (málfræði)

- lipurð í beitingu máls og vali á orðum
- færni í samtalstækni
- frásagnartækni

Ritun

Mat á ritun tekur mið af

- orðaforða og beitingu hans
- stafsetningu
- málfræði og beitingu málfræðireglna
- lipurð í beitingu máls
- lengd ritaðs texta
- innihaldi texta
- uppbyggingu texta

Málfræði og málnotkun

Mat á færni nemenda í að nota reglur í málfræði og í málnotkun miðast við þau markmið og þá þjálfun sem stefnt er að í kennslu hverju sinni.

Dæmi um viðmiðanir um mat á tali

Ágætt

- góður framburður
- fjölbreyttur orðaforði
- ræður vel við samtalstækni með fylliorðum
- talar rétt mál
- talar óhikað

Gott

- framburður þægilegur áheyrnar og skilst vel
- ræður við orðaforða til að tjá sig um tiltekið efni eða til að bjarga sér við tiltekna aðstæður
- ræður yfir samtalstækni
- talar nokkuð rétt mál
- getur haldið samtali gangandi

Sæmilegt

- framburður oftast skiljanlegur þrátt fyrir áhersluvillur

- skortur á orðaforða og hik
- nokkur samtalstækni
- ræður ekki vel við talmál, málvillur talsverðar
- skortur á frumkvæði

Lélegt

- íslenskulegur framburður sem skilst illa
- fábrotinn orðaforði
- erfiðleikar við myndun heilla setninga
- ræður ekki vel við talmál, málvillur miklar
- samtalstækni ekki fyrir hendi

Þemavinna/þverfagleg vinna

Dæmi um matsþætti við mat á þemavinnu/þverfaglegri vinnu

- færni í tungumáli
- inntak texta
- sjálfstæð vinnubrögð
- frumkvæði og hugmyndaauðgi
- heildarmynd verksins
- frumkvæði hópsins
- samvinna
- frágangur og tímamörk haldin

Vægi þáttanna innbyrðis getur verið breytilegt eftir eðli verkefnis.

Ritun

Mati á ritun í þemavinnu/þverfaglegri vinnu má skipta í fjóra þætti, uppbyggingu, innihald, málnotkun og orðaforða. Markmið með verkefni ræður innbyrðis vægi þeirra. Hvern þátt má greina í smærri undirþætti og skilgreina hvaða geta eða færni liggur að baki hverjum þeirra. Mat á hraðritun eftir vinnu með ákveðinn efnisflokk getur beinst að orðaforða og hvort hann er notaður í eðlilegu samhengi. Einfalt er þá að telja orð og glósur sem nemandi notar og flokkast undir tilgreint þema.



ENSKA

Inngangur

Fyrir Íslendinga gegnir enskan lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum á sviði stjórn mála og viðskipta, æðri menntunar, ferðaþjónustu og tölvusamskipta svo aðeins fá dæmi séu nefnd.

Mikilvægustu viðskiptamarkaðir Íslendinga eru einkum í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og á Bretlandseyjum og í viðskiptum við Asíuþjóðir er enskan mjög mikilvæg.

Hlutfallslega flestir íslenskir námsmenn sem leita utan til náms stunda háskólanám í enskumælandi löndum. Það er þó ekki aðeins við nám erlendis sem góð enskukunnátta er nauðsynleg. Góð lestrarfærni í ensku er mikilvæg forsenda náms á háskólastigi á Íslandi því að smæð markaðarins veldur því að ekki er hagkvæmt að þýða og gefa út kennsluefni á íslensku. Fræðimenn sem koma vilja verkum sínum á framfæri á alþjóðavettvangi nota til þess ensku og er þeim því nauðsynlegt að hafa gott vald á málinu.

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein og þar eð hlutfallslega stærstur hluti erlendra ferðamanna á Íslandi kemur frá enskumælandi löndum, svo sem Bandaríkjunum, Bretlandi og Írlandi, er staðgóð enskukunnátta nauðsynleg öllum er starfa á þeim vettvangi.

Síðast en ekki síst má nefna tölvusamskipti og margmiðlunartækni ýmiss konar, sem lítið gagn er af ef enskukunnátta er ekki fyrir hendi. Bylting á sviði ljósvakafjölmiðlunar hefur og haft það í för með sér að Íslendingar hafa nú aðgang að alls kyns ótextuðu eða ótalsettu efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Af þessu má vera ljóst að enskukunnátta er mikilvæg hverjum einstaklingi í nútímasamfélagi og á öllum sviðum þjóðlífsins.

Nám og kennsla

Enskunám hefst nú fyrr en áður í grunnskóla og er enskan fyrsta erlenda málið sem íslenskir nemendur læra. Nemendur eru einnig vanir ensku úr nánasta málumhverfi sínu, svo sem sjónvarpi, dægurlagatónlist og tölvum. Það er því eðlilegt að gera ráð fyrir að nemendur framtíðarinnar verði betur að sér á ýmsum færnisviðum en áður hefur þekkt við upphaf framhaldsskólanáms.

Við skipulagningu og framkvæmd enskunáms er nauðsynlegt að taka mið af færniþáttunum fjórum (lestri, hlustun, tali og ritun) og samspili þeirra við að byggja upp tjáskiptahæfni nemandans. Mikilvægt er að nemendur venjist því frá upphafi að samskipti í kennslustundum fari að mestu leyti fram á ensku og einvörðungu á ensku á efri stigum. Kynni af menningu, siðum og þjóðfélagsháttum í enskumælandi löndum eru einnig lykilatriði við að hjálpa nemendum að ná þeim tókum á málinu að það nýtist þeim í námi og starfi.

Málanám er afar einstaklingsbundið ferli og eru framfarir háðar virkni nemandans og þátttöku í eigin námi. Það er því mikilvægt að viðfangsefni séu við hæfi og löguð að getu nemandans hverju sinni og gefi honum tækifæri til að nota málið við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Einnig er mikilvægt að nemandinn kynnist eins fjölbreyttum kennsluaðferðum og kostur er og venjist því að líta á tölvur og kennsluforrit, hljómbönd, myndbönd og margmiðlunarefni sem sjálfsgöð tæki í málanáminu. Slíkt gæti einnig orðið hvatning til sjálfsnáms eða sjálfstýrðs náms síðar meir.

Námsmat

Meta skal alla færniþætti í hlutfalli við vægi þeirra í kennslunni/náminu. Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir hvað verið er að meta hverju sinni, hvernig metið er og hvers vegna. Huga þarf að fjölbreytni við námsmat þannig að ekki sé alltaf verið að prófa nemendur með sama hætti. Hér á eftir eru settar fram nokkrar hugmyndir um mismunandi námsmat.

Munnlega færni (tal) má til dæmis meta með samtölum tveggja eða fleiri nemenda, paravinnu, frásögnum, viðtölum, verkefnum á hljóm- eða myndböndum, simtölum o.s.frv.

Ritunarverkefni geta verið með ýmsum hætti, svo sem stutt hagnýt verkefni (bréf, endursagnir), skýrslur, útdrættir, bókarýni (book reports), ritgerðir, hópverkefni (kynningarbæklingar, skólablöð). Matinu má beina að einstökum þáttum ritunar, t.d. orðaforða, málnotkun, setningaskipan, uppbyggingu og röksemdafærslu, stafsetningu, eða samspili allra þáttanna eftir því sem við á.

Við val á hlustunarefni og mat á hlustunarskilningi þarf að taka tillit til þess hversu stór þáttur enskunnar er í málumhverfi íslenskra barna og ungmenna og að þau skilja mun meira en jafnaldrar þeirra sunnar í Evrópu. Margvíslegt raunefni þar sem fólk talar með ólíkum málhreim og beitir málinu á mismunandi hátt eftir aðstæðum og innihaldi hentar því betur hér á landi en efni sem er sérútbúið fyrir erlenda námsmenn.

Lesskilning, orðaforða og málnotkun er einnig hægt að meta með ýmsum hætti og verður nánar vikið að dæmum um slíkt mat í köflunum hér á eftir.

Símat er mikilvægt í tengslum við tungumálanám. Slíkar matsaðferðir gera kennsluna markvissari og faglegri og auðvelda nemendum að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er með því að fá reglulega endurgjöf og leiðbeiningar frá kennaranum.

Erlend viðmið

Stór hluti þeirra kennslubóka sem notaðar eru til enskunnáms hérlandis miðar að því að búa nemendur undir alþjóðlega viðurkennd próf, einkum og sér í lagi Cambridge-enskuprófin. Í ljósi aukinna erlendra samskipta er eðlilegt að taka mið af slíkum prófum við skipulagningu enskunáms og gætu eftirfarandi atriði verið hentug viðmið. Að loknu 6 eininga námi ætti nemandi að geta staðist prófið *First Certificate in English*; að loknum 12 einingum ætti hann að geta lokið prófinu *Certificate in Advanced English* og að loknu 18 eininga námi má miða við kröfur prófsins *Certificate of Proficiency in English*. Greinargóðar upplýsingar um þessi próf og þau atriði sem þar eru lögð til grundvallar má auðveldlega nálgast á Netinu með því að leita undir *Cambridge Examinations*.

Lokamarkmið eftir 9 einingar

Að loknu 9 eininga enskunámi er miðað við að nemandinn hafi öðlast staðgóða þekkingu og færni í tali, ritun og skilningi á rituðu og töluðu máli sem nýtist honum í daglegu lífi, starfi og til áframhaldandi náms. Einnig er miðað við að nemandinn sjálfur geri sér góða grein fyrir mikilvægi enskukunnáttu í nútímasamfélagi og að færni nemandans sé nægileg undirstaða fyrir frekari sérhæfingu í ensku eða til sjálfsnáms síðar á lífsleiðinni.

Nemandi

- geti skilið lestexta af ýmsum gerðum, svo sem létta fræðitexta um viðfangsefni í málvísindum, félagsvísindum og náttúruvísindum, bókmenntatexta, texta í heimildaritum, dagblöðum og timaritum
- geti beitt fyrir sig mismunandi lestrarlagi, þ.e. nákvæmnislestri, yfirlitslestri og leitarlestri og viti hvenær hver aðferð er viðeigandi
- geti tjáð sig skriflega með markvissri notkun orðaforða og á nokkuð lipru máli
- geti sýnt í verki aukið vald á ritmáli, þ.e. hafi fjölbreyttari orðaforða, orðatiltæki og orðasambönd á takteinum
- geti skrifað texta með mismunandi markhóp/viðtakanda í huga
- geti skilið talað mál eins og það er notað við raunverulegar aðstæður - til dæmis í samræðum manna á milli, fréttum, fræðsluþáttum og afþreyingarefni - og skilið þegar talað er með mismunandi raddhrein
- geti talað óhikað og gert sig skiljanlegan við sem fjölbreyttastar aðstæður í daglegu lífi og tekið þátt í og haldið uppi samræðum
- geti skýrt munnlega frá eða gert grein fyrir því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt

Nemandi

- geti leiðrétt sig og umorðað
- geti beitt algengustu hik- og fylliorðum
- geti beitt málnotkunarreglum almennt og nýtt sér hjálpargögn þegar þekkingu þrýtur
- hafi almenna yfirsýn yfir og tilfinningu fyrir menningu og mannlífi í enskumælandi löndum og átti sig á félagslegu hlutverki tungmálsins
- geri sér grein fyrir gildi ensku sem alþjóðamáls og mikilvægi enskukunnáttu til frekara náms
- þekki mun á bandarískri og breskri ensku, sérstaklega með tilliti til stafsetningar og algengustu orða og geri greinarmun á málnotkun
- geti unnið sjálfstætt að þekkingaröflun (nýtt sér heimildir, uppflettibækur, fagbækur, margmiðlunartækni) og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi og framförum
- átti sig á þeirri staðreynd að kunnátta í erlendum málum getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi milli manna og er mikilvæg forsenda farsælla samskipta og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni

Athugasemd um málfræði

Ætla má að eftir 9 eininga nám sé formlegri málfræðikennslu lokið sem slíkri. Æfingar eftir það miðast meira við að styrkja og bæta við það sem fyrir er og tengjast þá frekar orðaforða og málnotkun.

Áfangar

ENS 103 Málfræði og orðaforði

Áfangalýsing

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti notað orðabækur sér til gagns og ekki einvörðungu til að komast að merkingu orða heldur einnig notkun þeirra, orðflokki og framburði
- ráði við mismunandi lestrarlag eftir aðstæðum
- geti lesið margvíslega texta, t.d. óstytta bókmennta-texta ætlaða enskumælandi fólki, aðgengilega fræðitexta af ýmsum sviðum, t.d. í upplýsingaritum, og almennt efni í blöðum, tímaritum og á Netinu

Hlustun

- geti hlustað á marvíslegt efni sem ekki er endilega ætlað til enskukennslu (raunefni), dregið út upplýsingar og tileinkað sér ný orð

Tal

- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku, t.d. innan kennslustofunnar við skólafélaga og kennara sem og við enskumælandi fólk eftir því sem tækifæri gefst til

Nemandi

- geti sagt frá sjálfum sér og nánasta umhverfi, áhugamálum o.s.frv.
- geti talað um almenn efni og tjáð sig af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- geti notað grunnorðaforða, sem unnið hefur verið með í áfanganum, á eigin forsendum í nýju samhengi

Ritun

- kunni að nýta sér hjálpargögn við ritun, svo sem orðabækur og málnotkunarbækur
- geti skrifað misflóknar setningar og sett saman aðal- og aukasetningar
- geti skrifað skipulegan texta og skipt í efnisgreinar
- geti notað tengiorð og samtengingar
- geti hagað málnotkun með tilliti til markhóps/viðtakanda (þekki t.d. muninn á formlegu og óformlegu ritmáli)
- geti hagnýtt sér nýjan orðaforða á skapandi hátt

Málfræði

Dæmi um grundvallaratriði enskrar málfræði til upprifjunar og áherslu í ENS 103

- ákveðinn og óákveðinn greinir
- eignarfall nafnorða
- óreglulegar sagnir
- algengustu tíðir sagna
- skilyrðissetningar
- samband frumlags og umsagnar
- sambandssagnir
- fornöfn (sérstaklega tilvísunarfornöfn, eignarfornöfn, og afturbeygð fornöfn)
- forskeyti og viðskeyti og myndun nýrra orða af ólíkum orðflokkum
- forsetningar
- stigbreyting lýsingarorða
- notkun orðabókar sem hjálpartækis við málnotkun

Námsmat

Við námsmat skal ávallt taka mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og skulu kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Ritun

Símat er mikilvægt í þessum þætti. Nemendur vinna stutt ritunarverkefni af ýmsu tagi í tengslum við þann orðaforða og þá efnisþætti sem um er fjallað hverju sinni, t.d. póstkort, tölvupóst, formleg/óformleg bréf, stuttar frásagnir, lýsingar, endursagnir o.s.frv. Mikilvægt er að endurgjöf og ábendingar berist nemandanum skjótt og séu uppbyggilegar. Áherslu skal leggja á skapandi notkun þess orðaforða sem ætlast er til að nemendur hafi tileinkað sér.

Málfræði/orðaforði/málnotkun

Hægt að prófa með ýmsum hætti. Stefnt skal að því að hafa prófverkefni eins fjölbreytileg og hægt er, t.d. eyðufyllingar með vali (multiple choice cloze), beinar eyðufyllingar (open cloze), myndun nýrra orða með forskeytum/viðskeytum, leiðréttingar málfars/stafsetningar, umorðun/endurritun setninga án þess að merking raskist o.s.frv. Æskilegt er að prófin reyni sem mest á skapandi málnotkun nemandans.

Lestur

Formleg prófun eða könnun á lesskilningi. Ólesnir textar valdir með tilliti til þess orðaforða og þeirra efnisþátta sem fjallað hefur verið um í áfanganum. Dæmi um prófverkefni: krossapróf, eyðufyllingar, svör við spurningum úr texta, endurröðun efnisgreina sem hefur verið ruglað, að bæta inn setningum/orðum sem hafa verið fjarlægð úr texta o.s.frv.

Hlustun

Mikilvægt er að gera hlustunarpróf þannig úr garði að þau mæli sem best hlustunarskilning en ekki stafsetningu eða málfræði. Dæmi um prófverkefni: hlusta eftir tilteknum efnisatriðum (t.d. gera lista), hlusta í ákveðnum tilgangi, fylla inn upplýsingar eftir upplestri (orð eða orðasambönd), svara skilningsspurningum, merkja inn á kort.

Tal

Metið er skipulag/framsetning, orðaforði, framburður, flæði (fluency), tjáskiptahæfni. Dæmi um prófverkefni: samtal tveggja nemenda, t.d. samvinna við lausn þrauta (problem solving), spjall um bækur eða kvikmyndir, spurningar og svör; frásögn einstaklings um áhugamál, lýsing á mynd/myndasögu.

ENS 203 Lestur, hlustun, orðaforði

Undanfari: ENS 103

Áfangalýsing

Gerðar eru meiri kröfur til sjálfstæðra vinnubragða en í ENS 103. Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti lesið þyngri texta en í ENS 103, t.d. fræðitexta, bókmenntatexta með tiltölulega flóknum söguþræði, texta í dagblöðum og tímaritum eða alls kyns upplýsinga- og heimildaritum og á Netinu
- geti beitt mismunandi lestraraðferðum, þ.e. nákvæmnislestri, yfirlitslestri, hraðlestri og leitarlestri og viti hvenær hvað er viðeigandi
- sé fær um að notfæra sér mismunandi hjálpargögn við lestur eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum

Hlustun

- geti skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni/myndefni/margmiðlunarefni/úrvarpsefni (t.d. fréttir) þar sem talað er með mismunandi hreim og tónlistartexta, t.d. dægurlagatexta
- geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir og tengist þeim efnisflokkum sem fjallað er um

Tal

Nemandi

- geti sagt það sem hann þarf að segja við algengustu aðstæður í daglegu lífi, t.d. á ferðalögum erlendis, í síma, í samskiptum við útlendinga heima fyrir, innan skólafunnar, í óformlegum samræðum
- geti talað með eðlilegum hraða
- geti gefið til kynna virka hlustun með viðeigandi smáorðum eða upphrópunum og geti notað hikorð
- geti notað nýjan orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi til að tjá eigin hugsun, skoðanir o.s.frv.

Ritun

- geti tjáð sig skriflega á skipulegan hátt og í nokkuð löngu máli (40-60 línur eða lengra)
- hafi náð tökum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð (upphafi, miðju, endi, röksemdafærslu, skiptingu í efnisgreinar)
- sýni skapandi notkun þess orðaforða sem unnið hefur verið með og á viðeigandi hátt eftir aðstæðum
- geri sér grein fyrir mikilvægi hjálpargagna við ritun, svo sem orðabóka

Málfræði

Dæmi um grundvallaratriði enskrar málfræði til upprifjunar og áherslu í ENS 203

- þolmynd og germynd
- notkun sagnarnafnorða og/eða nafnháttar með ákveðnum sögnum
- flóknari tíðir sagna
- sambandssagnir
- forsetningar
- orðflokkar og myndun orða
- röð lýsingarorða
- endaspurningar (question tags)
- bein og óbein ræða
- háttarmyndandi sagnir (modal verbs)
- tilvísunarsetningar og skilyrðissetningar (framhald)

Námsmat

Við námsmat skal ávallt taka mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og skulu kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Lestur

Formleg prófun eða könnun á lesskilningi, svo sem krossa-próf, eyðufyllingar, spurningar út texta. Óformleg könnun á lesskilningi, svo sem þegar nemendur gera útdrátt úr texta, semja spurningar, búa til orðagátur eða annars konar verkefni.

Hlustun

Hlusta í ákveðnum tilgangi og eftir tilteknum efnisatriðum. Svára skilningsspurningum, fylla í eyður (orð eða orðasambönd). Gera grein fyrir því sem hlustað hefur verið á í stuttu máli (t.d. endursögn, útdráttur - munnlegt eða skriflegt).

Tal

Samtal tveggja (ef til vill upptaka) um tiltekið efni við vissar aðstæður (8-10 mínútur) sem undirbúnar hafa verið í kennslunni. Þá er metið m.a. lengd samtals, innihald, flæði, orðaforði, framburður, upphaf og endir.

Ritun

Meta innihald og form ritgerða, orðanotkun og setningaskipan, stafsetningu og málfræði. Meta skapandi notkun málsins, viðeigandi málnotkun eftir innihaldi og aðstæðum (register). Gefa ábendingar um villur og gefa nemendum tækifæri á að leiðrétta eftir leiðréttingarlykli.

ENS 303 Flóknir textar, bókmenntir

Undanfari: ENS 203

Áfangalýsing

Áhersla á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður og geti áttað sig á dýpri merkingu þeirra (geti „lesið á milli línanna“). Lesin eru bókmenntaverk og túlkuð út frá víðara samhengi en áður með tilliti til sögu og bókmenntalegra skírskotana. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og geti rökstutt skoðanir sínar. Nemendur fá þjálfun í að vinna að viðameiri verkefnum þar sem efnis er leitað á bókasöfnum, á Netinu og í margmiðlunarefni. Markviss kynning á menningu ensku-mælandi landa. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti lesið fjölbreytta bókmenntatexta og beitt grunnhugtökum í bókmenntafræðilegri greiningu þeirra
- geti lesið á milli línanna og áttað sig á dýpri merkingu orða þegar fjallað er um efni sem hann hefur kynnt sér

Hlustun

- geti hlustað á og skilið ensku sem töluð er við ólíkar aðstæður og með mismunandi hreim (t.d. í kvikmyndum, sjónvarpi, útvarpi) og áttað sig á blæbrigðum málsins (hvort talað er í hæðnistón, af einlægni, af alvöru, í gríni o.s.frv.)
- geti brugðist við töluðu máli á ólíkan hátt, t.d. með endursögn (munnlegri, skriflegri), svörum, útdrætti o.s.frv.
- geri sér grein fyrir því að ekki er alltaf þörf að skilja allt sem sagt er og að hægt sé að geta í eyðurnar

Tal

- geti haldið stutt erindi um sérhæft efni með viðeigandi orðaforða og eðlilegum hraða og hrynjandi – blaðalaust en ef til vill með aðstoð punkta eða stikkorða
- geti umorðað, útskýrt og leiðrétt sig ef orðaforða þrýtur eða misskilningur á sér stað
- geti brugðist við óvæntum aðstæðum, t.d. spurningum

Ritun

- geti tjáð sig skriflega í ritunarverkefnum þar sem reynir á ímyndunarafl og skapandi notkun málsins
- geti beitt meginreglum enskrar málfræði, setningafræði og stafsetningu í rituðu máli
- geti sett fram mál sitt á sjálfstæðan, skipulegan, rök-rænan og hnitmiðaðan hátt
- geti skrifað bréf – t.d. fyrirspurnir, umsóknir o.s.frv.
- geti skrifað ritgerðir þar sem tillit er tekið til uppbyggingar, röksemdafærslu og notkunar heimilda

Málfræði

Markmiðið er að við lok áfangans kunnir nemandinn skil á og geti beitt öllum helstu reglum í enskri málfræði í samræmi við og í framhaldi af því sem unnið hefur verið með í ENS 103 og ENS 203. Gera má ráð fyrir því að á þessu stigi sé um að ræða frekari æfingu og dýpkun skilnings á einstökum málfræðiatríðum heldur en algerlega nýja þætti.

Um er að ræða

- tíðir sagna – flóknari notkun (framhald)
- háttarmyndandi sagnir (modal verbs)
- sambandssagnir (phrasal and prepositional verbs)
- tilvísunarsetningar
- skilyrðissetningar
- bein og óbein ræða
- samhengi í ritmáli (cohesion)
- ritun flóknari setninga
- samtengingar og tengiorð (transition words)

Námsmat

Við námsmat skal ávallt taka mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og skulu kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Lestur

Matsaðferðir geta verið svipaðar í öllum grunnáföngum en gæta verður þess að þyngd textanna sé í samræmi við getu nemenda og þær námskröfur sem gerðar eru.

Dæmi um mat gæti verið formleg prófun eða könnun á lesskilningi, svo sem krossapróf, eyðufyllingar, spurningar úr texta. Óformleg könnun á lesskilningi, svo sem þegar nemendur gera útdrátt úr texta, semja spurningar, búa til orðagátur eða annars konar verkefni.

Hlustun

Tekin niður helstu efnisatriði úr stuttum fyrirlestri.

Tal

Metið með formlegu munnlegu prófi og/eða símati, t.d. við flutning erinda í kennslustund, frásögn um bók eða kvikmynd o.s.frv.

Meta skal framsetningu, skipulag, orðaforða, framburð, ítónun, áherslu, flæði og tjáskiptahæfni.

Ritun

Mat á ritun getur beinst að einstökum þáttum ritunar, t.d. tileinkun orðaforða, hæfni í stafsetningu, málfræði og setningafræði; innihaldi og formi í ritgerðum; skapandi málnotkun; rökstuðningi og eigin áliti.

Mat ætti eftir föngum að gefa nemandanum ábendingar um villur og tækifæri til að bæta það sem ábótavant er.

Lokamat: samspil innihalds og málnotkunar eftir eðli verksins.

ENS 403 Fagorðaforði, öflun upplýsinga

Undanfari: ENS 303

Þar sem nemendafjöldi er nægur væri æskilegt að skipta hópum eftir mála- og félagsfræðabraut svo að kennslan verði markvissari og betur sniðin að þörfum nemendanna.

Félagsfræðabraut

Áfangalýsing

Áhersla lögð á fjölbreytilega texta, t.d. greinar úr fagbókum og -tímaritum og rannsóknarskýrslur. Lesin eru bókmenntaverk sem fjalla um félagsleg málefni. Sérstök áhersla á fagorðaforða og kynningu á skýrslugerð í félagsvísindum. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti, geti rökstutt skoðanir sínar og til-einkað sér fagorðaforða. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga á bókasöfnum, Neti og í margmiðlunarefni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ráði yfir fagorðaforða og grunnhugtökum á sviði félagsvísinda
- hafi kynnst uppbyggingu og gerð rannsóknarskýrslna
- hafi fengið þjálfun í glósutækni
- geti hlustað á og skilið raunefni, t.d kvikmyndir, fyrirlestra og ýmiss konar fræðsluefni
- geti tjáð sig munnlega og rökrætt um sérhæft efni
- geti útskýrt og umorðað og notað fagorðaforða
- sé fær um að vinna að hópverkefnum

Leiðir

Nemandi

- lesi faggreinar úr tímaritum og dagblöðum auk þess að horfa á myndbönd og hlusta á fyrirlestra
- skrifi útdrætti, greinargerðir, ritgerðir, geri kannanir og skýrslur

- hlusti á raunefni og dragi fram helstu atriði og hugtök
- taki þátt í umræðum og flytji undirbúið erindi

Málabraut

Áfangalýsing

Áhersla lögð á aukna fjölbreytni í lestrarefni, t.d. bókmenntaverk, tímarit og dagblöð. Áhersla á aukna færni í bókmenntafræðilegri greiningu. Sérstök áhersla á skipulega framsetningu hugmynda í rituðu og töluðu máli. Kynning á menningu enskumælandi landa. Aukin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga á bókasöfnum, Netinu og í margmiðlunarefni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- auki almennan orðaforða sinn og þekkingu á orðaforða og hugtökum bókmenntafræði
- geti lesið og skilið fjölbreytilegt lesefni
- auki færni sína við túlkun bókmenntaverka
- geti tjáð sig á skipulegan, rökrænan og samfelldan hátt í rituðu og töluðu máli
- geti hlustað á og skilið raunefni, t.d. fréttapætti og ýmiss konar fræðsluefni
- öðlist dýpri skilning á uppbyggingu málsins
- kynnist menningu enskumælandi landa
- hafi fengið þjálfun í glósutækni

Leiðir

Nemandi

- lesi fjölbreytilegt efni, t.d. bókmenntaverk, ýmiss konar dagblaðs- og tímaritsgreinar, sem m.a. gefa innsýn í menningarheim enskumælandi landa
- skrifi ýmsa texta í mismunandi tilgangi, svo sem útdrætti, stuttar greinar, bréf, gagnrýni og ritgerðir
- taki þátt í ýmiss konar umræðum og flytji undirbúið efni
- hlusti á raunefni sem krefst aukins málskilnings, t.d. fréttapætti og fræðsluefni og dragi fram helstu atriði

ENS 503 Ritun, ólík afbrigði ensku

Undanfari: ENS 403

Áfangalýsing

Áfram skal byggja á því sem gert hefur verið í fyrri áföngum. Sérstök áhersla er lögð á ritun. Auk þess verður unnið með ensku sem alþjóðamál og algengustu afbrigði málsins eftir búsetu, menntun og stétt. Lestextar, hlustunar- og myndbandsefni ættu að endurspeгла með sem bestum hætti menningu og mannlíf ólíkra málsvæða og sýna fjölbreytileika hinnar ensku tungu. Hér má t.d. hugsa sér smásögur, blaðagreinar, ljóð, tónlist, kvikmyndir o.fl. frá ýmsum enskumælandi löndum. Mikilvægt er að tryggja virkni nemandans í kennslustundum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi á valdi sínu helstu málfræði- og stafsetningarreglur og geti skrifað svo til hnökralausan texta
- hafi kynnst ferlisritun og nýti sér aðferðir hennar við eigin vinnu
- geti beitt ritmáli í mismunandi tilgangi og með mismunandi stílbrigðum
- geti unnið sjálfstæða heimildaritgerð, þ.e. leitað heimilda, sett upp heimildaskrá, notað tilvitnanir og gert grein fyrir þeim og unnið úr upplýsingum
- þekki mismunandi framburð enskunnar eftir heims hlutum
- geri sér grein fyrir á hvern hátt búseta, menntun og stétt hefur áhrif á málnotkun

Leiðir

Nemandi

- skrifi fjölbreytt ritunarverkefni, t.d. í tengslum við efnisþætti áfangans
- geri a.m.k. eitt stórt heimildaverkefni þar sem kostur er gefinn á leiðréttingu og endurbótum
- fái nægileg tækifæri til að hlusta á ólík málafríðgi og sé hvattur til að nýta sér þá möguleika sem gefast til að hlusta á mismunandi ensku utan skólastofunnar, t.d. í tónlist, kvikmyndum og sjónvarpi

ENS 603 Bókmenntasaga, markviss málnotkun

Undanfari: ENS 503

Áfangalýsing

Mikilvægt er að vinna áfram með þá færni sem nemendur hafa tileinkað sér í fyrri áföngum og leggja áherslu á alla færniþætti í náminu. Áfram er unnið að því að gera málnotkun nemenda markvissari og fágaðri. Í þessum áfanga mætti leggja áherslu á enska málsögu og uppbyggingu og þróun málsins. Auk þess ágríp af enskri bókmenntasögu með það fyrir augum að nemendur geti tekist á við lestur texta frá ólíkum tímabilum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi yfirsýn yfir helstu atriði í þróun enskrar tungu og áhrif frá öðrum tungumálum
- geti þekkt dæmigerða texta frá helstu tímabilum málsögunnar
- hafi kynnst merkustu tímabilum enskrar bókmenntasögu og lesið sýnishorn úr verkum helstu höfunda þeirra

Leiðir

Nemandi

- lesi með aðstoð kennara texta frá ólíkum tímabilum þar sem athygli er einkum beint að orðaforða og hvernig hann hefur breyst, tökuorðum, stafsetningu, framburði og uppbyggingu setninga
- lesi ýmiss konar bókmenntatexta (eins og til dæmis þá sem er að finna í sýnisbókinni *Past Into Present* eftir Roger Gower) og vinni verkefni í tengslum við þá, svo sem hlustunarverkefni, ritgerðir, túlkanir og fyrirlestra

ENS 703 Sérhæfð verkefni

Undanfari: ENS 603

Áfangalýsing

Í þessum áfanga mætti leggja áherslu á þemavinnu af ýmsu tagi og/eða sérhæfð verkefni þar sem gerðar eru auknar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð nemandans. Hér er svigrúm til að nýta sérhæfingu eða áhugasvið kennarans og fara að óskum nemenda. Sem dæmi má nefna skapandi skrif, bækur og kvikmyndir, bókmenntatímabil, verk eftir ákveðna höfunda, daglegt mál, útgáfu tímarits, gerð myndbanda, tónlist, þýðingar, fagmál o.fl.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti gert grein fyrir viðfangsefnum sínum á lipurri og hnökralausri ensku
- geti kafað dýpra ofan í viðkomandi viðfangsefni og leitað fanga víðar en áður
- sýni meira sjálfstæði í vinnubrögðum og geti dregið eigin ályktanir

Leiðir

Nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni í tengslum við þau þemu sem tekin eru fyrir, t.d. fyrirlestra, kynningar, ritgerðir, samtöl, hópverkefni, myndbandsverkefni og handritsgerð

ENS 803 Munnleg og skrifleg tjáning

Undanfari: ENS 703

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á lestur mjög krefjandi texta, t.d. frá ólíkum tímabilum eða stefnum. Líkt og í ENS 703 hentar þessi áfangi vel til þemavinnu. Gerðar eru miklar kröfur um færni í munnlegri og skriflegri tjáningu. Lögð er áhersla á að nemendur æfist í að túlka upplýsingar, draga ályktanir, gera grein fyrir máli sínu og rökstyðja skoðanir sínar. Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti gert grein fyrir viðfangsefnum sínum á lipurri og hnökralausri ensku
- geti kafað dýpra ofan í viðkomandi viðfangsefni og leitað fanga víðar en áður
- sýni meira sjálfstæði í vinnubrögðum og geti dregið eigin ályktanir
- hafi öðlast næga færni á öllum sviðum til að takast á við nám á háskólastigi, hvort sem er hér heima eða erlendis

Leiðir

Nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni í tengslum við þau þemu sem tekin eru fyrir og þar sem reynir á alla færniþættina fjóra



DANSKA

Inngangur

Danska hefur um langt árabíl verið fyrsta erlenda tungumálið í íslenskum grunnskólum. Þó svo að enskan skipi nú þann sess að vera fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur læra standa enn öll rök óhöggðu fyrir því að íslensk ungmenni læri norrænt mál. Eftir að samskipti Íslendinga við útlönd urðu fjölbreyttari varð þörf fyrir meiri tungumálakunnáttu enda Íslendingar lítil þjóð og því fáir sem tala íslensku.

Dönskukunnátta er lykill að Norðurlöndum fyrir Íslendinga. Þeir sem lært hafa dönsku eiga tiltölulega auðvelt með að tileinka sér norsku eða sænsku. Saga landanna var samofin í nokkrar aldir og því eiga Íslendingar menningararf sinn að hluta til með Dönum.

Norræn samvinna er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Íslendingar taka mikinn þátt í samstarfi Norðurlanda á sviði stjórn mála, menningarmála, umhverfismála, félagsmála, menntamála o.s.frv. Hið formlega norræna samstarf fer fram í gegnum Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina en eftir inngöngu Svía og Finna í Evrópusambandið hefur norrænt samstarf stóreflst. Vestnorrænu samskiptin milli Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga hafa aukist og þar er danska samskiptamál.

Margir fræði- og embættismenn nota dönsku í formlegu norrænu samstarfi. Sveitarstjórnarmenn eiga mikil samskipti og fjölmörg íslensk sveitarfélög eiga vinabæi annars staðar á Norðurlöndum. Einnig eiga félagasamtök í formlegu og óformlegu samstarfi, t.d. íþróttafélög.

Á hverju ári flytjast fjölmargir Íslendingar til annarra norræna landa. Að hluta til er þetta námsfólk en langstærstur hlutinn fer í atvinnuleit eða á vit ævintýrana. Íslenskir unglingar sækja í sumarstörf annars staðar á Norðurlöndum í auknum mæli. Kunnátta í tungumálinu og þekking á þjóðfélagsgerð Norðurlanda er lykillinn að því að þetta fólk ákveður að dvelja í öðrum norrænum löndum.

Góð tungumálakunnátta getur ráðið úrslitum þegar velja skal milli jafnhæfra umsækjenda í stöður. Á Norðurlöndum búa u.þ.b. 22 milljónir manna og eru löndin því nokkuð stórt markaðssvæði. Það er viðurkennd staðreynd að mun betra er að ná til viðskiptavina eða samstarfsmanna á þeirra eigin tungumáli. Íslendingar byggja afkomu sína á útflutningi og því er verslun og viðskipti undirstaða atvinnulífsins. Til þess að vinna nýja markaði er nauðsynlegt að þekkja siði og venjur viðkomandi lands en slík þekking er hluti af góðri tungumálakunnáttu.

Á undanförunum árum hefur verið mikil gróska í ferðaþjónustu á Íslandi, m.a. í tengslum við ráðstefnuhald. Í ferðaþjónustu hefur skapast víðtæk þörf fyrir aukna tungumálakunnáttu. Um það bil fjórði hver ferðamaður sem heimsækir Ísland er Norðurlandabúi. Eðlilegt má telja að svo stórum hópi sé sinnt á norrænu máli.

Nám og kennsla

Í byrjendakennslu grunnskóla er haft að leiðarljósi að nemendur fjalli fyrst um þá þætti sem standa þeim næst, þ.e. sjálfa sig, nánasta umhverfi og reynsluheim sinn. Ár frá ári er efnið og sjónarsviðið vikkað út og fært frá nemendum sjálfum og fjallað um ýmis efni á sífellt óhlutlægari hátt. Með þessu móti er reynt að binda ákveðinn orðaforða inn í námið, setja hverjum efnisflokki þau mörk sem hæfa hverju aldurs- eða námsstigi og jafnframt byggja upp stigandi í viðfangsefnum.

Til að tryggja að allir nemendur hafi sömu viðmið varðandi tileinkun orðaforða og þjálfun færniþátta varð að ráði að til-taka ákveðna efnisflokka fyrir hvern áfanga í framhalds-skóla, svo og nokkuð nákvæm þrepamarkmið fyrir færni-þættina. Að auki má nefna að innan þessara efnisflokka rúmast talsverð menningarmiðlun. Rétt er að benda á að kennarar hafa talsvert svigrúm innan þessara efnisflokka, bæði hvað varðar umfang, dýpt, vinnubrögð, sjónarhorn o.s.frv.

Þess ber að geta að stígandi er í uppröðun markmiða í færniþáttum innan hvers áfanga og einnig er stígandi í viðfangsefnum milli áfanga.

Mikil áhersla er lögð á hvers konar þemavinnu („projektvinnu“) þar sem nemendur vinna saman að ákveðnum viðfangsefnum. Er það gert út frá því sjónarmiði að samskipti eru einn mikilvægasti þátturinn í virku tungumálanámi og samskipti kennara við hvern einstakan nemanda í kennslustund skapa mjög litla virkni hjá nemendum. Með því að nemendur vinni saman eru margir virkir í senn og leggja saman í verkefni mismunandi færni og bakgrunnsþekkingu.

Dæmi um þemaverkefni – íþróttir

Orðaforði

Heiti allra almennra íþróttageina.

Áhöld og tæki til iðkunar.

Fatnaður og persónulegur útbúnaður.

Mannvirki og útbúnaður.

Þjálfun, hreyfingar og beiting líkama.

Keppni, mót, reglur.

Sigurvegari, verðlaun.

Kostir, gallar.

Kostnaður.

Álag – líkamlegt/andlegt.

Hlustun

Nemandi

- greini heiti íþróttagreina
- þekki lýsingu á grein
- geti krossað við útbúnað á mynd
- heyri hvar og hvenær eitthvað gerist
- skilji hverju er verið að lýsa og hvernig úrslit ráðast
- geti krossað við atriði sem nefnd eru í samtali um iðkun

Tal

- geti nefnt ýmsar greinar
- geti lýst hvernig búnaður er nauðsynlegur
- geti spurt og notað orð sem tengjast hreyfingu og búnaði
- geti fjallað nokkuð ítarlega um grein sem hann þekkir af eigin raun
- geti spurt „sérfræðing“ út úr um eðli og sérstöðu ákveðinnar greinar
- geti talað við annan/aðra um kappleik eða eðli íþróttagreinar

Málnotkun/ritun

- hafi á takteinum heiti yfir allt sem nefnt er í orðaforðaþættinum og geta notað í réttum beygingarmyndum
- geti beitt viðeigandi sögnum í réttum tímum
- geti notað lýsingarorð, sem tengjast þessu efni, í réttum myndum
- geti fjallað í 200 orðum um algenga íþróttagrein með aðstoð lykilorða
- geti skrifað 300 orð um gildi íþróttá út frá lykilorðum

Dæmi um samspil færniþátta

Mikilvægt er að vinna með alla færniþættina í dönsku-kennslunni hvern í tengslum við annan þannig að kennslan endurspegli eðlilega notkun málsins. Þá ber að leggja áherslu á að kennslan einkennist ekki um of af einhliða færniþjálfun heldur miði að því að gefa nemendum tækifæri til að nota málið sem tæki til lifandi tjáskipta. Benda má í þessu sambandi á samþættingu færniþátta í vinnu með þemu eða stærri verkefni.

Lestur

Leit að efni: yfirlits- og leitarlestri beitt og efnið metið not-hæft/ónothæft.

Nothæft efni: lesið vel, merkt við orð, málsgreinar, klausur; flett í orðabókum eftir þörfum.

Fyrstu drög lesin, athugasemdir gerðar.

Endanleg útgáfa verkefnis lesin.

Hlustun

Leit að efni: fylgst með efni í ljósvakamiðlum og það metið. Hlustað á umfjöllun kennara eða annarra um tiltekið efni og glósur teknar.

Hlustað á efni af geisladiskum, tölvudiskum, heilir textar jafnvel skráðir niður.

Tal

Efnisöflun: kennarar og nemendur tala aðeins dönsku í kennslustundum.

Verkefnaskil: fyrirlestrar eða erindi flutt eða sett á svið, talað inn á hljómband eða myndband.

Ritun

Efnisöflun: lykilatriði úr lesefni skrifuð niður.

Samskipti á neti: bréf/fyrirspurnir skrifaðar.

Efnisatriði skráð eftir kennara eða öðrum.

Skráð orðrétt af bandi/diski.

Áætlun eða verklýsing samin.

Verkefnaskil: Samin drög/uppkast að ritgerð eða verkefni.

Orðtengslamynd með lykilorðum búin til sem grunnur að samfelldum texta.

Skýrsla, ritgerð, erindi, saga eða ljóð samið.

Dreifiblöð eða glærur útbúnar með lykilatriðum, t.d. vegna fyrirlesturs.

Lokamarkmið eftir 6 einingar

Nemandi

- noti málið sem tjáskiptatæki, bæði til þess að miðla og afla sér þekkingar og reynslu
- hafi vald á samtalsstækni í daglegum samskiptum
- geti tjáð sig munnlega um flest það sem hann hefur þekkingu á
- skilji allt venjulegt talað mál á ríkisdönsku
- sé fær um að beita mismunandi lestraraðferðum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, nákvæmnislestri og hraðlestri
- hafi skilning á og geti beitt helstu málnotkunarreglum
- geti tjáð sig skriflega á sjálfstæðan hátt um efni sem hann þekkir
- viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu
- hafi fengið innsýn í danska siði, venjur og samskiptahefðir í daglegu lífi
- geti unnið einn eða með öðrum að lausn heildstæðra verkefna þar sem reynir á alla þætti málnotkunar og alhliða færni í málinu, bæði til þess að afla nýrrar þekkingar og til að miðla henni á skýran og skipulegan hátt, einn eða í samvinnu við aðra
- geti nýtt sér hjálpargögn á markvissan hátt
- átti sig á notagildi dönskukunnáttunnar til að skilja sænsku og norsku
- geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanáminu og átti sig á mikilvægi eigin frumkvæðis og vinnu

Lokamarkmið eftir 9 einingar

Nemandi

- hafi nokkurt vald á öllum þáttum samtalstækni
- geti tjáð sig nokkuð óhikað og umorðað/útskýrt þegar á þarf að halda
- geti beitt algengustu hik- og fylliorðum
- geti endursagt texta almenns eðlis og talað út frá honum um skyld efni
- skilji allt venjulegt talað mál á ríkisdönsku
- geti beitt öllum lestraraðferðum eftir því sem við á
- geti beitt málnotkunarreglum almennt og nýtt sér hjálpargögn þegar þekkingu hans þrýtur
- geti tjáð sig skriflega með markvissri notkun orðaforða og á nokkuð lipru máli
- geti sýnt í verki aukið vald á ritmáli, þ.e. hafi fjölbreyttari orðaforða, orðatiltæki og orðasambönd á takteinum
- geti skrifað texta með mismunandi markhóp/viðtakanda í huga
- beri í auknum mæli ábyrgð á námi sínu og framförum
- hafi fengið innsýn í danskt þjóðfélag, náttúru og menningu
- geti unnið sjálfstætt að þekkingaröflun og miðlað öðrum

Lokamarkmið eftir 18 einingar

Nemandi

- geti beitt öllum þáttum samtaltækni og tjáð sig óhikað
- geti fyrirhafnarlitið tjáð sig um flest það sem hann hefur þekkingu á og innsýn í
- átti sig á hvernig málnotkun tekur mið af ólíkum aðstæðum
- geti nýtt sér þekkingu á dönsku þjóðfélagi, samskiptaháttum og menningu í samskiptum við Dani
- þekki vel til náttúru, menningar og þjóðfélagshátta landsins
- geti notað dönsku sér til gagns í öðrum greinum, t.d. við þekkingaröflun og við ritun heimildaritgerða
- skilji sér til gagns talaða sænsku og norsku

Áfangar

DAN 103 Skilningur, tjáning, menning I

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að skilja allt venjulegt talað og ritað mál almenns eðlis. Dönsk menning er kynnt og áhugi á henni vakinn. Áhersla er lögð á að orðaforði og lesskilningur nemenda verði aukinn, svo og að þeir geti tjáð sig af lipurð munnlega og skriflega. Nemendur eru þjálfaðir í framburði og rétttritun og læra að beita algengustu málfræðireglum. Nemendur fá þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit í námi sínu.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti hratt og örugglega áttað sig á megininntaki texta þótt hann skilji ekki hvert orð
- geti leitað eftir tilteknum upplýsingum, hvort heldur er í uppsláttarritum eða í rafrænum texta
- geti lesið og skilið inntak lengri texta, svo sem bókmenntatexta eða annarra texta sem í löngu máli fjalla um efni almenns eðlis
- geti lesið sér til gagns mismunandi gerðir texta sem tengjast efnisflokkum áfangans
- geti notað leitarvef til að afla upplýsinga á dönsku um afmörkuð efni
- geti lesið og skilið stutta texta sem tengjast efnisflokkunum og krefjast nákvæmnisskilnings
- hafi lesið 2 hraðlestrarbækur af venjulegri lengd

Hlustun

- geti greint fyrirhafnarlítið flest lykilorð úr efnisflokkunum
- skilji og geti nýtt sér hagnýtar upplýsingar sem heyrast við ákveðnar aðstæður, t.d. á járnbrautarstöð, á flugvelli, í banka, á matsölustað og öðrum stöðum sem tengjast daglegu lífi

Nemandi

- skilji einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar sem hann heyrir á símsvara
- skilji atburðarás í frásögnum sem tengjast orðaforða efnisflokka
- skilji samtal tveggja til þriggja
- skilji smáatriði í almennum lengri frásögnum (5-7 mín.) og samtölum

Tal

- hafi tilfinningu fyrir framburði allra hljóða, áherslum og hrynjandi málsins
- geti gefið til kynna virka hlustun með viðeigandi smáorðum eða upphrópunum
- geti látið aðra fá orðið
- geti tjáð sig með orðræðu þar sem eru bæði aðal- og aukasetningar
- geti tjáð sig um tilfinningar, þarfir, óskir og athafnir daglegs lífs af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- geti skipst á upplýsingum við aðra á dönsku
- geti unnið sjálfstætt eða í samvinnu við einn eða fleiri að gerð texta, t.d. samtalsþátta, frásagna, ferðalýsinga, kynninga og fréttapátta
- geti notað grunnorðaforða, sem unnið hefur verið með í efnisflokkunum, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti talað dönsku lipurlega og með nægilega góðum framburði, hrynjandi og áherslum til að vel skiljist

Ritun

- kunnir að nýta sér hjálpargögn við ritun, s.s. orðabækur og málnotkunarbækur
- geti virkjað orðaforða sinn á meðvitaðan hátt með því að skrifa um efni sem unnið er með, t.d. í tengslum við ákveðin þemu
- geti tekið þátt í óformlegum og hálfformlegum skriflegum samskiptum við Dani, t.d. tölvu- eða bréfasamskiptum, og fylgt reglum ritmáls eftir því sem við á
- geti skrifað viðstöðulaust u.þ.b. 30 línur á 10 mínútum um efni sem búið er að vinna með (sjá kafla um tölvunotkun)

Málfræði

- geti í flokki nafnorða beitt
 - hjóðvarpi
 - brottfalli
 - einföldun
 - tvöföldun
 - eignarfalli
- geti í flokki sagnorða beitt
 - hjálparsögnum
 - öllum kennimyndum allra algengustu sagna
- geti beitt óreglulegum endingum lýsingarorða

Efnisatriði

Störf fyrir unglunga með skólanum og í sumarfríinu, vinnuumhverfi, laun, fatnaður, vasapeningar, neysla unglunga, neysla fullorðinna, fjölskyldan, heimilið, vinir, skóli, samskipti á vinnustað, ferðalög í Danmörku og víðar á Norðurlöndum, „ferieaktiviteter“, skipulagning sumarleifyfis, gisting, fæði, útbúnaður, samgöngur (hvað er líkt/ólíkt á Íslandi annars vegar og Danmörku/annars staðar á Norðurlöndum hins vegar), að vísa til vegar, peningar, bankar, áhugamál, t.d. kvikmyndir, tónlist, tíska, tölvur, dulspeki, geimvísindi og tækni.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í hlutfalli við vægi þeirra í kennslunni/náminu. Nemendur eru gerðir ábyrgir fyrir mati að hluta til og þeim gerð grein fyrir hvað er verið að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Lestur (miðað við mismunandi lestraráðferðir)

Formleg prófun eða könnun á lesskilningi, s.s. krossapróf, eyðufyllingar, spurningar úr texta. Óformleg könnun á lesskilningi, s.s. þegar nemendur gera útdrátt úr texta eða semja spurningar.

Hlustun

Nemendur teikna, merkja við og skrifa eftir fyrirmælum eða upplestri. Nemendur gera útdrátt, taka niður pantanir og taka skilaboð. Lokamat er samsett úr nokkrum hlustunarprófum eða æfingum yfir önnina.

Tal

Miða má við að ná tilteknum hámarksárangri við lok áfanga, t.d. 7-8 mínútna samtal (ef til vill upptaka) tveggja um tiltekið efni eftir markvissan undirbúning. Þá er metin m.a. lengd samtals, innihald, flæði, orðaforði, framburður, upphaf og endir. Í kennslustundum má meta nýjan orðaforða sem nemandi hefur tekist að virkja bæði í samtali og frásögn.

Ritun

Mat á ritun getur beinst að einstökum þáttum ritunar. Samspil kennara og nemandi – endurgjöf: talin ný orð í texta nemandi (tileinkun orðaforða), talinn fjöldi lína eftir hraðritun í t.d. 10 mínútur, metið innihald og form ritgerða, gefnar ábendingar um villur og nemendur fá tækifæri til að leiðrétta eftir leiðréttingarlykli.

Lokamat: samspil innihalds og málnotkunar eftir eðli verkefnis.

DAN 203 Skilningur, tjáning, menning II

Undanfari: DAN 103

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritmáls- og talmálstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrogðum við ritun texta.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti beitt mismunandi lestraraðferðum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri
- geti skilið inntak texta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni, t.d. fréttir og fréttatengt efni í dagblöðum, blaða- og tímaritsgreinar og texta úr alfræðibókum
- geti lesið einfalda vísindatexta sem ætlaðir eru almenningi
- geti notfært sér mismunandi hjálpargögn við lestur eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum
- geti lesið lengri bókmenntatexta
- hafi lesið minnst tvær skáldsögur
- geti lesið stutta norska og sænska texta byggða á orðaforða sem hann hefur í dönsku

Hlustun

- skilji ríkisdönsku þegar talað er við hann skýrt og á eðlilegum hraða um þekkt efni, t.d. ýmis dægurmál eða reynslu í daglegu lífi
- skilji megininntak talaðs máls sem tengist myndefni, t.d. í fréttum, kvikmyndum, samtalspáttum og öðrum þáttum um þekkt efni
- geti hlustað eftir tilteknum upplýsingum í þekktum texta-gerðum, t.d. fréttum, veðurlýsingum og leiðbeiningum

Nemandi

- geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir vel og/eða hefur áhuga á, t.d. í fyrirlesturum, kvikmyndum, útvarpsþáttum eða sjónvarpi
- geti hlustað eftir og skilið smáatriði í efni sem tengist efnisflokkunum

Tal

- geti tjáð hugsun sína á dönsku skýrt og skilmerkilega við mismunandi aðstæður og með ólíkan tilgang í huga
- geti aflað sér upplýsinga símléiðis
- geti útskýrt og rökstutt mál sitt um efni sem fjallað hefur verið um
- geti tekið þátt í óformlegum samræðum og beitt algengum orðum og orðasamböndum sem einkenna óformlegt talmál
- hafi vald á hvatningar- og efasemdaorðum
- geti notað grunnorðaforða, sem unnið hefur verið með í efnisflokkunum, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti sagt það sem hann vill á þann hátt sem þjónar aðstæðum hverju sinni
- geti talað á eðlilegum hraða innan eðlilegra tímamarka
- geti brugðist við óvæntum aðstæðum og ólíkum viðmælendum á viðeigandi hátt

Ritun

- geti skrifað 40-50 línur viðstöðulaust um efni sem búið er að vinna með
- geti hagað orðum sínum og málfari í samræmi við efni textans hverju sinni
- kunnir skil á reglum um uppbyggingu texta
- hafi vald á nokkrum textagerðum, t.d. persónulegum bréfum, hálfformlegum bréfum, kvörtunum, umsókn-um, minnisatriðum, endursögnum og frásögnum
- kunnir að beita stilbrögðum, m.a. með því að nota blæbrigði í orðavali
- geti skrifað lengri texta (t.d. 500-600 orð) með réttri stafsetningu þar sem hann beitir ferlisritun og nýtir hjálpargögn

Málfræði

Nemandi

- geti beitt þolmynd sagna
- kunni að nota óákveðin fornöfn og ábendingarfornöfn
- kunni að nota algeng atviksorð
- kunni skil á forsetningum í algengum orðasamböndum
- kunni helstu samtengingar
- kunni skil á réttri orðaröð
- kunni að nota ákveðinn greini
- kunni að nota det/der

Efnisatriði

Möguleikar í atvinnulífi, atvinnuumsókn, Nordjobb, íþróttir, líkamsrækt, líkaminn, bílpróf, ökuskírteini, umferðarreglur, bílakaup og -sala, kostnaður við bíla/vélhjól, lögregla, tegundir afbrota, neyðarhjálp, rannsóknir sakamála, skólakerfi, lýðháskólar, möguleikar til menntunar; samanburður á Íslandi og Danmörku: landafræði, lýðfræði, siðir og venjur; mannleg samskipti, „hyggesnak“, listin að lifa, að ferðast um Evrópu, markverðir staðir, Interrail, hvíldarár (sabbatár), skiptinemar, au pair.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í hlutfalli við vægi þeirra í kennslunni/náminu. Nemendur eru gerðir ábyrgir fyrir mati að hluta til og þeim gerð grein fyrir hvað er verið að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Lestur (miðað við mismunandi lestraradferðir)

Formleg prófun eða könnun á lesskilningi, s.s. krossapróf, eyðufyllingar, spurningar úr texta.

Óformleg könnun á lesskilningi, s.s. þegar nemendur gera útdrátt úr texta og semja spurningar.

Hlustun

Nemendur teikna, merkja við, skrifa eftir fyrirætlunum eða upplestri, gera útdrátt, taka niður pantanir og taka skilaboð. Lokamat er samsett úr nokkrum hlustunarprófum eða æfingum yfir önnina.

Tal

Getur miðast við að ná tilteknum hámarksárangri við lok áfanga, s.s. hópverkefni, t.d. dagskrá (upptaka eða fréttáflutningur), þar sem hver nemandi leggur til u.þ.b. 5 mínútur af efni eftir markvissan undirbúning. Þá er metin m.a. lengd máls, innihald, flæði, orðaforði, framburður, upphaf og endir.

Í kennslustundum má meta nýjan orðaforða sem nemandi hefur tekist að virkja, bæði í samtali og frásögn.

Ritun

Mat á ritun getur beinst að einstökum þáttum ritunar.

Samspil kennara og nemandi – endurgjöf: talin ný orð í texta nemandi (tileinkun orðaforða), talin fjöldi lína eftir hraðritun í t.d. 10 mínútur, metið innihald og form ritgerða, gefnar ábendingar um villur og nemendur fá tækifæri til að leiðrétta eftir leiðréttingarlykli.

Lokamat: samspil innihalds og málnotkunar eftir eðli verkefnis.

DAN 303 skilningur, tjáning, sérhæfing

Undanfari: DAN 203

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður og geti áttað sig á dýpri merkingu þeirra. Nemendur fá þjálfun í að beita rétt meginreglum danskrar málfræði, hljóðfræði og setningafræði í ræðu og riti. Lögð er áhersla á að nemendur séu færir um að tjá hugsun sína skýrt og geti rökstutt skoðanir sínar lipurlega með umorðunum og útskýringum ef orðaforða þrýtur. Nemendur fá þjálfun í að vinna að viðamiklum verkefnum þar sem efnis er leitað á bókasöfnum, vefsíðum og í margmiðlunarefni.

Áfangamarkmið

Nemandi

Lestur

- geti lesið á milli línanna og áttað sig á dýpri merkingu orða þegar fjallað er um efni sem hann hefur kynnt sér
- geti áttað sig á tengslum ritmáls og myndmáls, t.d. í dagblaða- og fræðitextum, og geti dregið ályktanir af skýringarmyndum, línuritum og gröfum
- geti áttað sig á einkennum helstu textagerða og uppbyggingu texta
- sé nokkuð vel læs á alls kyns vísinda- og fræðitexta
- geti leitað og nýtt sér upplýsingar sem til eru á dönsku, t.d. á bókasöfnum, vefsíðum og í margmiðlunarefni, um viðfangsefni annarra námsgreina
- geti lesið fjölbreytta bókmenntatexta sér til gagns og ánægju

Hlustun

- hlusti á og skilji efni í 10-15 mínútur
- vinni sjálfstætt með hlustunarefni sem ekki er formlegt námsefni
- hlusti í 10-12 mínútur og geri stuttan útdrátt úr efninu
- skilji norsku og sænsku þegar talað er skýrt og skilmerkilega um efni sem hann þekkir vel og unnið hefur verið með í dönskukennslunni

Tal

Nemandi

- búi yfir nægjanlegum orðaforða og færni til að geta tjáð sig í samfelldu máli um almenn efni og geta gripið til umorðana og útskýringa ef orðaforða þrýtur
- geti beitt rétt meginreglum danskrar málfræði, hljóðfræði og setningafræði
- geti notað grunnorðaforða, sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans, á eigin forsendum í nýju samhengi

Ritun

- geti tjáð hugsun sína, útskýrt og rökstutt mál sitt í samfelldu rituðu máli á skipulegan, rökrænan og skiljanlegan hátt
- geti greint frá meginmáli texta eða hugsun annarra á skipulegan, rökrænan og hnitmiðaðan hátt
- geti beitt meginreglum danskrar málfræði, setningafræði og stafsetningar í rituðu máli
- geti tjáð hugsanir sínar í ólíkum tilgangi og valið texta-gerðir í samræmi við hann
- geti unnið að viðamiklum verkefnum þar sem reynir á ritfærni, þekkingu á uppbyggingu texta og framsetningu efnis, t.d. gerð blaða, kynningarefnis eða smásagna

Efnisatriði

Umheimurinn: umhverfi, mengun, endurvinnsla, vistfræði, loftslag; atvinnulíf: iðnaður, landbúnaður, fiskveiðar, verslun, þjónusta; menning og listgreinar: þekkt nöfn og verk þeirra; að flytja að heiman: húsnæði, innbú, verkaskipting, þrif, matreiðsla, tekjur/útgjöld, að skipuleggja tíma; heilsa og hreysti: lífsstill, mataræði, hreyfing, menningarsjúkdómar, ofneysla, vímuefni, smitsjúkdómar; stofnanir, þjónusta: bankar, sjúkrahús, tryggingar, stúdentagarðar, skólar, umsóknir; tækni: hugtök/orð, tæknivæðing, hugbúnaður á heimili, í skólum og í atvinnulífi; vísindi: á Norðurlöndum og utan þeirra, málefni líðandi stundar.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í hlutfalli við vægi þeirra í kennslunni/náminu. Nemendur eru gerðir ábyrgir fyrir mati að hluta til og þeim gerð grein fyrir hvað er verið að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats.

Dæmi um mat á færniþáttum

Lestur (miðað við mismunandi lestraráferðir)

Formleg prófun eða könnun á lesskilningi, s.s. krossapróf, eyðufyllingar, spurningar úr texta.

Óformleg könnun á lesskilningi, s.s. þegar nemendur gera útdrátt úr texta og semja spurningar.

Hlustun

Nemendur teikna, merkja við, skrifa eftir fyrir mælum eða upplestri, gera útdrátt, taka niður pantanir og taka skilaboð.

Lokamat er samsett úr nokkrum hlustunarprófum eða æfingum yfir önnina.

Tal

Getur miðast við formlegt munnlegt próf, annars vegar samtal tveggja nemenda og kennara og hins vegar einstaklingsfrásögn og útlekkingu á undirbúnu efni. Þá er metin m.a. lengd samtals eða frásagnar, innihald, flæði, orðaforði, framburður, upphaf og endir og notkun hik- og fylliorða.

Ritun

Mat á ritun getur beinst að einstökum þáttum ritunar:

Samspil kennara og nemanda – endurgjöf: talin ný orð í texta nemanda (tileinkun orðaforða), talinn fjöldi lína eftir hraðritun í t.d. 10 mínútur, metið innihald og form ritgerða, gefnar

ábendingar um villur og nemendur fá tækifæri til að leiðrétta eftir leiðréttingarlykli.

Lokamat: samspil innihalds og málnotkunar eftir eðli verkefnis.

Þemavinna eða ferlisverkefni

Mat á þemavinnu eða ferlisverkefni („prójecti“) getur beinst að ýmsum þáttum og vægi verið ólíkt. Hér má benda á samspil mats nemanda og kennara á því sem gert er.

Ferlið – sé verkefni skipt í marga þætti má meta hvern fyrir sig.

Afurðin – aðeins metin lokaútgáfa verkefnis.

Ferli og afurð – sambland af mati á virkni og útkomu.

Dæmi um ferlisverkefni

Talmálsverkefni (byggt á reynsluheimi unglunga)

Dæmi: *störf fyrir unglunga*

Nemandi

- segi frá raunverulegu starfi
- búi til samtal við sessunautinn út frá lykilorðum sem hópurinn hefur safnað á töflu
- leiki viðtal við vinnuveitanda (sótt um vinnu)
- ræði viðhorf með og á móti vinnu nemanda með námi
- búi til samtalsæfingar fyrir aðra hópa og vinni æfingar frá öðrum (hringrás)

Rannsóknarverkefni

Dæmi: *vetrariþróttir*

Byrjað er með kynningu og þankahríð á töflu/glæru, 2-4 vinna saman, umfang verkefna er mismikið.

Dæmi um viðfangsefni:

- íþróttagreinar
- útbúnaður og fatnaður – kostnaður
- ferðalög – út í heim, innanlands
- fristundir
- íþróttamiðstöð – stjórnun, útbúnaður, mannvirki
- stórmót – fjölmiðlar
- þekkt nafn – nærmynd
- landslag og veðurskilyrði
- bókmenntir
- saga – annálar

Efnisöflun

Dagblöð, vikublöð, íþróttablöð, ferðabæklingar, ferðasögur, sjónvarp, útvarp, farið á vettvang, upplýsingar sóttar á heimasíður, bréfaskipti á Netinu við jafnaldra, fyrirspurnir sendar til stofnana eða fyrirtækja.

Úrvinnsla

Myndbandsþáttur, veggjaplað/veggspjald, bæklingur, leikþáttur, fyrirlestur, kynning, ferðaskrifstofa (hlutverka-leikur), vefsíðugerð (til að senda öðrum).

Ferlið

Ferlið frá því að efnisöflun hefst og þar til verkefni er endanlega skilað felst í því að skoða efni, safna orðaforða, velja og hafna, setja í hentugt samhengi og loks að koma hugmyndum í orð. Þegar um viðamikil verkefni er að ræða má hugsa sér tvenn skil; fyrst að reifa hugmynd og síðan að skila í endanlegu formi. Önnur útgáfan gæti verið skrifleg en hin munnleg.

Eitthvað þessu líkt má gera við hvaða efni sem er, láta hugarflugið ráða og nýta sem flest tjáningarform.

Nám og kennsla í framhaldsáföngum

Við lok málabrautaráfanga má gera ráð fyrir að færni nemenda í tungumálinu sé nægilega mikil til að þeir geti unnið sjálfstætt að nokkuð viðamiklum verkefnum. Nemendahópur hverju sinni ætti ásamt kennara sínum að ákveða viðfangsefni og vinnuaðferðir í áfanganum í samræmi við nútímakenningar í kennslufræði tungumála.

Sjálfsagt er að leggja nokkuð jafna áherslu á alla færniþætti og vinna með þá jöfnum höndum.

Upptalning á viðfangsefnum fyrir þessa þrjá áfanga eru aðeins hugmyndir að því sem vinna má með og gefur vonandi hugmynd um á hvaða þyngdarstigi viðfangsefnin gætu verið.

Vel má hugsa sér að skipuleggja alla áfangana þrjá sem ferli mismunandi þátta þannig að bæði stígandi í þyngd og umfangi verkefna fáiast en einnig að ákveðið samhengi tengi áfangana saman (t.d. tímaröð, sögulegt samhengi eða eitt þema sem unnið er með í öllum áföngum en frá ólíkum sjónarhornum).

Tilvalið er að nota þau hjálpartæki sem nýjasta tækni býður upp á hverju sinni. Hér er átt við að nemendur noti tölvupóst og spjallrásir til samskipta við jafnaldra annars staðar á Norðurlöndum hvort sem um er að ræða óformleg samskipti, fyrirspurnir eða samvinnu af einhverju tagi. Einnig má hugsa sér að nemendur noti tölvupóst markvisst til að senda fyrirspurnir til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Nemendur geta einnig lagt orð í belg um deilumál í dagblöðum á Netinu. Þá er ótalið að sækja sér efni og upplýsingar á vefsíður, búa til eigin vefsíður til að birta árangur af vinnu og þá líka safna saman áhugaverðum krækjum til nota fyrir sig eða aðra síðar.

Ganga verður út frá því að nemendur vinni með tungumálið án afláts. Þeir séu sífellt að skapa eitthvað úr þeim efniviði sem þeir afla sér. Ekki minnstur þáttur í því sambandi er að nemendur geri sér grein fyrir því hvað þeir vilja og geta gert og á hvern hátt er best að vinna að því hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur noti alla fjóra færniþættina í hverju verkefni, þema eða rannsóknarefni.

Lagt er til að hverjum hinna þriggja áfanga á kjörsviði verði skipt í þrjú tímabil. U.þ.b. fjórar kennsluvikur er hæfilegur tími til að vinna að stórum verkefnum sem krefjast mikils lestrar og rannsóknar- eða ritstjórnarvinnu. Einnig er mikilvægt að viðfangsefnið fái tíma til að gerjast og þróast áður en endanleg útkoma lítur dagsins ljós.

Alltaf skal leggja áherslu á efnisöflun (lestur), úrvinnslu og framsetningu (munnlega og/eða skriflega) en reyna að gera það á margvíslegan hátt og helst tengja það raunveruleikanum, þ.e. þeim aðstæðum sem nemendur gætu lent í.

Leggja þarf áherslu á að nemendur vinni saman og tjái sig sem mest á dönsku, allt sé miðað við samskipti, í hlutverkaleikjum, erindum, fyrirlesturum, blaðagreinum, ritgerðum, sviðsetningum og svo framvegis.

Mælt er með að nemendur geti valið milli viðfangsefna og aðferða við úrvinnslu. Kennslan fari fram á dönsku.

Á fyrsta tímabili hvers áfanga er unnið með bókmenntir af einhverju tagi, æskilegt er að afmarka viðfangsefnið og hafa áfangana þrjá ólíka.

Á öðru tímabili er fengist við dægurmál, fréttir og fréttatengt efni í víðasta skilningi. Eðli málsins samkvæmt hlýtur hver áfangi að hafa sín sérkenni. Hér er ætlast til að notaðir séu allir tiltækir miðlar til að fanga það helsta sem er að gerast í heiminum á líðandi stundu.

Þriðja tímabilið er ætlað áhugasviði nemenda en getur hæglega tengst hvoru hinna tímabilanna sem er ef svo ber undir.

Áfangarnir DAN 503 og DAN 603 eru ætlaðir til frekari þjálfunar færniþátta sem eru nauðsynlegir til að verða gjaldgengur á dönsku málsvæði sem nemandi, ferðamaður, þátttakandi á fundum/ráðstefnum eða sem gestgjafi í eigin landi.

Að 18 einingum loknum á nemandinn að hafa nógu gott vald á dönsku máli til að geta tjáð sig á hvaða vettvangi sem vera skal.

Í áföngum kjörsviðs er æskilegt að koma við einhvers konar hljóðversvinnu, t.d. yrði einn þáttur í stöðvavinnu þjálfun í framburði einstakra hljóða, áherslum og hljómfalli setninga.

Áhersla er lögð á sívaxandi ábyrgð og frumkvæði nemenda sjálfra og að þeir geti samtímis sinnt hugðarefnum sínum og þjálfast í öguðum vinnubrögðum.

DAN 403 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna I

Undanfari: DAN 303

Áfangalýsing

Í fyrsta hluta áfangans er lesið úrval úr bókmenntum Norðurlanda. Grunnhugtök í bókmenntagreiningu eru kynnt, s.s. persónur, tími, staður, söguþráður og bygging texta (komposition). Hér er tilvalið að vinna með barnabókmenntir, lesa t.d. 10 bækur (jafnvel á sænsku, norsku og færeysku auk dönskunnar) sem ætlaðar eru börnum á aldrinum 2-13 ára. Nemendur skoða samspil texta og mynda, meta boðskap, hvort um er að ræða raunsæi eða ímyndun. Hver nemandi kynnir hluta af sínum bókum (allar ef tími er til) og heldur leiðarbók um lesturinn, vangaveltur sínar og viðbrögð annarra við kynningum á bókum. Einnig mætti vinna með ævintýri og sagnir þar sem lögmál ævintýra eru skoðuð. Semja má ný ævintýri eða færa gömul í nútímabúning.

Annar hluti áfangans fjallar um málefni liðandi stundar, einkum með efnisöflun úr fjölmiðlum (dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi, textavarpi, Netinu). Hér er átt við að nemendur afli sér efnis að einhverju leyti eftir áhugamálum hvers og eins en allt sé raunverulegt efni og geti þess vegna spannað allt frá kvikmyndum til umhverfismála. Úrvinnsla gæti verið í formi fréttu, fréttaskýringa, umræðuþátta og svo framvegis.

Síðasti hlutinn verði helgaður þemavinnu, rannsóknarverkefnum og/eða þverfaglegum verkefnum að vali nemenda og beri þeir ábyrgð (í samráði við kennara eða samnemendur) á efnisöflun og úrvinnslu. Hér vinnur nemandinn með tungumálið á eigin forsendum. Þetta fjögurra vikna tímabil getur verið samfellt ferli og tengst öðrum verkefnum áfangans – framhald eða dýpkun á því efni – eða eitthvað allt annað sem nemandinn hefur áhuga á og getu til að vinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti lesið alla texta almenns eðlis (sem eðlilegt er að nemandi lesi miðað við þroska og áhuga) og ráðið við veflesta sérhæfða texta með aðstoð orðabókar
- geti leitað upplýsinga á bókasöfnum eða í gagnagrunnum/-bönkum um það sem hugurinn girnist
- geti talað nokkuð viðstöðulaust um dagleg málefni og tjáð sig um þau málefni sem eru til umfjöllunar hverju sinni
- geti rætt við innfædda nokkurn veginn hiklaust um málefni sem hann þekkir til
- geti skilið allt venjulegt talað mál, áttað sig á samhengi og inntaki þegar fjallað er um flóknari hluti og óþekkt hugtök
- geti skrifað nánast rétt mál með aðstoð orðabóka, leiðréttingarforrita og uppflettirita
- geti notað orðaforða sem hæfir tilefni skrifanna hverju sinni
- geti skrifað tölvupóst
- geti sent fyrirspurnir
- geti beðið um upplýsingar um skóla, húsnæði, ferðir, gistingu, flug, lestir o.s.frv.
- geti skrifað greinar og ritgerðir og skráð viðtöl

Efnisflokkar

Barnabækur, fréttir, rannsóknarefni.

Námsmat

Mat ætti einkum að beinast að því hvort notaður sé orðaforði við hæfi, hvort málbeiting sé í samræmi við þá getu sem krefjast má, hvort vinnubrögð séu frambærileg og loks hvort vinnuframlag sé fullnægjandi.

Þegar nemendur vinna að verkefnum sem eru mismunandi að umfangi og fjölda og beinast að þjálfun mismunandi færniþátta er æskilegt að hver nemandi haldi leiðarþátta yfir vinnu sína, skrái viðfangsefni, vinnufélaga, verkaskiptingu og rökstutt mat á því sem verið er að gera. Leiðarþátta gildir þá sem hluti af annareinkunn. Að öðru leyti ættu kennari og nemendur í sameiningu að ákveða í upphafi annar hvernig mati verður háttáð og hvaða kröfur verður að standast með tilliti til markmiða í námskrá. Má jafnvel hugsa sér að nemendur meti sjálfir hvaða verkefni eru lögð fram til lokamats á önninni í stað formlegra prófa.

DAN 503 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna II

Undanfari: DAN 403

Áfangalýsing

Í fyrsta þriðjungi áfangans er lesið úrval úr bókmenntum á dönsku. Hugtökunum *sjónarhorni* og *fléttu* má bæta við grunnhugtök í bókmenntagreiningu, (persónur, tími, staður, söguþráður og bygging). Hér er tilvalið að vinna með afþreyingarbókmenntir, s.s. ástarsögur, sakamálasögur, vísindaskáldsögur og teiknimyndasögur. Hvert er lögmál slíkra sagna, boðskapur og skemmtigildi? Tillaga að úrvinnslu: Nemendur flokka lesnar bækur og gefa umsagnir, munnlega eða skriflega, um einkenni hvers flokks. Einnig má bera saman bækur og kvikmyndir gerðar eftir þeim.

Annar hluti áfangans fjallar um málefni líðandi stundar, einkum með efnisöflun úr fjölmiðlum (dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi, textavarpi, Netinu). Hér er átt við að nemandur afli sér efnis að einhverju leyti eftir áhugamálum hvers og eins en allt sé raunverulegt efni og getur þess vegna spannað allt frá kvikmyndum til umhverfismála. Úrvinnsla gæti verið í formi fréttar, fréttaskýringa, umræðuþátta og svo framvegis.

Síðasti hlutinn verði helgaður þemavinnu, rannsóknarverkefnum og/eða þverfaglegum verkefnum að vali nemenda og beri þeir ábyrgð (í samráði við kennara eða samnemendur) á efnisöflun og úrvinnslu. Hér vinnur nemandinn með tungumálið á eigin forsendum. Þetta fjögurra vikna tímabil getur verið samfellt ferli og tengst öðrum verkefnum áfangans – framhald eða dýpkun á því efni – eða eitthvað allt annað sem nemandinn hefur áhuga á og getu til að vinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti lesið alla texta sér til gagns
- geti skilið svo til allt talað mál nema um sé að ræða mjög sérhæft efni

- geti tekið orðið
- geti haldið orðinu
- geti látið aðra fá orðið
- geti tekið þátt í samræðum þriggja eða fleiri
- þekki og geti beitt helstu málnotkunarreglum
- kunni að haga orðum sínum og athöfnum á viðeigandi hátt við ólíkar aðstæður
- geti skráð lykilatriði úr lesefni
- geti samið vinnuþagg
- geti búið til margþætta orðtengslamynd með lykil-orðum sem grunn að samfelldum texta
- geti samið drög/uppkast að skriflegu verkefni
- geti samið skýrslur

Efnisflokkar

Dægurbókmenntir, fréttir, rannsóknarefni.

Námsmat

Mat ætti einkum að beinast að því hvort notaður sé orðaförði við hæfi, hvort málbeiting sé í samræmi við þá getu sem krefjast má, hvort vinnubrögð séu frambærileg og loks hvort vinnuframlag sé fullnægjandi.

Þegar nemendur vinna að verkefnum sem eru mismunandi að umfangi og fjölda og beinast að þjálfun mismunandi færniþátta er æskilegt að hver nemandi haldi leiðarþátt yfir vinnu sína, skrái viðfangsefni, vinnufélaga, verkaskiptingu og rökstutt mat á því sem verið er að gera. Leiðarþáttin gildir þá sem hluti af annareinkunn. Að öðru leyti ættu kennari og nemendur að ákveða í sameiningu í upphafi annar hvernig mati verður háttáð og hvaða kröfur verður að standast með tilliti til markmiða í námskrá. Má jafnvel hugsa sér að nemendur meti sjálfir hvaða verkefni eru lögð fram til lokamats á önninni í stað formlegra prófa.

DAN 603 Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna III

Undanfari: DAN 503

Áfangalýsing

Í fyrsta þriðjungi áfangans er lesið úrval úr bókmenntum Norðurlanda. Unnið er með grunnhugtök í bókmenntagreiningu: persónur, tíma, stað, söguþráð, byggingu texta, hneigð, ris og fléttu. Hér er tilvalið að vinna með sígildar bókmenntir, einstaka höfunda eða afmörkuð tímabil.

Annar hluti áfangans fjallar um málefni líðandi stundar, einkum með efnisöflun úr fjölmiðlum (dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi, textavarpi, Netinu). Hér er átt við að nemendur afli sér efnis að einhverju leyti eftir áhugamálum hvers og eins en allt sé raunverulegt efni og geti þess vegna spannað allt frá kvikmyndum til umhverfismála. Úrvinnsla gæti verið í formi fréttar, fréttaskýringa, umræðuþátta og svo framvegis.

Síðasti hlutinn verði helgaður þemavinnu, rannsóknarverkefnum og/eða þverfaglegum verkefnum að vali nemenda og beri þeir ábyrgð (í samráði við kennara eða samnemendur) á efnisöflun og úrvinnslu. Hér vinnur nemandinn með tungumálið á eigin forsendum. Þetta fjögurra vikna tímabil getur verið samfellt ferli og tengst öðrum verkefnum áfangans – framhald eða dýpkun á því efni – eða eitthvað allt annað sem nemandinn hefur áhuga á og getu til að vinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti lesið alla texta sér til gagns
- geti skilið svo til allt talað mál
- geti tekið þátt í frekar formlegum samræðum sem einkenna formlegt talmál

- geti tekið þátt í frekar formlegum samræðum um efni almenns eðlis eða málefni líðandi stundar
- geti tjáð sig og tekið þátt í samræðum eða rökræðu um nokkuð sérhæft efni sem hann hefur sérstaklega undirbúið sig fyrir
- geti skráð efnisatriði úr fyrirlestrum
- geti skráð orðrétt af bandi/diski
- geti samið skýrslu, rökfærsluritgerð, erindi
- glími við sögugerð og ljóðasmíð (skapandi skrif)
- geti skrifað formleg bréf til opinberra aðila

Efnisflokkar

Bókmenntir Norðurlanda, fréttir, rannsóknarefni.

Námsmat

Mat ætti einkum að beinast að því hvort notaður sé orðaforði við hæfi, hvort málbeiting sé í samræmi við þá getu sem krefjast má, hvort vinnubrögð séu frambærileg og loks hvort vinnuframlag sé fullnægjandi.

Þegar nemendur vinna að verkefnum sem eru mismunandi að umfangi og fjölda og beinast að þjálfun mismunandi færniþátta er æskilegt að hver nemandi haldi leiðarbók yfir vinnu sína, skrái viðfangsefni, vinnufélaga, verkaskiptingu og rökstutt mat á því sem verið er að gera. Leiðarbókin gildir þá sem hluti af annareinkunn. Að öðru leyti ættu kennari og nemendur að ákveða í sameiningu í upphafi annar hvernig mati verður háttað og hvaða kröfur verður að standast með tilliti til markmiða í námskrá. Má jafnvel hugsa sér að nemendur meti sjálfir hvaða verkefni eru lögð fram til lokamats á önninni í stað formlegra prófa.



NORSKA OG SÆNSKA

Inngangur

Nemendur með grunnskólapróf í norsku eða sænsku eða sambærilegt próf erlendis frá halda námi sínu áfram í framhaldsskóla.

Kennsla í norsku og sænsku hefur tíðkast í íslenskum grunn- og framhaldsskólum frá 1970. Sögulegar forsendur kennslunnar eru þær að á sjöunda áratugnum fóru margar íslenskar fjölskyldur utan til Svíþjóðar og Noregs bæði til starfs og náms. Um 1970 fóru skólayfirvöld að bjóða nemendum sem komu aftur heim til Íslands upp á kennslu í norsku eða sænsku í stað dönsku. Kennsla hefur yfirleitt farið fram utan hefðbundins skólatíma.

Þeir sem stunda nám í norsku og sænsku í framhaldsskóla eru nemendur sem hafa búið í Noregi eða Svíþjóð, eiga þar fjölskyldu og/eða vini eða tengjast löndunum á annan hátt og hafa þá sérstöðu að hafa gott vald á málinu, nokkrir eru allt að því tvítyngdir. Nemendur vita einnig deili á norsku/sænsku samfélagi, þekkja tjáskiptareglur þess, menningu og siði. Þessi kunnátta þeirra er auðlind sem getur komið þeim og þjóðinni að gagni ef henni er haldið við og við hana bætt.

Margvíslegt nám stendur Íslendingum til boða í Svíþjóð og Noregi, t.d. í greinum tengdum sjávarútvegi og skipaíðnaði, gas- og olíuvinnslu, sérnámi í læknisfræði, sjávarfræðum, líffræði, erfðafræði, húsagerðarlist, landbúnaði, ferðaþjónustu, umhverfisvernd og viðskiptum ýmiss konar. Stórir markaðir eru einnig að opnast í Eystrasallslöndunum en í þeim er söguleg hefð fyrir samskiptum við t.d. Svíþjóð og Finnland. Stjórnarsýslulegt samstarf Norðurlandanna er umfangsmikið og er því mikilvægt fyrir

Íslendinga að hafa þar á að skipa einstaklingum sem hafa sérlega gott vald á Norðurlandamáli.

Sú undirstöðukunnátta sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað námið í norsku eða sænsku felst í að hann

- skilji vel allt almennt tal á norsku/sænsku
- geti lesið og skilið almenna norska/sænska texta
- geti tjáð sig munnlega á norsku eða sænsku á þjálu máli um flest almenn efni
- geti tjáð sig skriflega um flest almenn efni á nokkurn veginn réttu máli með tilliti til málfræði, setningafræði og réttitunar

Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það norskunám/sænskunám sem í boði er fyrir þennann nemendahóp.

Nám og kennsla

Námið í framhaldsskóla byggist á öllum fjórum færniþáttunum sem nemendur hafa þjálfað í grunnskóla: hlustun, lestri, tali og ritun og eru þeir samtvinnaðir námsefninu í öllum áföngum. Ljóst er að nemendur hafa misgott vald á færniþáttum málsins og er komið til móts við þessa staðreynd með því að gera ráð fyrir þema-/ferlisverkefnum sem verulegum hluta af náminu. Með því að nota ferlisvinnu skapast virk samskipti milli nemenda: þeir miðla mismunandi færni og kunnáttu í sameiginlegu verkefni, bæði hvað snertir orðaforða, málkennd og þekkingu á málsefninu.

Í framhaldsskóla gefst svigrúm til að búa nemendur betur undir nám og starf með auknum kröfum um færni í málinu, bæði skriflega og munnlega, ásamt því að nemandinn

beri æ meiri ábyrgð á eigin námi og framförum og sýni sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Þetta endurspeglast í stíganandi í markmiðum áfanganna.

Upplýsinga- og samskiptatækni er stór þáttur í náminu, sér í lagi þegar unnið er með ferlisverk, t.d. í kjörsviðsáföngum.

Norska/sænska er notuð sem kennslumál í öllum áföngum.

Fjarkennsla verður í boði þar sem hennar er þörf og fer að miklu leyti fram gegnum tölvupóst.

Að loknu a.m.k. 9 eininga námi ætti nemandi að hafa næga kunnáttu til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til mála-kunnáttu til að komast að í sem flestum norskum/sænskum háskólum. Einnig ætti nemandi að vera vel undir það búinn að gangast undir færnispróf í sænsku/norsku sem oft er krafist þegar sótt er um vinnu í þessum löndum. Þá má geta þess að við lok 9 eininga náms hefur nemandi farið í töluverðan hluta af námsefni því sem krafist er í International Baccalaureat (IB), Language A.

Lokamarkmið eftir 6 einingar

Nemandi

- hafi aukið við kunnáttu sína í málinu þannig að hún nýtist í námi og starfi bæði heima fyrir, annars staðar á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi
- geri sér grein fyrir að kunnátta í norsku/sænsku og þekking á menningu þjóðanna auðveldar samskipti við aðra Norðurlandabúa
- skilji önnur Norðurlandmál sæmilega vel, bæði ritmál og talmál
- geti gert sér grein fyrir gildi tvítyngis og hafi fengið sjálfstraust hvað varðar eigin málhæfni
- geti talað óhikað og gert sig skiljanlegan við fjölbreyttar aðstæður í daglegu lífi
- geti leiðrétt sig og umorðað
- geti tekið þátt í og haldið uppi samræðum og notað algeng hik- og fylliorð
- hafi fengið þjálfun í að lesa, hlusta, tala og skrifa um efni sem hann þekkir vel og lagt sjálfstætt, gagnrýnið mat á viðfangsefnið
- hafi öðlast færni í að lesa texta af ýmsum gerðum og nota það lestrarlag sem við á: nákvæmnislestur, yfirlitslestur og leitarlestur
- þekki til helstu reglna um uppbyggingu málsins, í málfræði, setningafræði og orðmyndun, og geti beitt þeim af öryggi í töluðu og rituðu máli
- í norsku: hafi öðlast góða hæfni annaðhvort í bók-máli eða nýnorsku, bæði töluðu og rituðu máli
- hafi fengið innsýn í nokkra þætti málsögunnar og viti deili á helstu mállyskum
- hafi kynnst í stórum dráttum norskum/sænskum bókmenntum og kunni nokkrar einfaldar aðferðir við bókmenntagreiningu
- hafi öðlast góða þekkingu á landafræði og náttúru Noregs/Svíþjóðar

Nemandi

- geti unnið bæði sjálfstætt og í hóp af umburðarlyndi og á jafnréttisgrundvelli
- geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi og framförum
- geti notað upplýsingatækni, þ. á m. ritvinnsluforrit, sér til gagns

Lokamarkmið eftir 9 einingar

Nemandi

- geti notað málið markvisst til þess að miðla fróðleik, bæði munnlega og skriflega, og til að afla sér þekkingar og reynslu
- geti sýnt í verki aukið vald á ritmáli, hafi fjölbreyttari orðaforða, orðatiltæki og orðasambönd á takteinum
- geti átt frumkvæði að því að nota málið óundirbúið til að leysa margvísleg verkefni, bæði munnlega og skriflega
- hafi lesið úrval norskra/sænskra bókmennta, þekki hugtök og helstu aðferðir við bókmenntagreiningu og geti beitt þeim af nokkru öryggi
- viti deili á norskri/sænskri bókmenntasögu og geti sett bókmenntaverk í sögulegt samhengi
- hafi öðlast þekkingu á samfélagi, skólakerfi, stjórnarháttum, menningu, siðum og hefðum
- hafi viðtæka þekkingu á einu sérsviði og orðaforða sem tilheyrir því
- hafi áttað sig á að kunnátta í erlendu máli eykur umburðarlyndi gagnvart öðrum þjóðum og skilning á sögu þeirra og menningu
- geti unnið sjálfstætt að þekkingaröflun með gagnrýnu hugarfari (nýtt sér ýmsar heimildir, svo sem uppflettibækur, fagbækur, margmiðlunartækni)
- sé fær um að bera ábyrgð á eigin námi, átti sig á gildi eigin frumkvæðis og vinnu og geti metið kunnáttu sína og annarra á raunhæfan hátt

Námsmat

Mat á færni nemenda miðast við þau markmið sem sett eru fram í námsáföngum. Allir færniþættir skulu metnir samkvæmt markmiðum og í hlutfalli við vægi þeirra í kennslu. Mikilvægt er að nemendur átti sig á því frá byrjun hvernig, hvenær og hvers vegna mat á námi þeirra fer fram.

Námsmat getur verið breytilegt eftir áföngum. Mat í kjarnaáföngum getur t.d. byggst á vinnuframlagi nemenda á önninni, hlutaprófi og lokaprófi á meðan námsmat í kjörsviðsáföngum getur verið sveigjanlegra og byggst í ríkara mæli á vinnuframlagi en prófum. Námsmat helst í hendur við verklag hvers áfanga fyrir sig.

Símat, þar sem nemandinn fær reglulega endurgjöf og leiðbeiningar frá kennara, er mikilvægt í málakennslu, það gerir kennsluna markvissari og auðveldar nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa fyrir. Einnig eru nemendur hvattir til að tileinka sér öguð vinnubrögð og er sá þáttur tekinn með í matið.

Mat á færniþáttum

Aðferðir sem beita má við mat á mismunandi færniþáttum geta verið með ýmsu móti og verða hér settar fram nokkrar þeirra.

Tal og hlustun

Við mat á tali og hlustunarskilningi þarf að taka tillit til þess að nemendur hafa góðan grunn í talmáli vegna dvalar í Noregi/Svíþjóð. Margvíslegt talfni þar sem fólk notar ólíkar mállýskur og beitir málinu á mismunandi hátt eftir aðstæðum og innihaldi hentar því þessum nemendum.

Munnlega færni má t.d. meta með samtölum milli nemanda og kennara, milli tveggja eða fleiri nemenda, með frásögnum, stuttum fyrirlestrum, viðtölum, verkefnum á hljóm- eða myndböndum. Viðmiðun í mati á tali getur verið innihald og orðaforði, framburður og flæði.

Hlustun má meta með úrvinnslu nemenda á verkefnum í tengslum við bæði mynd- og hljómbönd og ýmis fjölmiðla- og margmiðlunarefni.

Ritun

Ritun má meta með skriflegum verkefnum af ýmsum gerðum, svo sem bréfum, umsóknum, endursögnum, stuttum og löngum ritgerðum, ýmsum þema- og ferlisverkefnum. Meta má einstaka þætti ritunar eins og orðaforða, málfræði, setningaskipan og stafsetningu, svo og innihald, uppbyggingu og röksemdafærslu.

Lestur

Mat á lesskilningi, orðaforða og málnotkun getur verið með ýmsu móti og er hluti af námsmati í öllum námsáföngum eins og fram kemur hér á eftir (sjá námsmat eftir áfangalýsingar). Skilningur á ólesnum texta er auk annarra atriða metinn á lokaprófi í kjarnaáföngunum 103 og 203.

Taka þarf tillit til námserfiðleika einstakra nemenda, t.d. lesblindu.

Dæmi um mat á þema-/ferlisvinnu

Nemendur og kennarar ættu í sameiningu að ákveða hvernig mati á þema- og ferlisverkefni verði háttað, hvaða kröfur þarf að standast og hvert vægi hvers þáttar á að vera með tilliti til markmiða í námskrá. Það sem meta þarf er ferlið og afurðin, þ.e. virkni nemenda og endanleg gerð verkefnisins. Viðmiðin sem hér fara á eftir mætti nota í öllum áföngum þar sem unnið er með þema-/ferlisverkefni en kröfur sem standast þarf aukist með hverjum áfanga.

Þættir sem mætti taka tillit til:

Málnotkun, bæði skrifleg og munnleg.

Rökræn uppbygging verksins í heild.

Innihald og efnisöflun.

Frumkvæði, hugmyndaauðgi og sjálfstæð vinnubrögð.

Samvinna.

Framlag og virkni hvers og eins (gæti byggst á dagbókarritun nemenda).

Frágangur, tímamörk haldin, fyrirmælum fylgt.

Munnleg kynning og framsögn.

Áfangar

NOR/SÆN 103 Málfræði og málnotkun

Undanfarar: Grunnskólapróf í norsku eða sænsku úr íslenskum grunnskóla eða sambærilegt próf erlendis frá

Áfangalýsing

Í framhaldi af norsku/sænskunámi í grunnskóla eru nemendur þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum, tali, hlustun, lestri og ritun. Í áfanganum eru rifjuð upp helstu undirstöðuatriði málfræði og réttiritunar. Málfræðihugtök eru kynnt. Málnotkun æfð munnlega og skriflega og einnig í tölvuveri. Textar valdir við hæfi nemenda úr þessum efnisflokkum: kynningartextar um land og þjóð, textar um málefni líðandi stundar, bókmenntir, með rökvísu túlkun og úrvinnsla í tali og ritun. Unnið markvisst með orðaforða, þjálfun í að nota orðabækur, bæði hefðbundnar og á Netinu. Unnið með þema- og ferlisverkefni, tengd daglegu lífi eða dvöl nemenda á Norðurlöndum, með hjálp upplýsingatækni.

Áfangamarkmið

Nemandi

Tal

- geti notað norsku/sænsku sem vinnumál innan kennslustofunnar
- geti tekið þátt í samræðum um almenn efni og tjáð sig með viðeigandi orðalagi, notað orð sem einkenna talmál
- geti notað orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi til að tjá hugsun, skoðanir o.fl.
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og reynsluheimi, t.d. dvöl í Noregi/Svíþjóð á eðlilegum talhraða
- geti endursagt efni í t.d. blaða- og bókmenntatexta með góðum framburði þannig að vel komist til skila

Nemandi

Hlustun

- skilji vel talaða norsku/sænsku sem töluð er í kennslustofu, bæði af kennara og öðrum nemendum sem koma frá ýmsum málsvæðum í Noregi/Svíþjóð
- geti hlustað sér til gagns á ýmiss konar norskt/sænskt raunefni, svo sem hljómbönd og myndbönd, dregið út upplýsingar og skilið ný orð og hugtök út frá samhenginu

Lestur

- geti lesið almenna texta og gert sér grein fyrir megininntaki þeirra án þess þó að skilja hvert orð
- geti lesið bókmenntatexta við hæfi og túlkað þá
- hafi vald á mismunandi lestraraðferðum, svo sem yfirlitslestri, nákvæmnislestri og leitarlestri
- geti notað orðabækur og önnur uppláttarrit, bæði hefðbundin og á Netinu
- geti notað sér til gagns helstu norrænar leitarvélur til að afla sér upplýsinga

Ritun

- kunnir að nýta sér hjálpargögn við ritun, svo sem orðabækur og bækur sem fjalla um málnotkun
- geti notað vitneskju sína um ritun og ritgerðarsmíð og samið texta um almennt efni á skipulegan hátt
- geti skrifað nokkurn veginn rétt mál með rétttri stafsetningu og beitt málfræði- og réttitunarreglum
- geti lagað skriflegt mál sitt að viðtakanda
- geti hagnýtt sér nýjan orðaforða í ritun
- geti þýtt einfalda almenna texta úr íslensku yfir á norsku/sænsku eða öfugt

Málfræði

- geti beitt reglum um beygingu algengra nafnorða
- geti beitt reglum um notkun óákveðins og ákveðins greinis
- geti beitt reglum um beygingu reglulegra og óreglulegra sagna
- geti beitt reglum um helstu fornöfn
- geti beitt reglum um beygingu og stigbreytingu lýsingarorða

Nemandi

- geti beitt reglum um forsetningar og helstu forsetningasambönd
- geti beitt reglum um helstu samtengingar
- geti beitt reglum um atviksorð
- geti beitt reglum um töluorð
- geti beitt reglum um orðaröð, einkum í aukasetningum

Þema- og ferlisverkefni

Þetta vinnuform er hluti af náminu og markmið eru auk færnismarkmiða að nemandi

- geti unnið skipulega bæði einn og í hóp
- geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi og framförum
- geti notað upplýsingatækni, þ. á m. ritvinnsluforrit, sér til gagns

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt.

Sömu matsaðferðir má nota í báðum kjarnaáföngum 103 og 203 en gera skal meiri kröfur í áfanga 203.

Skilningur á ólesnum texta er auk annarra atriða metinn á lokaprófi í kjarnaáföngunum 103 og 203.

Dæmi um mat á færniþáttum (sjá einnig kafla um námsmat)

Tal

Samtal milli tveggja nemenda eða nemanda og kennara (e.t.v. upptaka) um fyrirfram ákveðið efni sem nemendur þekkja vel.

Fyrirfram undirbúin framsögn, 3-5 mínútur, þar sem nemandi segir frá atriðum sem hann hefur kynnt sér vel, t.d. blaðagrein, eða frá dvöl sinni í Svíþjóð/Noregi, með hjálp lykilorða ef þörf er á.

Í mati á tali er tekið mið af framburði og flæði, innihaldi og orðaforða.

Hlustun

Nemendur hlusta eftir ákveðnum atriðum, t.d. á ótextuðu myndbandi, og vinna verkefni út frá þeim: svara efnisspurningum, vinna með orðaforða (eyðufyllingu, para saman orð) endursegja texta munnlega eða skriflega, gera útdrátt.

Lestur

Mat á lesskilningi getur farið eftir því hvaða lestraraðferðum er beitt. Eftir lestur á stuttum og löngum bókmenntaverkum þarf að meta bæði ytri og dýpri skilning nemanda. Mat í formi krossaprófs, skilningsspurninga, ritgerða. Mikilvægt að meta ávallt dýpri skilning nemenda á bókmenntatextum.

Skilning nemenda á blaða- og fræðitexta má meta með svipuðu móti: með svörum við spurningum úr texta, krossaprófi, eyðufyllingu, útdráttum (munnlegum og skriflegum). Einnig má taka mið af gagnrýnu mati nemenda á lesefninu.

Ritun

Mat á ritgerðum og öðrum skriflegum verkefnum getur miðast við einstaka þætti málsins: orðaforða, málfræði, setningaskipan og stafsetningu, svo og innihald, uppbyggingu og röksemdafærslu. Meta má einnig í hvaða mæli skrif nemenda eru skapandi eða hvernig þau henta viðtakanda og aðstæðum hverju sinni.

Mat á ritun í þema- og ferlisverkefnum tekur bæði mið af framlagi hvers og eins og af verkefninu sem heild.

Dæmi um mat á þema- og ferlisvinnu (sjá Námsmat)

NOR/SÆN 203 Orðaforði og samfélag

Undanfari: NOR/SÆN 103

Áfangalýsing

Nemendur eru þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum: hlustun, lestri, tali og ritun. Lögð er áhersla á að auka og byggja upp virkan og óvirkan orðaforða nemenda til muna. Í þeim tilgangi eru notaðir textar sem fjalla um fjölbreytileg atriði í nútímaþjóðfélagi, norskt/sænskt samfélag kynnt, lesnir bókmenntatextar með kynningu á höfundum. Auk þess kynnast nemendur orðmyndun með áherslu á tökuorð og notkun þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í notkun orðatiltækja og ýmissa stílbrigða málsins. Þeir læra undirstöðuatriði í bókmenntagreiningu og þjálfast í að nota hana. Nemendur kynnast helstu mállýskum og læra aðalatriði málsögunnar; skyldleika íslensku við norsku/sænsku og hvernig málin hafa þróast á ólíkan hátt. Sýnishorn af tungum annarra Norðurlandþjóða eru kynnt, einnig menning þeirra.

Áfangamarkmið

Nemandi

Tal

- geti tekið þátt í samræðum á eðlilegum talhraða, leiðrétt sig og umorðað og notað af öryggi innskotsorð sem einkenna talmál
- geti tjáð sig og sagt skoðanir sínar á hnitmiðaðan hátt með góðum framburði og áherslum, t.d. í tökuorðum
- geti haldið stutt erindi (5-8 mínútur) blaðalaust (má nota lykilorð og glærur) með viðeigandi orðaforða um ákveðið efni, tengt bókmenntum eða fréttum
- geti kynnt bæði eigið og sameiginlegt efni skilmerkilega með framsögu fyrir hópinn, t.d. þema-/ferlisverkefni

Hlustun

- geti skilið lengra samfellt mál um daglegt líf
- geti skilið sérhæft efni sem unnið hefur verið með, t.d. á hljóm- og/eða myndbandi

Nemandi

- geti hlustað eftir ákveðnum upplýsingum í fræðitextum og fyrirlestrum sem unnið er með, t.d. í textum um þema-/ferlisverkefni
- geti skilið innihald ótextaðs sjónvarpsefnis, svo sem fréttæfnis og kynningarþátta um land og þjóð
- geti skilið mállýskur og talvenjur annarra nemenda svo og norsku-/sænskumælandi gesta, t.d. við nemendaskipti
- geti skilið norsku/dönsku (sænsku/dönsku) þegar talað er skýrt um almenn efni

Lestur

- geti lesið milli línanna og skilið merkingu orða, t.d. þegar notað er líkingamál
- geti lesið bókmenntatexta sér til yndis og ánægju og geti túlkað og greint í stórum dráttum
- geti lesið blaðatexta og fræðitexta með algengum tökuorðum og hafi fengið þjálfun í að leggja gagnrýnið mat á efnið
- geti lesið og skilið sýnishorn af eldri textum og texta sem fjallað er um í málsögu
- geti lesið og skilið einfalda texta á norsku/dönsku (sænsku/dönsku)
- geti gert greinarmun á ýmsum stílbrigðum málsins og dýpkað þannig lestrarskilning
- geti notað upplýsingatækni til að auka við orðaforða sinn, t.d. við að læra algeng tökuorð

Ritun

- geti á skipulegan hátt skrifað um efni sem tengjast þema- og ferlisverkefnum, fréttæfni og/eða bókmenntir, og fært haldbær rök fyrir skoðunum sínum og túlkun á efninu
- geti á skapandi hátt skrifað texta út frá eigin tilfinningum og ímyndunarafli
- geti lagað mál sitt að viðtakanda; skrifað bréf, formleg og óformleg, fyrirspurnir ýmiss konar og umsóknir um nám eða starf

Nemandi

- geti gert greinarmun á ýmsum stilbrigðum málsins og nýtt sér þau til að gera eigin skrif hnitmiðaðri
- geti beitt nokkrum aðferðum við bókmenntagreiningu í sambandi við kjörbókarritgerð
- geti þýtt einfalda almenna texta úr íslensku yfir á norsku/sænsku eða öfugt

Málfræði

- geti beitt reglum um óreglulega beygingu helstu nafnorða og tökuorða
- geti beitt reglum um sagnorð: tíðir, þolmynd, lýsingarhætti og núpálegar sagnir
- geti beitt reglum um spurnarfornöfn og óákveðin fornöfn
- geti beitt reglum um lýsingarorð og nafnorð
- geti beitt reglum um forsetningasambönd (flóknari)
- geti beitt reglum um beina og óbeina ræðu
- geti beitt reglum um orðaröð og flóknari setningaskipan, skilyrðissetningar og samhengi í ritmáli
- geti beitt reglum um orðmyndun, samsett orð og myndun tökuorða

Ætla má að eftir 6 eininga nám sé formlegri málfræðikennslu lokið en byggja má áfram á grunni sem lagður var í NOR/SÆN 103 og 203. Einstök málfræðiatíði má æfa áfram í NOR/SÆN 303 og í kjörsviðsáföngum og tengjast þá æfingarnar jafnvel orðaforða og málnotkun.

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum.

Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt. Sömu matsaðferðir má nota í báðum kjarnaáföngum, 103 og 203, en gera skal meiri kröfur í áfanga 203. Skilningur á ólesnum texta er auk annarra atriða metinn á lokaprófi í kjarnaáföngunum 103 og 203.

Dæmi um mat á færniþáttum (sjá einnig kafla um námsmat)

Tal

Samtal milli tveggja nemenda eða nemanda og kennara (e.t.v. upptaka) um fyrirfram ákveðið efni sem nemendur þekkja vel.

Fyrirfram undirbúin framsögn, 3-5 mínútur, þar sem nemandi segir frá atriðum sem hann hefur kynnt sér vel, t.d. blaðagrein, eða frá dvöl sinni í Svíþjóð/Noregi, með hjálp lykilorða ef þörf er á.

Í mati á tali er tekið mið af framburði og flæði, innihaldi og orðaforða.

Hlustun

Nemendur hlusta eftir ákveðnum atriðum, t.d. á ótextuðu myndbandi, og vinna verkefni út frá þeim: svara efnisspurningum, vinna með orðaforða (eyðufyllingu, para saman orð) endursegja texta, munnlega eða skriflega, eða gera útdrátt.

Lestur

Mat á lesskilningi getur farið eftir því hvaða lestraraðferðum er beitt. Eftir lestur á styttri og lengri bókmenntaverkum þarf að meta bæði ytri og dýpri skilning nemanda. Mat getu verið í formi krossaprófs, skilningsspurninga eða ritgerða. Mikilvægt að meta ávallt dýpri skilning nemenda á bókmenntatextum.

Skilning nemenda á blaða- og fræðitexta má meta með svipuðu móti: með svörum við spurningum úr texta, krossaprófi, eyðufyllingu, útdráttum (munnlegum og skriflegum). Einnig skal tekið mið af gagnrýnu mati nemenda á lesefninu.

Ritun

Mat á ritgerðum og öðrum skriflegum verkefnum getur miðast við einstaka þætti málsins: orðaforða, málfræði, setningaskipan og stafsetningu svo og innihald, uppbyggingu og röksemdafærslu. Meta má einnig í hvaða mæli skrif nemenda eru skapandi eða hvernig þau henta viðtakanda og aðstæðum hverju sinni.

Mat á ritun í þema- og ferlisverkefnum tekur bæði mið af framlagi hvers og eins og af verkefninu sem heild.

Dæmi um mat á þema- og ferlisverkefni (sjá Námsmat)

NOR/SÆN 303 Bókmenntir

Undanfari: NOR/SÆN 203

Áfangalýsing

Nemendur lesa ýmsar tegundir bókmennta: smásögur, skáldsögur, leikrit og ljóð, ævintýri og þjóðsögur og túlka þær út frá víðu samhengi. Bókmenntaverkin eru lesin í tengslum við bókmenntasögu. Lesin eru sýnishorn af bókmenntum á öðrum Norðurlandamálum. Helstu hugtök og aðferðir við bókmenntagreiningu eru notaðar. Lögð er áhersla á að nemendur tjái hugsun sína skilmerkilega í ræðu og riti og geti ævinlega rökstutt skoðanir sínar í greiningu á bókmenntum. Lögð er áhersla á virkni nemenda í munnlegri umfjöllun um lesefnið.

Nemandi velur sér eitt sérverkefni sem hann kynnir sér vel. Það getur verið kynning á bókmenntaverki, rithöfundu eða öðru í tengslum við bókmenntir sem nemandinn hefur áhuga á.

Nemendur fá þjálfun í að leita efnis á bókasöfnum, á Netinu og í margmiðlunarefni. Sérverkefnið geta nemendur unnið einir sér eða sem ferlisverk í hópvinnu og skal það vera unnið á tölvuformi.

Við lok áfangans hafa nemendur farið í töluverðan hluta af námsefni sem krafist er í International Baccalaureat, Language A.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti lesið, skilið og túlkað fjölbreytilega bókmenntatexta
- hafi tileinkað sér helstu hugtök og aðferðir við bókmenntagreiningu og geti beitt þeim af nokkru öryggi
- geti lesið og skilið í megindráttum sýnishorn af bókmenntatextum á öðrum Norðurlandamálum

- hafi fengið nokkra yfirsýn yfir helstu tímabil í norskrí/sænskri bókmenntasögu
- geti skilið á milli ólíkra textategunda
- bæti við almennan orðaforða sinn og geri sér grein fyrir stillbrigðum málsins
- fái aukna sjálfsvitund, aukinn skilning á mannlegum samskiptum og menningu landsins
- geti tjáð sig á skipulegan, rökrænan og samfelldan hátt um bókmenntir í rituðu og töluðu máli
- geti skrifað kjörbókarritgerð með hefðbundinni uppsetningu, tilvitnunum og rökstuddum skoðunum
- afli sér góðrar þekkingar á einhverju sérverkefni í tengslum við bókmenntir
- geti notað sköpunarhæfileika sína til að semja eigin texta
- geti beitt ýmsum vinnuaðferðum og hjálpargögnum við upplýsingaöflun
- geti borið ábyrgð á eigin námi, sýnt frumkvæði og unnið með öðrum af umburðarlyndi

Leiðir

Nemandi

- noti helstu greiningaraðferðir, hugtök og orðaforða sem tengjast bókmenntum við að skrifa ritgerð (innangangur, meginmál, niðurlag) um efni tengd áfanganum
- flytji undirbúið og skipulagt erindi um bókmenntaverk, rithöfund, tímabil eða annað efni sem tengist áfanganum með hjálp tölvu/glæru/veggspjalda
- hlusti á efni tengt bókmenntum, geri útdrátt, túlki, segi frá
- taki virkan þátt í undirbúnum umræðum um bókmenntir (seminar)

- semji sjálfur eða í hópi bókmenntatexta, noti sköpunarhæfileika og ímyndunarafl
- breyti bókmenntatexta, semji t.d. ævintýri út frá ljóði eða skáldsögu
- greini texta eftir tímabilum bókmenntasögunnar
- skrifi eigin bókmenntatexta, t.d. út frá frétt í dagblaði
- geri vefsíðu um efnistöð áfangans
- skoði kvikmynd gerða eftir skáldverki, beri saman við verkið og túlki
- fái sænskan/norskan rithöfund í heimsókn í kennslustund og taki þátt í umræðum
- hlusti á eða lesi sýnishorn af bókmenntum annarra Norðurlanda, sjái leikrit
- noti upplýsingatækni til að afla sér heimilda og kynna niðurstöður á ýmsan hátt

NOR/SÆN 403 Saga og menning

Undanfari: NOR/SÆN 203/303

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á aukna þekkingu á norskrí/sænskri sögu, samfélagi og menningu í víðum skilningi. Kynnt er hvaða áhrif ýmsir sögulegir atburðir hafa haft á Norðurlöndunum, bæði í nútíð og fortíð, og hvernig saga og menning eru samofin daglegu lífi okkar.

Áfanginn er þrískiptur. Í fyrsta þriðjungi hans er lesið úrval bókmennta sem tengjast sögu og menningu. Helstu aðferðir í bókmenntagreiningu eru notaðar. Horft er á kvikmyndir sem tengjast efni áfangans.

Í öðrum hluta áfangans er fjallað um hvernig saga og menning birtist í málefnum líðandi stundar. Vinna mætti áfram með ákveðinn þemu úr fyrsta hluta áfangans. Nemandur afla sér efnis eftir áhugamáli hvers og eins, t.d. úr fjölmiðlum (dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi og Netinu).

Í þriðja hluta áfangans vinnur nemandi sérverkefni um sögu og menningu, einn sér eða í para-/hópvinnu (ferlisverk). Nemandi velur viðfangsefni eftir áhuga en í samráði við kennara, einnig má tengja sérverkefnið fyrsta hluta áfangans. Nemandi notar viðeigandi fagorð og hugtök og einfaldar rannsóknaraðferðir og skoðar viðfangsefnið frá ýmsum hliðum. Þannig fær hann verulegt innsæi í sérverkefnið, sem unnið verður með hjálp upplýsingatækni (margmiðlunarefni, Netið, bókasöfn). Verkefnið er kynnt munnlega og skriflega. Þverfagleg vinna er æskileg.

Áfangamarkmið

Nemandi

- fái yfirlit yfir norska/sænska menningu og sögu
- öðlist þekkingu á mikilvægum söguatburðum í Nor-egi/Svíþjóð og hvernig þeir hafa haft áhrif bæði í nútíð og fortíð

- öðlist skilning á að menning og saga er samofin daglegu lífi
- hafi kynnst hvernig saga og menning birtist í fjölmiðlum í málefnum líðandi stundar
- geti lagt gagnrýnið mat á heimildir tengdar efni áfangans
- fái aukna leikni í að tjá sig, bæði í ræðu og riti, um söguleg og menningarleg efni og í að nota fagorð og hugtök
- hafi öðlast itarlega þekkingu á tilteknu efni sem tengist sérverkefni áfangans
- fái skilning á að kunnátta um sögu og menningu eflir sjálfsvitund, eykur umburðarlyndi og er lykill að menningu þjóða
- hafi fengið aukna þjálfun í að vinna sjálfstætt að þekkingaröflun með hjálp upplýsingatækni
- geti borið aukna ábyrgð á námi sínu, hafi þjálfast í að vinna með öðrum og bera ábyrgð á verkefni til jafns við aðra

Leiðir

Nemandi

- lesi og hlusti á fréttir og fréttatengt efni um sögu og menningu og dragi fram helstu atriði og atburði
- búi til fréttu-, útvarps- eða myndbandsþátt, teikni-myndasögu eða geri vefsíðu um efnistöð áfangans
- beri saman skáldverk og/eða önnur bókmenntaverk um sögu við ritaðar heimildir eða kvikmyndir
- noti einfaldar rannsókaráðferðir til að sannprófa sannleiksgildi heimilda
- taki þátt í umræðum um sögulegt/menningarlegt efni með viðeigandi orðaforða, fagorðum og hugtökum
- flytji undirbúið og skipulagt erindi um valið efni, færi rök fyrir niðurstöðum með hjálp tölvu/glæru/veggspjalda
- semji ritgerð/sérverkefni (inngangur, meginmál, niðurlag) um efni tengt áfanganum og noti greiningaráðferðir, fagorð og hugtök
- kynni sögulegt efni í formi leikrits, ljóðs o.þ.h., noti sköpunarhæfileika og ímyndunarafli
- noti upplýsingatækni, leiti heimilda á bókasófnum, Netinu, í margmiðlunarefni, heima fyrir og víðar

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt. (Sjá einnig Námsmat.)

Dæmi um mat á þema- og ferlisverkefni (sjá Námsmat)

NOR/SÆN 503 Nám og starf

Undanfari: NOR/SÆN 203/303

Áfangalýsing

Áfangi fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara í framhaldsnám til Norðurlanda og/eða vinna þar. Áfanginn hentar einnig fyrir þá sem taka þátt í norrænu samstarfi, íþróttum, nemendaskiptum eða öðru félagsstarfi.

Áfangi þessi er þrískiptur. Í fyrsta hluta lesa nemendur bókmenntatexta sem fjalla um nám og störf á ýmsum tímum og sem endurspeгла breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu undanfarna áratugi.

Í öðrum hluta er fjallað um nám og starf á Norðurlöndunum og málefni líðandi stundar sem tengjast því. Nemandi fræðist m.a. um viðskipti og nemendaskipti milli Íslands og Svíþjóðar/Noregs. Norræn samstarfsverkefni kynnt, t.d. Nordjobb. Lögð er áhersla á orðaforða og hugtök í tengslum við nám og starf.

Í þriðja hlutanum vinnur nemandi sérverkefni um nám og starf, einn sér eða í para-/hópvinnu (ferlisverk). Nemandi velur viðfangsefni eftir áhuga en í samráði við kennara. Einnig má tengja sérverkefnið fyrsta hluta áfangans. Nemandi notar viðeigandi fagorð og hugtök og einfaldar rannsóknaraðferðir og skoðar viðfangsefnið frá ýmsum hliðum. Þannig fær hann verulegt innsæi í sérverkefnið sem unnið verður með hjálp upplýsingatækni (margmiðlunarefni, Netið, bókasöfn). Verkefnið verður kynnt munnlega og skriflega. Þverfagleg vinna er æskileg.

Áfangamarkmið

Nemandi

- fáí aukna leikni í að tjá sig á norsku/sænsku, bæði í ræðu og riti, um nám og starf, og leikni í að nota viðeigandi orðaforða, fagorð og hugtök
- hafi kynnst umfjöllun rithöfunda um hvernig starf og nám hefur áhrif á líf hvers einstaklings
- hafi fengið nokkra yfirsýn yfir framhaldsmenntun og tækifæri til starfa á Norðurlöndunum og kynnst samstarfsverkefnum sem tengjast löndunum
- hafi fengið þjálfun í að sækja um bæði skólavist og starf á Norðurlöndunum
- hafi kynnst hvernig nám og starf birtist í fjölmiðlum, geti lagt gagnrýnt mat á efnið
- þekki til helstu viðskiptasambanda milli Íslands og Svíþjóðar/Noregs
- geri sér grein fyrir að góð kunnátta í tungumálinu og þekking á samfélaginu auðveldar honum að stunda nám og vinnu í landinu
- geri sér grein fyrir að góð kunnátta í málinu liðkar fyrir viðskiptum milli landa
- hafi öðlast itarlega þekkingu á tilteknu efni sem tengist sérverkefni hans
- geti beitt upplýsingatækni í leit og miðlun efnis um nám og starf á Norðurlöndunum
- hafi fengið aukna þjálfun í að vinna sjálfstætt að þekkingaröflun með hjálp upplýsingatækni
- geti borið aukna ábyrgð á námi sínu og hafi þjálfast í að vinna með öðrum og bera ábyrgð á verkefni til jafns við aðra

Leiðir

Nemandi

- taki þátt í umræðum um nám og starf með viðeigandi orðaforða, fagorðum og hugtökum

- noti helstu greiningaraðferðir, hugtök og orðaforða í umfjöllun um bókmenntir í tengslum við áfangann
- þjálfist í að nota einfaldar rannsóknaraðferðir til að sannprófa sannleiksgildi heimilda
- flytji undirbúið og skipulagt erindi um valið sérverkefni tengt námi og starfi með hjálp tölvu/glæru/veggspjalda
- skrifi ritgerð/sérverkefni (með inngangi, meginmáli og niðurlagi) um efni tengt áfanganum, t.d. ferðaþjónustu, tölvutækni eða byggingariðnað, og noti viðeigandi fag-orð og hugtök
- afli sér upplýsinga um inntökukröfur í sænska/norska skóla, lesi atvinnuauglýsingar og fylli út umsóknir
- fari í vettvangsheimsóknir til fyrirtækja og stofnana hérlendis með viðskipti og tengsl við Noreg/Svíþjóð
- taki viðtöl við Íslendinga sem stundað hafa nám eða starfað hafa í Noregi/Svíþjóð
- búi til fréttu-, útvarps-, eða myndbandspátt eða geri vefsíðu um efnistöð áfangans
- noti upplýsingatækni, leiti heimilda á bókasöfnum, á Netinu eða í margmiðlunarefni, heima fyrir og viðar

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt. (Sjá einnig Námsmat.)

Dæmi um mat á þema- og ferlisverkefni (sjá Námsmat)

NOR/SÆN 513 Þýðingar

Áfangalýsing

Áfanginn hefur hagnýtt gildi fyrir nemendur sem hafa áhuga á að starfa þar sem þörf er á kunnáttu í þýðingum, t.d. í ferðabjónustu, fjölmiðlum og Norðurlandasamskiptum.

Nemendur fá þjálfun í að þýða ýmsar tegundir texta af norsku/sænsku á íslensku og öfugt. Þýðingarðferðir eru kynntar svo og einfaldar kenningar um þýðingar. Þýðingarforrit eru kynnt, einnig notkun orðabóka og gagnabanka bókasafna. Farið er í vettvangsheimsókn, t.d. á sjónvarpstöð.

Nemendur vinna eitt sérverkefni sem getur verið þýðing á hagnýtum texta: kynningarbæklingur, texti við kvikmynd eða bókmenntatexti. Verkefnið er unnið sem einstaklingsverk eða í samvinnu við aðra (ferlisverk). Það er kynnt munnlega og skriflega. Viðbrögð og mat frá hópnum er verulegur þáttur í náminu. Áhersla er lögð á virka samvinnu milli nemenda. Þverfagleg vinna er æskileg.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti þýtt á nokkuð þjálu og réttu máli algengustu gerðir texta úr sænsku/norsku yfir á íslensku og öfugt
- geti á gagnrýninn hátt borið saman frumtexta og þýðingu á honum
- hafi tilfinningu fyrir stillblæ máls og hvernig texti getur tekið breytingum eftir mismunandi stillbrigðum
- bæti málkunnáttu sína og bæti við orðaforða
- geti þýtt einfalt fagmál bæði á íslensku og á norsku/sænsku
- geti af nokkurri leikni notað ýmsar tegundir orðabóka í báðum málunum, m.a. iðorðabækur og gagnabanka bókasafna
- geti notað algeng þýðingarforrit

Nemandi

- hafi fengið aukna þjálfun í að vinna sjálfstætt að þekkingaröflun með hjálp upplýsingatækni
- geti borið aukna ábyrgð á námi sínu, hafi þjálfast í að vinna með öðrum og bera ábyrgð á verkefni til jafns við aðra

Leiðir**Nemandi**

- þýði mismunandi tegundir texta einn sér og í samvinnu við aðra
- beri saman eigin þýðingu við þýðingu annarra nemenda
- beri saman þýðingar við frumtexta
- taki fyrir orð og orðasambönd og önnur málfarsleg atriði sem geta valdið vandamálum í þýðingu milli norsku /sænsku og íslensku
- kynni sérverkefni munnlega, fái viðbrögð frá öðrum nemendum og taki þátt í umræðum
- noti upplýsingatækni, leiti heimilda á bókasöfnum, Netinu, í margmiðlunarefni, heima fyrir og víðar

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt. (Sjá einnig Námsmat.)

Dæmi um mat á þema- og ferlisverkefni (sjá Námsmat)

NOR/SÆN 313 Skandinavískur kynningaráfangi

Undanfari: DAN/NOR/SÆN 203

Áfangalýsing

Kynningaráfangi fyrir þá sem lokið hafa kjarnaáföngum í einu Norðurlandamáli og vilja byggja ofan á kunnáttu sína til þess að öðlast meira öryggi í að nota Norðurlandamál. Farið er yfir undirstöðuatriði í norsku/sænsku, unnið að því að auka skilning á lesnu og töluðu máli og því sem er líkt og ólíkt í málunum, í framburði, málfræði og orðaforða. Áhersla er lögð á kynningu á löndunum og Norðurlöndum sem heild. Kennslan byggist á virkri þátttöku nemenda í þema- og hópvinnu og ferlisverkefnum.

Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda og unnið er með þema- og ferlisverkefni og í hópvinnu.

Efnisflokkar sem vinna mætti með eru meðal annars:

Skólar, framhaldsnám, nemendasamskipti.

Atvinnuvegir, störf.

Íþróttir, menning og listgreinar.

Hreyfing, heilsa, mataræði.

Lífsstíll: poppheimurinn.

Frægt fólk: konungsfjölskyldan.

Stjórnarhættir og fólkið í landinu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skilið og gert sig skiljanlegan með nokkuð góðum framburði á sænsku/norsku þegar talað er um algengt efni tengt daglegu lífi og starfi
- geti skilið meginefni í norskum/sænskum ótextuðum bíómyndum, sjónvarpsefni eða myndbandsefni
- geti lesið nokkurn veginn óhindrað og skilið meginefni í einföldum sænskum/norskum bókmenntatextum
- geti lesið sænska/norska fjölmiðla- og upplýsingatexta (í blöðum, bæklingum, á Netinu)

Nemandi

- geti skrifað á tiltölulega réttu máli stutta, einfalda texta um efni sem unnið er með, t.d. þema-/ferlisverkefni
- hafi fengið þjálfun í að fylla út umsóknareyðublöð um nám og starf
- hafi fengið innsýn í ákveðna efnispætti um land og þjóð (þema-/ferlisverkefni) og tileinkað sér orðaforða í tengslum við það
- geti af nokkurri leikni notað orðabækur og gagnabanka bókasafna
- hafi fengið aukna þjálfun í að vinna sjálfstætt að þekkingaröflun með hjálp upplýsingatækni
- geti borið aukna ábyrgð á námi sínu, hafi þjálfast í að vinna með öðrum og bera ábyrgð á verkefni til jafns við aðra
- geri sér ljóst að kunnátta í norsku/sænsku og þekking á menningu þjóðanna auðveldar umgengni við aðra Norðurlandabúa

Leiðir

Nemandi

- lesi og hlusti á texta sem fjalla um daglegt líf, t.d. fjölmiðlatexta, dragi fram helstu atriði, segi frá, fylli í eyður, skrifi skilaboð
- taki þátt í umræðum um efni sem unnið hefur verið með í kennslustundum
- kynni sér námsframboð, atvinnutækifæri og fylli út umsóknir
- horfi á ótextað myndefni, geri útdrátt, krossi við rétt svör og semji spurningar
- lesi einfalda bókmenntatexta og vinni með orðaforða munnlega og skriflega
- fái innsýn í ákveðna efnispætti um land og þjóð; vinni þema-/ferlisverkefni
- kynni munnlega í kennslustund undirbúið stutt efni sem mætti tengjast þema-/ferlisverkefni með hjálp tölvu/glæru/veggspjalda

Nemandi

- kynni efni, t.d. þemaverkefni, sem unnið hefur verið með á ýmsan hátt, geri vefsíðu
- noti upplýsingatækni, leiti efnis á bókasöfnum, Netinu, í margmiðlunarefni, heima fyrir og víðar

Námsmat

Við námsmat skal ávallt tekið mið af þeirri vinnu sem nemendum er ætlað að inna af hendi samkvæmt námsáætlun og kröfur gerðar í samræmi við það. Meta skal alla færniþætti í réttu hlutfalli við vægi þeirra í áfanganum. Nemendum sé alltaf gert ljóst hvað verið er að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Námsmat getur verið í formi símats eða lokamats, formlegt og óformlegt. (Sjá einnig Námsmat.)

Dæmi um mat á þema- og ferlisverkefni (sjá Námsmat)



FRANSKA

Inngangur

Á Íslandi á franskan sér meira en 200 ára langa sögu. Hún hefur átt sér fastan sess í bóknámi alla 20. öld, mikinn hluta 19. aldar og rekur upphaf sitt til Hólavallaskóla á ofanverðri 18. öld. Fyrir tilstilli Íslendinga varð Alliance Française með fyrstu erlendu menningarstofnunum til að setjast að hér á landi, árið 1911. Þessi stofnun starfrækir gott bóka- og myndbandasafn og stendur fyrir öflugum félagslífi með fyrirlestrum og öðrum samkomum. Áhrif Alliance Française í öðrum löndum eru mikil og sækja á ári hverju um 400 þúsund manns frönskumenntun sína þangað.

Franska er lykill að mörgum menningarsamfélögum. Talið er að um 250 milljónir manna í 52 löndum tali frönsku. Þar af eiga tæplega 113 milljónir frönsku að móðurmáli, langflestir í Evrópu eða 67 milljónir og þar næst í Afríku um 40 milljónir. Íbúatala í Frakklandi er 60,9 milljónir.

Í Norður-Ameríku er franska töluð í Kanada, þar sem eru tvö opinber tungumál, enska og franska, en í fylkjunum háttar þó til á ýmsa vegu: Í Québec þar sem 82% íbúanna eru frönskumælandi er franska eina opinbera tungumálið. Í New Brunswick eru opinberu tungumálin tvö. Í hinum fylkjunum er enska opinbert mál en allfjöldmennir frönskumælandi minnihlutahópar eru í sjávarfylkjunum, í Ontario og á kanadísku sléttunum.

Í Bandaríkjunum er talið að um 13% íbúa séu af frönskumælandi uppruna og að ein milljón og sexhundrað þúsund íbúar tali meira eða minna franska tungu heima fyrir. Franska er töluð í Louisiana, sem áður var franskt landsvæði, en stóra hópa frönskumælandi manna er einnig að finna á Nýja-Englandi, í Kaliforníu og á Flórída.

Frönskuáhugi á Íslandi er nokkuð stöðugur. Mestu skiptir velgengni Frakka á alþjóðavettvangi, áhrif þeirra í utanríkismálum, sigur á íþróttasviði, eftirtektarverðar vísindauppgötvanir og vinsældir á tónlistarmarkaði. Almennur áhugi og innsýn í franska menningu og heimspeki hefur einnig vaxið með góðum þýðingum. Má þar m.a. nefna þýðingar á verkum eftir rithöfundana Marie Darieussecq, Régine Desforges, Marguerite Duras, Gustave Flaubert, André Gide, Milan Kundera, André Malraux, Marcel Proust, Pascal Quignard, Eric-Emmanuel Schmitt, Marguerite Yourcenar, ljóðskáldin Paul Éluard og Jacques Prévert, heimspekingana Jacques Derrida og Michel Foucault og hina sígildu snillinga Diderot, Rabelais, Corneille og Racine.

Um gildi frönskunáms

Franska er eitt mikilvægasta tungumálið innan Evrópu-sambandsins ásamt ensku, enda þótt í orði kveðnu sé tungumálum ekki mismunað á þeim vettvangi.

Góð frönskuþekking veitir aðgang að víðfrægum háskólum og menntastofnunum.

Ef fólk hyggur á alþjóðaviðskipti eða að komast í störf hjá alþjóðlegum stofnunum getur ráðið úrslitum að kunna frönsku.

Hjá óháðum stofnunum eins og Alþjóðadómstólnum í Haag og Mannréttindadómstólnum í Strassborg er frönskuþekkingar krafist enda allir dómur gefnir út á ensku og frönsku.

Frönskukunnátta getur greitt fyrir í utanríkisviðskiptum en Frakkar eru fjórðu stærstu innflytjendur íslenskra afurða á eftir Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Atvinnutækifærum hefur fjölgað við það að íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl á frönskum markaði.

Gert er ráð fyrir auknum straumi franskra ferðamanna með tilkomu beins flugs til og frá París og aukinni þörf því samfara á frönskumælandi fólki í þjónustugeiranum, svo sem á hótélum, veitingastöðum, í leiðsögn og á ferðaskrifstofum.

Þeir sem hyggja á rannsóknar- eða vísindastörf eru ekki á flæðiskeri staddir ef þeir kunna frönsku því að samvinna er á milli íslenskra og franskra vísindamanna á ýmsum sviðum og stöðugt er hugað að fleiri verkefnum. Stærstu verkefni varða snjóflóð og snjóflóðavarnir, jarðskjálfta, jarðvegseyðingu, loftækni og fiskeldi.

Franska er alþjóðlegt póstmál og eitt af opinberum tungumálum Ólympíuleikanna.

Síðast en ekki síst mun mesta aðdráttarafli frönskunnar vera það að hún þykir fögur áheyrnar og því eftirsóknarvert að komast í hóp þeirra sem tala hana.

Stúdentar sem hyggjast leggja stund á frönsku við Háskóla Íslands verða að hafa lokið tilskildum fjölda eininga í frönsku í framhaldsskóla (sjá nánar kennsluskrá Háskóla Íslands) og mælt er með frönskunámskeiði í tungumálaskólum erlendis. Vegna samninga við erlenda háskóla er unnt að taka hluta af BA-námi í frönsku á erlendri grund og er það þá gert í samráði við viðkomandi háskóla. Þeim sem ekki hafa valið latínu í framhaldsskóla er boðið upp á að sækja fornámskeið í þeirri grein við Háskóla Íslands.

Í Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands er boðið upp á einstaklingsmiðað tungumálanám fyrir alla nemendur háskólans og er þá hægt að tengja námið áhugamáli eða sérgrein, t.d. viðskiptafræði, lögfræði, mannfræði, raunvísindum, heimspeki eða hvaða annarri grein sem er. Skilyrði er að hafa lokið tilskildum fjölda eininga í tungumálinu í framhaldsskóla. Franska er eitt af tungumálunum sem í boði eru.

Alþjóðleg próf í frönsku

Til þess að öðlast inngöngu í franska háskóla þarf að ljúka DELF (Diplôme d'Études en Langue Française) og DALF (Diplôme Approfondi de Langue Française) sem eru alþjóðleg próf í frönsku. Hægt er að þreyta þessi próf í um 100 löndum og sér Alliance Française um framkvæmd þeirra hér á landi árlega. Handhafar prófanna geta sótt um að fá sérstakt evrópskt skirteini „European certificate (Level C og Level D)“ hjá University of London Examinations.

Prófin eru þannig uppbyggð að þau skiptast í nokkur mismunandi stig (fjögur í DELF 1, tvö í DELF 2 og fjögur í DALF). Ekki er nauðsynlegt að taka öll stigin í einu. Þau fynast ekki og alltaf má bæta við stigum hér eða erlendis.

Reynslan hefur sýnt að fyrstu stigin ættu góðir framhaldsskólanemendur að ráða við. DALF-prófið er hins vegar nokkuð erfitt og fer undirbúningur undir það fram á háskólastigi.

Nám og kennsla

Fyrstu kynni af málinu eru oft erfið vegna þess hve hljóðkerfið, sem er ein af ástæðunum fyrir því hve franskan þykir falleg, er einstakt og ólíkt því íslenska. Nokkurra vikna törn brýtur varnarmúrana og eftir það gilda sömu lögmál um frönsku og önnur tungumál að ástundun og æfing skapa meistarann.

Heimanám, sjálfstæð vinnubrögð og notkun uppflertirita og upplýsingatækni eru mjög mikilvægir þættir í tungumálanáminu.

Mælt er með því að nemendur á málabraut sem valið hafa frönsku sem þriðja eða fjórða mál bæti við sig a.m.k. sex einingum í málinu af kjörsviði. Nemendur á náttúru- og félagsfræðabrautum hefðu einnig mikinn hag af því að bæta við sig taláfanganum FRA 603.

Lokamarkmið eftir 12 einingar

Nemandi

- hafi tök á skýrum framburði
- geti tjáð sig og skilið aðra við allar algengar aðstæður og átti sig á því hvernig látbragð og raddblær geta breytt merkingu
- sé fær um að deila skoðunum sínum með öðrum og færa rök fyrir þeim að vissu marki
- geti sagt frá hvað áhugavert telst fyrir ferðamenn á Íslandi
- sé fær um að lýsa sögum og myndum bæði skriflega og fyrir áheyrendum
- geti tileinkað sér lestrarefni af ýmsu tagi, þ. á m. bókmenntatexta þar sem koma fyrir um 1200 orð og orðasambönd
- noti mismunandi lestraraðferðir eftir eðli texta og tilgangi með lestrinum
- geti beitt þeim málfræðireglum sem teljast til grundvallarreglna
- nýti sér söfn og upplýsingatækni til sjálfsnáms
- þekki fjölbreytilega menningu í Frakklandi og meðal frönskumælandi þjóða og geti á hlutlægan hátt borið hana saman við eigin menningu
- viti hvernig frönskunámið getur opnað honum leiðir síðar meir

Lokamarkmið eftir 15 einingar

Nemandi

- geti tekið þátt í almennum umræðum og notað málfræðikunnáttu sína þegar hann notar málið
- geti lesið texta með allt að 1600 orðum
- geti unnið heildstæð verkefni og kynnt öðrum niðurstöðurnar
- geti skrifað um sértæk efni, svo sem þætti úr franskri menningarsögu
- geti tekið fyrstu stigin í DELF (sjá Alþjóðleg próf í frönsku)

Áfangar

FRA 103 Framburður, orðaforði, menning

Áfangalýsing

Megináhersla er lögð á að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins. Færniþáttunum fjórum er sinnt jafnhliða eftir bestu getu og nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Einnig æfast þeir í samskiptum við ákveðnar aðstæður í daglegu lífi. Mjög mikil áhersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun þar sem mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun frönskunámsins. Markviss uppbygging orðaforða og kennsla í málfræði fer fram með hliðsjón af samskiptamarkmiðum áfangans.

Auk kennslu í tungumálinu sjálfu er varpað ljósi á þætti sem tengjast frönskumælandi þjóðum, franskri tungu og menningu. Einnig er fjallað stuttlega um uppruna frönskunnar, útbreiðslu hennar í heiminum og hvernig hún nýtist sem alþjóðlegt samskiptamál.

Áfangamarkmið

Nemandi

- nái nokkuð góðum tókum á frönskum framburði, tengingum orða, áherslum og hrynjandi og þekki öll nefkveðin sérhljóð, blísturshljóð og rödduð hljóð
- læri orðaforða sem tengist kynningum, kveðjum, spurningum, persónulegum upplýsingum, fjölskyldu, áhugamálum og staðháttum
- læri nútíð algengra sagna, greinana, kyn og tölu nafn- og lýsingarorða, fornöfn, töluorð og forsetningar
- geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefnum áfangans

Nemandi

- geti lesið einfalda texta sem miðast við orðaforðann sem hann lærir í áfanganum
- kundi algengustu kveðjur og kurteisisvenjur sem tíðkast í mannlegum samskiptum, svo sem að þúa, þéra, heilsa, kveðja, þakka og afsaka
- geti kynnt sig og aðra, lýst nánasta umhverfi, tekið þátt í samræðum um kunnuglegt efni og skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- geti beðið um og gefið einfaldar upplýsingar skriflega
- þjálfist í réttitun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist atriðum í daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

Efnisatriði

Frumatriði franskrar hljóðfræði með áherslu á hljóð sem ekki eru til í íslensku. Hljómfall staðhæfinga og spurninga. Nemendur hlusta og endurtaka. Myndun setninga í nútíð, staðhæfinga, spurninga og setninga með neitun. Persónu-, eignar-, ábendingar- og spurnarfornöfn. Samtalsæfingar úr eigin smíðju eða kennslubókinni sem snúast um að kynnast öðrum og kynna sig. Orðaforðaæfingar út frá lesnu efni í kennslubók eða úr ítarefni. Skriflegar lýsingar eða stuttar frásagnir, m.a. út frá myndum. Réttitun æfð, t.d. með því að skrifa niður eftir upplestri. Daglegt líf Frakka og frönskumælandi þjóða í hnotskurn gegnum námsefnið (les-, hlustunar-, mynd- eða margmiðlunarefni).

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta alla færniþættina fjóra, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Vægi þáttanna fer eftir mikilvægi þeirra í kennslunni. Eðlilegt er að hluti af lokamati byggist á könnunum og verkefnum á önninni. Lesskilning, ritfærni og málfræðikunnáttu má meta með skriflegu prófi í annarlök, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlök.

FRA 203 Tal, orðaforði daglegs lífs, málfræði

Undanfari: FRA 103

Áfangalýsing

Áfram er unnið að aukinni færni nemandans í hlustun, tali, lestri og ritun. Jafnhliða nýju efni er námsefni fyrri áfanga rifjað upp. Viðfangsefnin eru m.a. tengd daglegu lífi, atvinnu, ferðalögum, frii og liðnum atburðum. Veruleg áhersla er á aukinn orðaforða, málfræði og málskilning. Nemendur eru þjálfaðir í tali og ritun í tengslum við námsefnið.

Nemendur fá fræðslu um franskt þjóðlíf, siði og venjur samhliða námsefninu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- nái betra valdi á frönskum framburði, sérstaklega röddun samhljóða og tengingum, og geti nýtt sér alþjóðlega hljóðritunarkerfið til að tileinka sér framburð nýrra orða
- læri orðaforða sem tengist daglegum athöfnum, heilsufari, samskiptum á opinberum stöðum, ferðalögum, atvinnulífi o.fl.
- læri nýjar sagnbeygingar í nútíð, þátíð (passé composé), magnorð, raðtölur, persónufornöfn í andlagsfalli, nýjar forsetningar, samtengingar, m.a. tíðartengingar, miðstig o.fl.
- geti skilið frönsku við daglegar aðstæður og á helstu ferðamannastöðum
- geti lesið efni sem miðast við orðaforðann sem hann lærir í áföngunum FRA 103 og FRA 203
- geti lýst daglegum athöfnum, greint frá atburðarás í liðinni tíð, beðið um upplýsingar og þjónustu á ýmsum opinberum stöðum og tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir
- geti skrifað samfelld mál um líðandi stund og liðna atburði, fyllt út starfsumsóknir og ýmis eyðublöð á ferðalögum

- fræðist um ýmsa þætti í lífi Frakka, s.s. matarmenningu, ferðalög og frí, atvinnulíf, tísku, kvikmyndir, dagatal, hátíðir og árlega viðburði

Efnisatriði

Þjálfun í framburði, röddun og tengingum. Hljóðritun. Lestextar í kennslubók ásamt ýmsum lesskilnings- og orðaforðaæfingum. Samtöl í formi hlutverkaleikja um daglegt líf, innkaup, kaffi- og veitingahúsaferðir eða upplýsingar til ferðamanna. Einnig æfast nemendur í að tjá líðan, smekk og langanir. Nemendur fá tækifæri til að nota til eigin ritsmíða orðaforða og málfræði sem þeir eru að læra. Alhliða fræðsla um franska hvunndaginn og samanburður á kjörum og venjum.

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta alla færniþættina fjóra, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Vægi þáttanna fer eftir mikilvægi þeirra í kennslunni. Eðlilegt er að hluti af lokamati byggist á könnunum og verkefnum á önninni. Lesskilning, ritfærni og málfræðikunnáttu má meta með skriflegu prófi í annarlök, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlök.

FRA 303 Samtöl, lestur, ritun

Undanfari: FRA 203

Áfangalýsing

Áframhaldandi þjálfun í hlustun, tali, lestri og ritun. Upprifjun á efni fyrri áfanga samhliða nýju efni. Umfjöllunar-efni sem tengjast tómsundum, áhugamálum, ferðalögum, endurminningum og framtíðaráformum.

Nemendur nota málið til að afla sér fróðleiks um ýmis efni, t.d. með lestri nemendablaða. Lesnar eru léttlestrarbækur. Nemendur eru þjálfaðir í lestri og ritun lengri, samfelldra texta og í að segja frá liðinni og ókominni tíð í ræðu og riti. Sem fyrr eru nemendur fræddir um frönskumælandi þjóðir og menningu. Sérstök umfjöllun um frönsk málsvæði utan Evrópu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- fáí betri tilfinningu fyrir framburði og hljómfalli tungumálsins og geti greint blæbrigði
- læri orðaforða sem tengist áhugamálum, ferðalögum, frásögnum af liðinni tíð og áformum, auk orðaforða sem nauðsynlegur er til skoðanaskipta og ráðlegginga
- læri þátíð („imparfait“) og framtíð sagna („futur proche“/„futur simple“), muninn á „imparfait“ og „passé composé“. Auk þess fornöfnin „en“ og „y“, óákveðin fornöfn, tilvísunarfornöfn og stigbreytingu lýsingarorða
- geti náð aðalatriðum þegar talað er um kunnuglegt efni og skilið frásagnir í nútíð, þátíð og framtíð
- geti aflað sér fróðleiks um ýmis áhugamál með lestri blaða, bóka eða efnis á Netinu
- geti tjáð sig um þemu áfangans, látið í ljós skoðanir og óskir, greint frá ætlunum, lýst atburðum, persónum og aðstæðum

Nemandi

- geti m.a. skrifað sendibréf og einföld opinber bréf, samfelldar frásagnir í nútíð og þátíð, lýsingar á aðstæðum og fólki, samið æviágrip
- geti gert samanburð, gefið álit og ráð, beðið skriflega um upplýsingar, svarað upplýsingabeiðni
- fræðist nokkuð um frönsk málsvæði utan Evrópu svo og um ýmsa þætti í franskri menningu, t.d. vísindi, bókmenntir, listir, íþróttir og annað fréttatengt efni

Efnisatriði

Framburður og hljómfall æft með upplestri, tali og endurtekningum. Orðaforðaæfingar með aðstoð ýmissa uppflertirita, t.d. orðabóka, kennsluforrita og geisladiska. Málfræðisatriði: þátíð, framtíð, stigbreyting, fornöfnin „en“ og „y“, óákveðin fornöfn og tilvísunarfornöfn. Lesskilningur þjálfaður með ýmsum aðferðum, t.d. röðun í tímaröð, (fjölvals)spurningum, þýðingum og stuttum endursögnum. Þjálfun í mismunandi lestraráðferðum, s.s. hraðlestri, leitarlestri o.fl eftir eðli textanna og tilgangi með lestrinum. Talæfingar í para- eða hópvinnu. Nemendur ímynda sér ákveðnar aðstæður, mynda sér skoðanir á efninu og deila þeim með öðrum. Einnig semja þeir lýsingar og frásagnir skriflega og/eða munnlega. Nemendur vinna stutt þemaverkefni um frönskumælandi svæði eða einstaka menningarþætti sem þeir deila síðan með öðrum nemendum í hópnum.

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta alla færniþættina fjóra, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Vægi þáttanna fer eftir mikilvægi þeirra í kennslunni. Eðlilegt er að hluti af lokamati byggist á könnunum og verkefnum á önninni. Lesskilning, ritfærni og málfræðikunnáttu má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok.

FRA 403 Léttir bókmennta- og nytjatextar, framsögn

Undanfari: FRA 303

Áfangalýsing

Frægt fólk, fjölmiðlar, listir, bókmenntir, mismunandi heimkynni og landkynningar eru meðal viðfangsefna. Að mestu leyti er lokið við að fara yfir undirstöðuatriði franskrar málfræði. Veruleg aukning orðaforða og málskilnings auk hæfni til ritunar og tjáningar. Lesið er efni af ýmsum toga, svo sem stuttir bókmenntatextar, blaða- og tímaritsgreinar, auglýsingar og landkynningarefni. Nokkru hraðar er farið yfir námsefnið en áður. Hraðlestrar- og hlustunarefni aukið verulega og nemendur fjalla um það bæði munnlega og skriflega og gera auk þess fjáls verkefni.

Fræðsla um staðhætti og menningu sem tengist námsefninu, m.a. í formi kynninga og stuttra fyrirlestra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- nái skýrum framburði, eðlilegu hljómfalli og blæbrigðum í upplestri og tali
- auki orðaforða sinn svo um munar, læri m.a. orðaforða sem viðkemur bókmenntum, listum, fjölmiðlum, heimboðum og landkynningum
- styrki málfræðigrunn sinn og læri skildagatið („conditionnel“), skilyrðissetningar, óbeina ræðu, þolmynd, viðtengingarhátt og fleiri aðferðir til að mynda spurningar
- skilji samhengið í samfelldu mæltu máli þegar talað er um efni sem hann þekkir
- geti náð aðalatriðum úr samfelldu ritmáli um þekkt efni bæði úr nytjatextum og bókmenntatextum
- geti tjáð sig við allar algengar aðstæður um þemu áfangans og efni þeim skyld svo vel skiljist, geti m.a. kynnt Ísland sem ferðamannaland

Nemandi

- geti skrifað ýmsar gerðir texta, allt frá leiðbeiningum, skilaboðum, umsóknum og bréfum til samfelldra rit-smíða um efni sem hann þekkir vel
- fái innsýn í franskar bókmenntir, listir, vísindi, fjölmiðla-heim, kynnist frægum frönskumælandi persónum og ferðamannastöðum, fræðist um tengsl Íslands og Frakklands

Efnisatriði

Tal og upplestur. Æfingar í orðmyndun, samheitum, andheitum og frönskum orðskýringum. Nemendur æfast í að setja skilyrði, varpa fram tilgátum og hafa ummæli eftir öðrum. Lesnar ýmsar gerðir af textum, bæði bókmennta-og nytjatextum. Umræður um námsefnið í pörum og/eða hópum auk þess sem nemendur halda stuttar kynningar, t.d. á frægu fólki, skáldverkum, málverkum eða löndum. Ritunarverkefni með hliðsjón af námsefni, t.d. persónulýsingar, deili á höfundum, gagnrýni, endursagnir og frjáls ritun. Skyggst inn í heim franskra bókmennta, lista og fjölmiðla og svipast um á vinsælum ferðamannastöðum.

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta alla færniþættina fjóra, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Vægi þáttanna fer eftir mikilvægi þeirra í kennslunni. Hluti af lokamati getur byggst á könnunum og verkefnum á önninni.

Eðlilegt er að símat fái aukið vægi í þessum áfanga. Lesskilning, ritfærni og málfræðikunnáttu má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum, flutningi fyrirlestra á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok.

FRA 503 Bókmenntir, hlustun

Undanfari: FRA 403

Áfangalýsing

Áhersla lögð á lestur bókmennta og fræðslu um franska menningu. Ritað, rökrætt og skipst á skoðunum um náms-efnið. Upprifjun á málfræði fyrri áfanga, kenndar nýjar tíðir sagna. Þemaverkefni um bókmenntir og menningu. Nemendur hvattir til aukins sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- nái góðu valdi á frönskum framburði
- auki enn við orðaforða sinn og geti notað hann í nýju samhengi
- fái yfirlit yfir meginatriði franskrar málfræði
- geti skilið aðalatriði í almennum samræðum og umfjöllun um efni sem tengjast bókmenntum og menningu
- geti tileinkað sér efni bókmennta og efni um franska menningarþætti í gegnum kvikmyndir og með lestri og hlustun
- þjálfist í að afla sér fróðleiks um ýmis önnur efni, t.d. í gegnum margmiðlun
- geti tekið þátt í almennum viðræðum og skrifað um almenn efni, svo og efni sem tengjast bókmenntum og menningu þannig að vel skiljist
- lesi franska bókmenntatexta og vinni þemaverkefni um bókmenntir og/eða einn eða fleiri þætti úr franskri menningarsögu

Efnisatriði

Framburður þjálfður með tali og upplestri. Upprifjun á málfræði, bætt við nýjum samsettum tíðum og „passé siple“. Nemendur lesa bókmenntaverk, horfa á kvikmyndir og fást við þætti sem tengjast frönskumælandi löndum og menningu þeirra í sem víðustum skilningi. Skrifleg og munnleg umfjöllun um viðfangsefnin. Nemendur vinna þemaverkefni og flytja þau fyrir aðra nemendur í hópnun. Hlustað á franskt tal eftir föngum, t.d. í fræðsluþáttum, fréttum, kvikmyndum og fyrirlesturum.

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta alla færniþættina fjóra, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Vægi þáttanna fer eftir mikilvægi þeirra í kennslunni. Hluti af lokamati getur byggst á verkefnum og könnunum á önninni.

Eðlilegt er að símat fái aukið vægi í þessum áfanga. Lesskilning, ritfærni og málfræðikunnáttu má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum, flutningi fyrirlestra á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok.

FRA 603 Taláfangi

Undanfari: FRA 403

Áfangalýsing

Þjálfun í talmáli. Reynt er að líkja sem mest eftir raunverulegum aðstæðum við þjálfun talmáls. Aðaláhersla er lögð á að hlusta og halda uppi samræðum þar sem persónuleiki, tjáningarþörf og skoðanir fá að njóta sín. Unnið er með hvetjandi efni sem byggir á stigvaxandi færni. Ætlast er til mikils frumkvæðis af hálfu nemenda hvort sem er við tæknilegar útfærslur verkefna eða hugmyndasmíð. Verkefni í lestri, hlustun og ritun eru eingöngu notuð þar sem þau geta ýtt undir talfærni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti tjáð sig skýrt og eðlilega á margvíslegan hátt á frönsku um málefni líðandi stundar
- geti nýtt sér virkan orðaforða sinn á eðlilegan hátt til að tjá hugsun sína á frönsku við ólíkar aðstæður
- geti tjáð sig munnlega um viðfangsefni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á
- geti brugðist við upplýsingum sem honum eru veittar

Efnisatriði

Spuni út frá daglegu umhverfi og aðstæðum. Þemavinna um efni sem hafa víða skírskotun, svo sem um stórborgir, næturlíf, tónlist o.fl. Gerðir samtalsþættir, stuttir leikþættir, fréttþættir og ferðalýsingar. Farið í leiki, þ. á m. tölvuleiki. Ljóðaflutningur, samlestur, söngur. Greining á stuttum myndskotum og hljóðupptökum úr fjölmiðlum.

Námsmat

Að miklu leyti byggt á framlagi nemandans í áfanganum, auk þess metin færni hans í tali í lok áfangans.

FRA 703 Fræðsluefni

Undanfari: FRA 403

Áfangalýsing

Áhersla lögð á fræðsluefni. Nemendur fást við fjölbreyttara og þyngra efni en áður (les-, hlustunar- og myndefni). Viðfangsefnin eru nytjatextar, svo sem blaða- og tímaritsgreinar, fræðslu- og landkynningarefni. Auk sameiginlegs námsefnis vinna nemendur verkefni til kynningar á landi eða landsvæðum. Skipst er á skoðunum um námsefnið. Þjálfun í hlustun, tali, lestri og ritun sem tengist ofangreindum viðfangsefnum. Mikið lagt upp úr sjálfstæði og skipulegum vinnubrögðum hjá nemendum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- haldi við færni sinni í frönskum framburði
- auki enn við orðaforða sinn og geti notað hann í nýju samhengi
- nýti málfræðikunnáttu sína þegar hann tjáir sig á frönsku
- geti skilið aðalatriði í almennum samræðum og umfjöllun um fræðsluefni svo og í fyrirlestrum
- þjálfist í að tileinka sér ýmiss konar fræðsluefni með lestri, hlustun, í fræðslumyndum og í gegnum margmiðlun
- geti tekið þátt í almennum viðræðum og skrifað ýmiss konar fræðsluefni svo vel skiljist
- vinni sjálfstætt verkefni um ákveðið efni, m.a. landkynningarverkefni
- æfist í að miðla fróðleik meðal samnemenda

Efnisatriði

Framburði haldið við með upplestri og tali. Lesnir nytja textar, horft á fræðslu- og kvikmyndir og fengist við þætti sem tengjast landkynningu. Skoðanaskipti um viðfangsefnin, auk skriflegrar og munnlegrar umfjöllunar um þau í einstaklings- eða hópvinnu. Kjörverkefni um landsvæði flutt í heyranda hljóði. Hlustað á franskt tal eftir föngum, t.d. af hljóðsnældum, í fræðsluþáttum, fréttum, kvikmyndum og fyrirlestrum.

Námsmat

Lokamat byggist á símati og/eða prófum í öllum færniþáttum. Eðlilegt er að verkefni unnin á önninni hafi meira vægi en í kjarnaáföngum þar sem þau eru að jafnaði víðameiri eftir því sem líður á námsferilinn.

FRA 803 Þemaáfangi

Undanfari: FRA 703

Áfangalýsing

Unnið að ákveðnu þema undir handleiðslu kennara. Viðfangsefni yrði valið í samráði við kennara og eftir áhuga-sviði nemenda hverju sinni. Það getur verið á sviði ýmissa sérgreina, s.s. bókmennta, lista, kvikmynda, vísinda og sagnfræði. Einnig kemur til greina samþætting í frönsku og upplýsingatækni. Verkefnið getur verið einstaklingsverkefni eða unnið af tveim nemendum eða fleiri. Viðfangsefnið er skoðað frá ýmsum hliðum og krufið til mergjar. Verkefnisskil geta verið með ýmsu móti eftir samkomulagi nemenda og kennara, skrifleg og/eða munnleg, t.d. ritgerð, verkefnamappa, blaðaútgáfu, vefsíða, fyrirlestur, greinargerð, myndband eða umræðuþáttur.

Áfangamarkmið

Nemandi

- fái þjálfun, einn eða í samvinnu við aðra, í að gera ítarlega rannsókn á ákveðnu efni
- þjálfist í að gera grein fyrir niðurstöðum úr rannsóknnum sínum með fjölbreytilegum hætti
- nýti sér, auk hefðbundinna aðferða, upplýsingatækni og fjölmiðla til að afla sér heimilda og koma máli sínu á framfæri

Efnisatriði

Þema ákveðið. Heimilda aflað um viðfangsefnið á breiðum grunni. Unnið úr heimildum. Afrakstur og niðurstöður settar fram á þann hátt að hæfni í meðferð mismunandi miðla fái notið sín.

Námsmat

Mat á skilaverkefni er lokamat í áfanganum.

FRA 313 Fagfranska (Valáfangi)

Undanfari: FRA 203

Áfangalýsing

Áhersla á fagmál, t.d. í viðskipta- og raungreinum, samfélagsgreinum og ferðaþjónustu. Getur hentað nemendum á ýmsum brautum sem komnir eru mislangt í námi. Fer þá efnisval áfangans eftir nemendahópnum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- læri orðaforða sem tengist sérgreinum
- geti lesið sér til í þeim greinum
- geti skilið umfjöllun um þær
- geti tekið þátt í umræðum um sérgreinar

Efnisatriði

Lestur texta um sérgreinar. Hlustunar- og myndefni. Munnleg og skrifleg verkefni sem tengjast inntakinu.

Námsmat

Byggt á símati og/eða lokaprófi.



SPÆNSKA

Inngangur

Þrátt fyrir aldalanga hefð fyrir viðskiptum á milli Spánar og Íslands og ást Íslendinga á spænskum sólarströndum var það fyrst á áttunda áratugnum að boðið var upp á spænsku sem þriðja mál til jafns við þýsku og frönsku í skólum landsins. Fram að því hafði spænska aðeins verið kennd sem valgrein. Sífellt fleiri nemendur velja spænsku sem þriðja mál enda er hún að verða eitt mikilvægasta viðskiptamál heimsins. Ísland er í sívaxandi mæli að vinna sér útflutningsmarkaði í spænskumælandi löndum. Þar að auki er spænska móðurmál um 350 milljóna manna í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku, að Brasilíu undanskilinni. Hún er einnig töluð í Miðbaugs-Gíneu, á Filippseyjum og vitaskuld á Spáni. Alls eru þetta 24 lönd í 5 heimsálfum. Aukið mikilvægi spænskunnar í Bandaríkjunum hefur einnig orðið til þess að æ fleiri leggja stund á hana. Er svo komið að erfitt er að komast af í mörgum ríkjum Bandaríkjanna án þess að kunna spænsku og tvítyngi er þar allalgengt.

Fyrir utan hagnýtt gildi þess að kunna spænsku hafa merkir rithöfundar skrifað á því tungumáli og spænskumælandi rithöfundar hafa nokkuð oft fengið nóbelsverðlaun í bókmenntum á síðastliðnum tuttugu árum. Meðal helstu rithöfunda spænskrar tungu má nefna Cervantes, höfund Don Kíkóta, og leikritaskáldið Lope de Vega. Ekki síður mikilvægar eru stórkostlegar bókmenntir Rómönsku Ameríku á þessari öld. Má nefna Jorge Luis Borges, Gabriel García Márquez, Juan Rulfo, Julio Cortázar, Isabel Allende, Gabriela Mistral, Carlos Fuentes og Mario Vargas Llosa.

Íslendingar eiga auðvelt með að bera spænsku rétt fram því að hljóðfræðin er mjög áþekk og í íslensku. Hins vegar er uppbygging og orðaforði þessa rómanska máls nokkuð framandi fyrir Íslendinga.

Lokamarkmið

Markmiðið með 12 eininga spænskunámi í framhaldsskóla er að nemendur nái nokkuð góðu valdi á spænskri tungu. Kenndir eru allir grunnþættir spænskrar málfræði. Orðaforði daglegs lífs og framburður er þjálfaður þannig að nemendur eiga að geta bjargað sér vandræðalaust við hversdagslegar aðstæður. Lögð er jöfn áhersla á alla færniþættina, þ.e. ritun, lesskilning, hlustun og munnlega tjáningu.

Byggt er stöðugt ofan á málfræði og orðaforðagrunn. Eftir Spænsku 203 eiga nemendur að vera færir um að dvelja í spænskumælandi landi og bjarga sér þar. Eftir Spænsku 403 hafa nemendur lært öll grunnatriði málfræðinnar og þjálfast í notkun tungumálsins. Þeir eiga að geta gert sig skiljanlega við flestar aðstæður daglegs lífs.

Nemendur fá innsýn í menningu spænskumælandi þjóða og verða færir um að bera saman við sinn eigin menningarheim. Bókmenntir, listir og saga Spánar og Rómönsku Ameríku skipa veigamikinn sess í náminu.

Nemendum er gerð grein fyrir hvað gerist við máltöku erlendra tungumála og þeir virkjaðir í að axla ábyrgð á eigin framförum. Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og kynntar eru leiðir til að afla þekkingar til að vinna að rannsóknarverkefnum sem tengjast náminu. Við spænskunám er stuðst við nútímaupplýsingatækni og kennsluforrit í spænsku.

Áfangar

SPÆ 103 Málfræði og menning

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttritun og lesskilningi.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- læri framburðarreglur og æfi framburð, nánar tiltekið
 - mismunandi framburð **b, d, ð** (dæmi: **B**arcelona, **V**alencia, **d**inero, **h**ablado)
 - mismunandi framburð **g**-hljóða (dæmi: **g**ustar, **g**uerra, **G**ibraltar, **g**ente, **g**uisantes)
 - framburð **k**-hljóða (dæmi: **c**acao, **c**ocina, **c**uchillo, **q**uiosco, **q**ueso)
 - framburð **p**-hljóða (dæmi: **z**apato, **z**orro, **z**umo, **c**epillo, **c**ine)
 - framburð á **j, ñ, rr, ll** og **ch**
 - hljóðleysi **h**
 - helstu reglur um áherslur í spænsku

Orðaforði

- byggji upp orðaforða um athafnir daglegs lífs og tileinki sér þann orðaforða sem er í kennslubókinni og þjálfaður er markvisst í kennslustundum, nánar tiltekið
 - kurteisisreglur (dæmi: þéranir, þúanir, kveðjur og kynningar)
 - að lýsa sjálfum sér og öðrum
 - að tala um fjölskyldu sína, atvinnu og nánasta umhverfi
 - að þekkja helstu heiti yfir mat og drykk og bjarga sér í verslunum

- tölur og að tjá sig um tíma (dæmi: nöfn árstíða og vikudaga, dagsetningar)
- helstu aðferðir við glósugerð og minnistækni, svo sem að tengja saman skyld orð og orðflokka

Nemandi

Málfræði

- læri grundvallaratriði í málfræði með íslenskt mál til hliðsjónar, nánar tiltekið
 - orðaröð í setningum
 - beygingar reglulegra og afturbeygðra sagna í nútíð
 - beygingar helstu óreglulegra og hljóðskiptra sagna í nútíð
 - mun á sögnunum sem þýða vera: *ser, estar, haber (hay)*
 - lýsingarhátt nútíðar
 - nána framtíð (dæmi: *ir a comprar*)
 - sagnir svo sem *gustar* og *apetecer*
 - kyn og tölu nafnorða og lýsingarorða
 - ákveðinn og óákveðinn greini
 - fornöfn (spurnarfornöfn, persónufornöfn, ábendingarfornöfn og eignarfornöfn)
 - algengar forsetningar eins og *a, en* og *de*

Málskilningur - hlustun

- skilji almenn orð og einfaldar setningar, nánar tiltekið
 - þegar viðmælandi talar hægt og skýrt með hléum um sjálfan sig og fjölskyldu sína
 - þegar viðmælandi talar hægt og skýrt með hléum um nánasta umhverfi
 - efni af hljóðböndum sem sniðið er fyrir byrjendur
 - efni af hljóðböndum úr kennsluefni/kennslubók

Málskilningur - lestur

- skilji allt það lesefni sem farið er í í tímum og geti unnið verkefni tengd því, nánar tiltekið
 - kunnugleg nöfn, orð og mjög einfaldar setningar
 - tilkynningar, auglýsingar og upplýsingar um einföld atriði daglegs lífs
 - texta sem tilheyra kennsluefni

- Tjáning - samskipti**
- Nemandi
- geti tekið þátt í einföldum samræðum við annað fólk, nánar tiltekið
 - beðið viðmælanda um að endurtaka og tala hægar
 - spurt og svarað einföldum spurningum varðandi grunnþarfir sínar eða um kunnugleg málefni
- Tjáning - talað mál**
- geti notað þann orðaforða sem þjálfaður er í áfanganum, nánar tiltekið
 - myndað stuttar, einfaldar setningar og notað ýmis orðasambönd rétt
 - gefið upplýsingar um sjálfan sig (nafn, aldur, þjóð-erni, starf, kyn, heimilisfang, símanúmer o.s.frv.)
 - lýst útliti fólks og sjálfum sér
 - lýst kringumstæðum sínum og umhverfi
 - talað um menntun og tómstundir
- Tjáning - ritað mál**
- tjái sig í rituðu máli og noti þann orðaforða sem þjálfaður er í áfanganum, nánar tiltekið
 - skrifi texta með því að styðjast við kennslubók
 - skrifi eftir upplestri
 - skrifi póstkort og afmælis- eða jólakveðjur
 - fylli út eyðublöð
 - skrifi stutt skilaboð
 - skrifi einfalt persónulegt bréf
 - geti gefið upplýsingar um sjálfan sig og lýst vinum og fjölskyldu
- Menning**
- kynnist fjölbreytileika og víðfeðmi hins spænskumælandi heims, nánar tiltekið
 - hvar í heiminum spænska er töluð og geti nefnt þau lönd á spænsku
 - viti hvaða menningarþættir eru einkennandi fyrir þau lönd sem til umræðu eru og geti borið for-
dómalaust saman við eigin menningarheim

Námsmat

Nemendur eru símetnir í framförum sínum og tekið er tillit til allra færniþátta. Í námsmati er lögð jöfn áhersla á alla færniþættina. Því mætti til dæmis haga þannig að 40% sé frammistaða yfir önnina og 60% sé próf í annarlok.

SPÆ 203 Orðaforði og málfræði

Undanfari: SPÆ 103

Áfangalýsing

Megináhersla er á samtalsæfingar úr efni áfangans, bætt er við orðaforða og málfræði auk þess sem nemendur læra að nota aðrar tíðir sagna. Bætt er jafnt og þétt við óvirkan og virkan orðaforða. Nemendur eru hvattir til að búa sjálfir til samtöl sem tengjast lesefninu. Þeir lesa efni af menningarlegum toga og leysa verkefni tengd því. Nemendur ná leikni í að bjarga sér í spænskumælandi landi.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- æfi framburð og rifji upp reglur um framburð og áherslur í spænsku (upprifjun úr Spænsku 103), nánar tiltekið
 - mismunandi framburð **b, d** og **ð**. (dæmi: **B**arcelona, **V**alencia, **d**inero, **h**ablado)
 - mismunandi framburð **g**-hljóða. (dæmi: **g**ustar, **g**uerra, **G**ibraltar, **g**ente, **g**uisantes)
 - framburð **k**-hljóða. (dæmi: **c**acao, **c**ocina, **c**uchillo, **q**uiosco, **q**ueso)
 - framburð **p**-hljóða. (dæmi: **z**apato, **z**orro, **z**umo, **c**epillo, **c**ine)
 - framburð á **j, ñ, rr, ll** og **ch**
 - hljóðleysi **h**
 - helstu reglur um áherslur í spænsku
 - muninn á spænskunni á Spáni og í Rómönsku Ameríku

Orðaforði

- byggi upp orðaforða um athafnir daglegs lífs og tileinki sér þann orðaforða sem er í kennslubókinni og þjálfaður er markvisst í kennslustundum, nánar tiltekið, læri að
 - tjá sig um líkamlegt ástand, líkamshluta og andlega líðan
 - lýsa híbýlum sínum
 - tala um líf og menningu í einstökum spænskumælandi löndum

- spyrja til vegar og nota samgöngutæki
- tala um mat og matargerð
- tala um atburði í nánustu framtíð og núliðinni tíð (dæmi: *ir + a + nafnháttur sagna* og *haber + lýsing-arháttur þátíðar*)

Nemandi

Málfræði

- læri grundvallaratriði í málfræði með íslenskt mál til hliðsjónar, nánar tiltekið, kunni
 - að byggja upp setningar
 - beygingar sagna í nútíð, núliðinni tíð og ákveðinni þátíð (pretérito indefinido)
 - að nota allar helstu óreglulegar sagnir í ofangreindum tíðum
 - að nota hljóðskiptar sagnir í ofangreindum tíðum
 - hjálparsögnina *haber*
 - að nota rétt *ser* og *estar*
 - lýsingarhátt nútíðar og þátíðar
 - nána framtíð (dæmi: *ir a comprar*)
 - kurteislegt form boðháttar (dæmi: *coma usted todo, tome usted*)
 - orðasambönd sem taka með sér nafnhátt (dæmi: *tener que, acabar de, después de, antes de*)
 - tímasetningar og staðaratviksorð
 - fornöfn (persónufornöfn í þolfalli og þágufalli, ábendingarfornöfn og óákveðin fornöfn)
 - allar algengar forsetningar

Málskilningur - hlustun

- æfi hlustun af tal- og myndböndum, venjist því að hlusta og ná lágmarksskilningi, nánar tiltekið
 - geti skilið einföld samtöl af böndum og í samskiptaverkefnum
 - geti náð aðalatriðum í samtali við fólk sem talar skýrt og eðlilegt mál
 - geti fylgst með eðlilegu talmáli sem beint er að þeim og þar sem rætt er um dagleg málefni

- æfi hlustun efnis af menningarlegum toga (söngvar, kvikmyndir)
- læri að endursegja efni sem hann hlustar á

Nemandi

Málskilningur - lestur

- byggi upp orðaforða með markvissri verkefnavinnu og lesi texta af ýmsum toga, nánar tiltekið
 - leiti tiltekinna upplýsinga í texta
 - greini aðalatriði úr texta
 - lesi efni úr dagblöðum, tímaritum og öðrum upplýsingamiðlum
 - lesi og þýði texta og ræði aðferðir við þýðingar
 - skilji allt það lesefni sem farið er í í tímum og geti unnið verkefni tengd því

Tjáning - samskipti

- geti tekið þátt í einföldum samræðum við annað fólk, nánar tiltekið
 - beðið viðmælanda um að endurtaka og tala hægar
 - spurt og svarað einföldum spurningum um grunnþarfir sínar eða kunnugleg málefni
 - tekið þátt í einföldum samræðum um sig og daglegar athafnir sínar

Tjáning - talað mál

- kappkosti að virkja nýjan orðaforða með því að nota hann í talmáli, nánar tiltekið
 - taki þátt í fjölbreytilegri samræðum á spænsku en í undanfara
 - gefi upplýsingar um kringumstæður sínar og umhverfi
 - ræði efnisatriði lesefnis
 - þjálf sig í að segja frá einstökum atburðum í þátíð

Tjáning - ritað mál

- tjái sig í rituðu máli og æfi málfræðiatríði, nánar tiltekið
 - skrifa texta með því að styðjast við kennslubók
 - tjá sig að takmörkuðu leyti um skoðanir sínar og langanir
 - æfi réttitunarreglur

- riti rétt hljóðasamböndin: ca, co, cu, qui, que, za, zo, zu, ci, ce, ga, gui, gue, ge, gi
- haldi dagbók og skrifi skilaboð um daglegt líf
- fylli út eyðublöð
- skrifi einfalt, persónulegt bréf
- geri þýðingaræfingar

Menning

Nemandi

- vinni meira með menningarlesefni í kennslubók, nánar tiltekið
- vinni með hugmyndir sem upp koma í tímum og vekja sérstakan áhuga hans
- vinni hópverkefni upp úr menningarefni í kennslubók
- sé vakinn til umhugsunar um menningarlegan mun á íslensku samfélagi og spænskumælandi þjóðum
- kynnist sem flestum þáttum menningarlífs spænskumælandi þjóða: stjórnámum, bókmenntum, sögu, listum, mat, kvikmyndum, sérstökum orðaforða, félagslegum vandamálum, spillingu, fjölskyldugerð, kynþáttum o.s.frv.
- afli sér þekkingar á því tungumáli sem hann vill

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Í námsmati er lögð jöfn áhersla á alla færniþættina. Því mætti til dæmis haga þannig að 40% sé frammistaða yfir önnina og 60% sé próf í annarlok.

SPÆ 303 Léttar bókmenntir og nytjatextar

Undanfari: SPÆ 203

Áfangalýsing

Nemendur öðlast leikni í að segja frá liðnum atburðum í þátið og að endursegja lengri texta. Þeir lesa léttar bókmennta- og nytjatexta og vinna verkefni, þýðingar og endursagnir úr þeim. Mikil áhersla er lögð á tileinkun orðaforða með notkun orðabóka (spænsk-spænskra m.a.) og talæfingar. Rík áhersla er lögð á daglegt talmál. Samskiptahæfni nemenda er þjálfuð markvisst.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- læri að tala af meiri hraða og lipurð og læri frekar um framburðarreglur, nánar tiltekið
 - *b-* og *d*-hljóð
 - *d-* og *ð*-hljóð
 - *g*-hljóð (*ge, gi, gue, gui*)
 - *k*-hljóð (*ca, co, cu, qui, que*)
 - *þ*-hljóð (*za, zo, zu, ce, ci*)
 - hafi áherslur í spænsku á valdi sínu að miklu leyti
 - þekki reglur um áherslukommur (dæmi: *comunicación, comí, árbol*)

Orðaforði

- tileinki sér orðaforða í kennslubók og nytjatextum, nánar tiltekið
 - læri algengan orðaforða dagblaða og tímarita
 - læri orð yfir þjóðfélag og lífshætti
 - læri hugtök um einstakar borgir og lífshætti
 - heyri frásagnir af ólíkum siðum og venjum og geti sagt frá þeim
 - læri að spyrja fólk álitis

Málfræði

Nemandi

- fái þjálfun í notkun tíða og geri greinarmun á atburðum og ástandi til að geta notað þær rétt:
 - ákveðna þátíð (pretérito indefinido)
 - ófullkomna þátíð (pretérito imperfecto)
 - núliðna tíð
 - þáliðna tíð
 - framtíð
- læri kurteislegt form boðháttar:
 - boðhátt þérunar
- læri um fornöfn:
 - notkun tveggja persónufornafna í setningu
 - ábendingarfornöfn og eignarfornöfn
 - óákveðin fornöfn

Málskilningur – hlustun

- geti hlustað á og skilið algengustu orðasambönd er snerta persónulega hagi, nánar tiltekið
 - skilji samræður tveggja einstaklinga sem tala hægt og skýrt um þekkt efni
 - nái innihaldi einfaldra skilaboða og tilkynninga
 - æfi endursagnir í þátíð
 - æfist í að gefa fyrirskipanir
 - þjálfist í að hlusta á ljóð til endursagnar

Málskilningur – lestur

- dýpki lesskilning sinn, nánar tiltekið
 - skilji stutta, einfalda texta
 - skilji léttá bókmenntatexta
 - geti leitað að tilteknum upplýsingum í texta, svo sem auglýsingum, tilkynningum, upplýsingabæklingum, matseðlum, stundaskrá, áætlunum og einkabréfum
 - lesi stutta, einfalda smásögu og vinni með orðaforða og efni hennar
 - lesi einfalda texta óundirbúið til að draga fram aðalatriði

- Tjáning - samskipti**
- Nemandi
- geti tekið þátt í óundirbúnu samtali um
 - kunnugleg málefni
 - áhugamál sín
 - fjölskyldu, nágretta og vini
 - ferðalög
 - vinnu
 - geti náð megininnihaldi í samtali þriggja til fjögurra einstaklinga
- Tjáning - talað mál**
- verði þjálfaður í að endursegja og að tjá sig um skoðanir sínar
 - spyrji um skoðanir annarra og ræði þær við aðra nemendur
 - læri að útskýra algenga og þekkta hluti
 - segi frá atburðum og innihaldi léttra og einfaldra bókmenntaverka í þáttíð og nútíð
 - rökstyðji skoðanir sínar
- Tjáning - ritað mál**
- fái markvissa ritþjálfun þar sem unnið er með málfræði, stíl og orðaforða, nánar tiltekið
 - skrifi stuttar ritæfingar eða ritgerðir um texta sem hann hefur lesið
 - rökstyðji skoðanir sínar í stuttum ritæfingum
 - haldi dagbók á spænsku í einhvern tíma
 - eignist pennavini í spænskumælandi landi ef hann vill
 - skrifi persónuleg bréf þar sem hann lýsir tilfinningum sínum og upplifunum
 - þýði texta til að virkja orðaforða
- Menning**
- vinni með efni af menningarlegum toga í kennslubók og það efni sem hann aflar sér með notkun upplýsingamiðla, nánar tiltekið
 - vinni með hugmyndir sem koma upp í tímum og vekja sérstakan áhuga hans

- noti efni á íslensku og ensku ef hann vill en þó mest á spænsku, til að mynda um einstök lönd, einstakar listgreinar, stjórnám, bókmenntir, sögu, hefðir í mat, kvikmyndir, sérstakan orðaforða, félagsleg vandamál, spillingu og fjölskyldugerð

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Öll sérverkefni og ritgerðir eru sérstaklega metnar. Námsmati mætti til dæmis haga þannig að 50% sé frammistaða yfir önnina og 50% sé próf í annarlok.

SPÆ 403 Skáldsögur og munnleg tjáning

Undanfari: SPÆ 303

Áfangalýsing

Lokið er við að fara yfir öll helstu grundvallaratriði spænskrar málfræði. Áhersla er á notkun viðtengingarháttar nútíðar og þátíðar og skildagatíðar. Orðasambönd, sem geta tekið með sér viðtengingarhátt og/ eða framsöguhátt, eru tekin fyrir. Nemendur öðlast færni í réttri notkun þátíða. Stutt skáldsaga eða smásögur eru lesnar og verkefni unnin upp úr þeim. Munnleg tjáning er mikið æfð og reynt að festa í sessi virkan orðaforða. Nemendur kynna sér fjölbreyttan menningarheim hinna spænskumælandi þjóða og bera saman við sinn eigin. Æskilegt er að nemendur vinni þemaverkefni saman og kynni fyrir samnemendum sínum. Heimur Rómönsku Ameríku, bókmenntir og listir hins spænskumælandi heims eru helsta uppspretta orðaforða. Upplstur texta er æfður. Áhersla er lögð á ríkan orðaforða og nokkuð rétta málfræði.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- öðlist öryggi í framburði
- geri greinarmun á suður-amerískum og spænskum framburði
- hafi á valdi sínu
 - hrynjandi
 - ð-hljóð á milli sérhljóða

Orðaforði

- dýpki almennan orðaforða og leggi áherslu á
 - menningarþætti og landshætti ýmissa landa Rómönsku Ameríku
 - markvissa notkun orðabóka
 - að tengja latneskan og germanskan orðaforða innbyrðis
 - að tengja saman orð og orðflokka
 - upprifjun og viðhald orðaforða

Málfræði

Nemandi

- ljúki við að fara yfir grundvallaratriði spænskrar málfræðii
- þjálfist í notkun
 - þátíða framsöguháttar
 - boðháttar (neikvæður, jákvæður, þúun, þérun)
 - viðtengingarháttar (nútið og þátíð)
 - skildagatiðar
 - persónufornafna
 - *ser* og *estar* í öllum tíðum og háttum
 - samtenginga og forsetninga sem taka með sér viðtengingarhátt

Málskilningur - hlustun

- þjálfist enn frekar í að skilja mælt mál í daglegri umgengni, nánar tiltekið
 - skilji tilkynningar á símsvara og hátalarakerfi flugvalla
 - skilji aðalinntak fréttar í fjölmiðlum
 - geti brugðist samstundis við því sem hann heyrir
 - nái inntaki ótextaðra kvikmynda, fylgist með atburðarás og geti í eyður þegar hann skilur ekki fullkomlega
 - skilji upplestur um kunnuglegt efni án þess að hafa heyrt textann áður
 - nái meginefni samræðna milli fjögurra manna

Málskilningur - lestur

- lesi sífellt flóknari texta, nánar tiltekið
 - stutta skáldsögu eða smásögur
 - sífellt þyngri texta og texta með hjálp orðabóka og leiðandi spurninga um innihald texta
 - stuttar blaðagreinar
 - einfaldar fréttir

Tjáning - samskipti

- geti haldið uppi einföldum samræðum við innfædda án erfiðleika og án þess að misskilningur hljóti af
- geti tjáð sig um flest málefni úr nánasta umhverfi þótt nokkuð vanti upp á málfræðilega nákvæmni
- geti tekið þátt í umræðum um kunnugleg efni
- geti rætt um viðfangsefni sem tengt er námsefninu

Tjáning - talað mál

Nemandi

- geti skipst á skoðunum og rætt um efni þess sem hann hefur verið að lesa, nánar tiltekið
 - endursagt efni stuttra greina
 - endursagt efni léttra bókmenntaverka
 - endursagt efni kvikmynda
 - lýst viðbrögðum sínum
 - tjáð sig áfallalítið um hversdagsleg efni
 - rætt um andlega og líkamlega líðan annarra nemenda í öllum tímum framsöguháttar og viðtengingarháttar
 - notað orðasambönd á einfaldan máta til þess að lýsa upplifunum sínum og atburðum, löngunum og vonum
 - gefið upp ástæður og útskýringar á skoðunum sínum og áætlunum

Tjáning - ritað mál

- fái markvissa þjálfun í ritun, t.d. í
 - endursögnum og frásögnum í viðtengingarhætti og þátíðum
 - bréfaskriftum
 - stuttum ritgerðum um tiltekin efni
 - þýðingum texta af ýmsum toga
 - málfræðiæfingum

Menning

- vinni með efni af menningarlegum toga í kennslubók, auk itarefnis
- vinni með hugmyndir sem koma upp í tímum og vekja sérstakan áhuga hans
- haldi fyrirlestur um valið efni fyrir samnemendur sína, t.d. um einstök lönd, einstakar listgreinar, stjórnsmál, bókmenntir, sögu, hefðir í mat, kvikmyndir, sérstakan orðaforða, félagsleg vandamál, spillingu og fjölskyldugerð

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmati mætti haga þannig að 10% sé ritgerð, 20% munnleg færni (framsaga og munnlegt próf, þátttaka á spænsku í tímum), 20% málfræðiverkefni og 50% sé próf í annarlok.

SPÆ 503 Saga spænskumælandi þjóða og þýðingar

Undanfari: SPÆ 403

Áfangalýsing

Upprifjun á öllum helstu atriðum spænskrar málfræði og úrvinnsla úr þeim. Nemendur lesa bókmenntir og kafla úr sögu Spánar og Rómönsku Ameríku. Blaðagreinar eru lesnar og verkefni unnin. Þýðingar eru unnar og endursagnir þjálfaðar í ræðu og riti. Nemendur skrifa ritgerðir og þjálfast í að verja skoðanir sínar og segja frá atburðum. Sérstök þemaverkefni að vali nemenda eru unnin og kynnt. Orðabækur fá meira vægi en áður.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- kunnir reglur um áherslur í spænskri tungu (palabras llanas, agudas y esdrújulas) og noti þær rétt
- geri ekki alvarleg mistök í framburði
- beri rétt fram
 - *b-, d- og ð-hljóð*
 - *g-hljóð*
 - *k-hljóð*
 - *þ-hljóð*
 - *j, ñ, rr, ll og ch*
 - *h*

Orðaforði

- vinni áfram skipulega með tileinkun orðaforða

Málfræði

- þjálfist í erfiðustu málfræðiatríðunum sem þegar hafa verið kennd, þ.e.a.s. noti
 - þátíðir framsöguháttar
 - boðhátt (neikvæðan, jákvæðan, þúun, þérun)
 - viðtengingarhátt (nútiðar og þátíðar)
 - skildagatið
 - persónufornöfn

- ser og estar í öllum tíðum og háttum
- samtengingar og forsetningar sem taka með sér viðtengingarhátt
- óreglulegar sagnir í öllum tíðum og háttum

Nemandi

Málskilningur - hlustun

- fái fjölbreytt efni til hlustunar og heimsóknir spænsku-mælandi fólks í kennslustundir ef mögulegt er
- vinni með efni sem ekki er sérstaklega samið fyrir út-landinga og á eðlilegum hraða
- skilji efni sem honum er ekki áður kunnugt

Málskilningur - lestur

- lesi margbreytilegt efni og vinni markvisst með orðaforða og megininntak texta, nánar tiltekið
 - nútímabókmenntir og útskýri þær skoðanir sem koma fram í verkunum
 - kafla úr sögu Spánar og Rómönsku Ameríku
 - kafla úr bókmenntasögu
 - blaðagreinar og þjálfast í að vinna aðalatriði úr texta

Tjáning - samskipti

- geti haldið uppi löngum og allflóknum samræðum um undirbúin viðfangsefni
- geti sagt frá upplifun sinni og túlkun á lesnu efni og notað nokkuð auðugan orðaforða

Tjáning - talað mál

- tjái sig á gagnrýninn máta um það sem hann hefur lesið og haldi stutt erindi um túlkun sína og sérvalin efni

Tjáning - ritað mál

- skrifi stuttar frásagnir, endursagnir, fyrirlestur og ritgerðir
- noti málfræði rétt

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Kennari ákveður námsmat í upphafi annar. Vægi ritaðra verkefna og munnlegrar færni er stórlega aukið.

SPÆ 602 Bókmenntir og menning Spánar

Undanfari: SPÆ 502/503

Áfangalýsing

Þessi áfangi fjallar um spænskar bókmenntir og menningu. Kynntir verða helstu rithöfundar Spánar og listamenn (s.s. Cervantes, Lorca, Machado, Cela, Sender, Matute, Grandes, Gaité). Blöð og tímarit verða lesin, horft á kvikmyndir (s.s. eftir Saura, Almodovar, Treuba og fleiri) og hlustað á spæskt útvarpsefni. Nemendur velja sjálfir meginþemu áfangans og kynna vinnu sína reglulega, bæði munnlega og skriflega, og nýta sér þau gögn og gagnabanka sem aðgengilegir eru, einnig er lögð nokkur áhersla á þýðingar á stuttum bókmenntatextum. Nemendur eiga að geta rætt og ritað um verkefni sín á nokkuð góðri spænsku og nokkuð hratt og geta tekið þátt í allflóknum umræðum.

Málfræðivillur eru kannaðar og unnið út frá þeim í verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á flóknari atriði málfræðinnar.

Áfangamarkmið

Framburður

Nemandi

- hafi á valdi sínu allar framburðarreglur
- hafi á valdi sínu reglur um áherslur og fari rétt með
- æfi framsögn á spænsku í kynningum á munnlegum verkefnum
- kynnist og tileinki sér (ef hann vill) mismunandi framburð spænskunnar eftir landsvæðum

Orðaforði

- vinni skipulega að tileinkun orðaforða með því að
 - kynna sér daglegar málvenjur og orðatiltæki
 - skoði sérstaklega orðalag í bókmenntum
 - vinni mikið með orðabækur

- Málfræði**
- Nemandi
- noti
 - þátíðir framsöguháttar
 - boðhátt
 - viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar
 - skildagatið
 - beygingar óreglulegra sagna í öllum tíðum og háttum
 - *ser* og *estar* í öllum tíðum og háttum
- Málskilningur - hlustun**
- æfi hlustun með því að
 - hlusta á framsögn annarra nemenda
 - hlusta á efni sem tengist verkefnum áfangans, s.s. upplestur rithöfunda úr eigin verkum og ljóðaupplestur
 - endursegi það sem hann hlustar á og ræði efni þess
- Málskilningur - lestur**
- lesi efni úr bókmenntum og vinni markvisst með orðaforða og megininntak texta
 - kynnist meginráttum spænskrar bókmenntasögu þótt áhersla sé einkum á nútímabókmenntir, nánar tiltekið
 - kafla úr spænskum bókmenntum, bæði nútímabókmenntir og eldri bókmenntir, og útskýri inntak og skoðanir sem fram koma
 - ljóð og útskýri inntak þeirra
 - stuttar greinar um bókmenntir í tímaritum og dagblöðum
 - efni um menningarviðburði á Spáni í dag
- Tjáning - samskipti**
- geti haldið uppi allflóknum samræðum við aðra nemendur um verkefni áfangans og dagleg málefni
 - geti sagt frá upplifun sinni og túlkun á efni því sem er til umfjöllunar
- Tjáning - talað mál**
- tjái sig á gagnrýninn máta um það sem hann hefur lesið
 - haldi erindi/fyrirlestra um túlkun sína og sérvalin efni

Tjáning - ritað mál

Nemandi

- skrifi gagnrýnar ritgerðir
- rökstyðji túlkun sína
- noti málfræði rétt

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Kennari ákveður vægi hvers verkefnis í upphafi annar.

SPÆ 612 Bókmenntir og menning Rómönsku Ameríku

Undanfari: SPÆ 503

Áfangalýsing

Þessi áfangi fjallar um rómansk-amerískar bókmenntir og menningu. Kynntir verða helstu rithöfundar spænskumælandi Ameríku, s.s. Asturias, Rulfo, Azuela, Paz, Esquivel, Carpentier, Borges, Cortazar, Garcia Marquez, Mistral, Neruda, Vallejo og Vargas Llosa. Blöð og tímarit verða lesin, horft á kvikmyndir frá einstökum löndum og efni þeirra rætt. Nemendur velja sjálfir meginþemu áfangans og kynna vinnu sína reglulega, bæði munnlega og skriflega, og nýta sér þau gögn og gagnabanka sem aðgengilegir eru, einnig er lögð nokkur áhersla á þýðingar á stuttum bókmenntatextum. Málfræðivillur eru kannaðar og unnið út frá þeim í verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á flóknari atriði málfræðinnar.

Áfangamarkmið

Nemandi

Framburður

- hafi á valdi sínu allar framburðarreglur
- hafi á valdi sínu reglur um áherslur og fara rétt með
- æfi framsögn á spænsku í kynningum á munnlegum verkefnum
- kynnist og tileinki sér (ef hann vill) mismunandi framburð spænskunnar eftir löndum

Orðaforði

- vinni skipulega að tileinkun orðaforða
- læri daglegar málvenjur, orðatiltæki og orðalag í bókmenntum
- skoði orðalag rómansk-amerískra bókmennta sérstaklega
- noti orðabækur markvisst til að kynna sér orðfæri þeirra bókmennta sem skoðaðar eru

Málfræði

Nemandi

- noti
 - þátíðir framsöguháttar
 - boðhátt
 - viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar
 - skildagatið
 - beygingar óreglulegra sagna í öllum tíðum og háttum
 - *ser* og *estar* í öllum tíðum og háttum

Málskilningur - hlustun

- æfi hlustun með því að
 - hlusta á framsögn annarra nemenda
 - hlusta á annað efni sem tengist verkefnum áfangans, s.s. upplestur rithöfunda úr eigin verkum og ljóðaupplestur
- geti endursagt það sem hann heyrði og rætt efni þess

Málskilningur - lestur

- lesi efni úr bókmenntum og vinni markvisst með orðaforða og megininntak texta
- kynnist meginráttum spænsk-amerískra bókmennta, nánar tiltekið
 - smásögur og kafla úr verkum helstu frumkvöðla spænsk-amerískra bókmennta og núlifandi rithöfunda og útskýri inntak og skoðanir sem fram koma
 - ljóð og útskýri inntak þeirra
 - stuttar greinar um bókmenntir í tímaritum og dablöðum
 - efni um menningarviðburði

**Tjáning -
samskipti****Nemandi**

- geti haldið uppi allflóknum samræðum við aðra nemendur um verkefni áfangans og dagleg málefni
- geti sagt frá upplifun sinni og túlkun á efni því sem er til umfjöllunar

**Tjáning -
talað mál**

- tjái sig á gagnrýninn máta um það sem hann hefur lesið
- haldi erindi/fyrirlestra um túlkun sína og sérvalin efni

**Tjáning -
ritað mál**

- skrifi gagnrýnar ritgerðir
- rökstyðji túlkun sína
- noti málfræði rétt

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Kennari ákveður vægi hvers verkefnis í upphafi annar.

SPÆ 702 Sjálfstæð verkefni og vinnubrögð

Undanfari: SPÆ 602/612

Áfangalýsing

Nemendur velja efni til umfjöllunar og rannsóknar með aðstoð kennara. Megináhersla er á talmál, túlkun og mikla úrvinnslu á verkefnum. Sjálfstæð vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Allt tiltækt rannsóknarefni er notað, s.s. bókakostur á bókasafni og upplýsingamiðlar (tölvur, útvarp, sjónvarp, blöð).

Nemendum gefst tækifæri til þess að velja sér sérgrein, t.d. spænskar bókmenntir, bókmenntir tiltekinnna landa spænsku-mælandi Ameríku, viðskiptaspænsku eða spænsku fyrir ferðamenn svo að eitthvað sé nefnt.

Kennari er leiðbeinandi í verkefnavali og þróun verkefnis. Hann setur markmið í upphafi og ákveður námsmat og hvort áfanga er lokið með prófi eða ekki.

Markmiðið er að nemendur séu sjálfstæðir og ábyrgir fyrir vali sínu og geti tekist á við fjölbreytt verkefni. Í lok áfangans eiga þeir að geta rætt verkefni sín og dagleg málefni nokkuð rétt og án mikils hiks.

Gert er ráð fyrir því að nemendur geti tekist á við nám í spænsku á háskólastigi eftir áfangana 602, 612 og 702.



ÞÝSKA

Inngangur

Tækniframfarir síðustu ára hafa leitt til stórauðinna samskipta þjóða. Vaxandi þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, sem snertir öll svið samfélagsins, kallar á stórauðna færni alls almennings í erlendum tungumálum. Þetta á ekki síst við í ljósi sívaxandi og náins samstarfs Evrópuþjóða. Innan Evrópusambandsins er stefnt að því að þegar þess eigi þess kost að ná valdi á a.m.k. þremur tungumálum. Þýska er móðurmál tæplega 100 milljóna manna innan Evrópu, sem eru um fjórðungur þegna Evrópusambandsins, og gegnir þýska því lykilhlutverki sem tunga Mið-Evrópubúa og er einnig það tungumál sem flestir Austur-Evrópubúar tala sem annað tungumál.

Viðskipti milli Íslendinga og Þjóðverja hafa lengi verið tölverð og eru Þjóðverjar sennilega sú Evrópuþjóð sem er almennt hvað best upplýst um Ísland, náttúru lands og legu. Þessa staðreynd endurspeglar ferðaþjónustan hér á landi vel enda hafa Þjóðverjar verið fjölmennastir þeirra erlendu gesta sem sækja okkur heim. Góð þjónusta við erlenda ferðamenn felst ekki hvað síst í því að þeir sem við hana starfa hafi gott vald á móðurtungu hinna erlendu gesta.

Nemendur geta valið þýsku sem þriðja erlenda tungumálið í framhaldsskóla. Skyldleiki þýsku við íslensku er augljós, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðmyndun. Markmið með þýskukennslu er ekki aðeins að nemandinn öðlist kunnáttu í tungumálinu, heldur um leið að hann fái innsýn í menningu þýskumælandi þjóða. Slíkt getur lagt grunn að skilningi og umburðarlyndi og leitt til farsælla samskipta og samvinnu milli Íslendinga og þýskumælandi þjóða. Þýska er lifandi og síbreytilegt tungumál og tengsl málnotkunar og menningar eru því órjúfanleg. Mikilvægt

er að viðfangsefnin gefi nemendum ávallt tækifæri til að kljást við málið í margbreytileik sínum og við sem fjölbreytilegastar aðstæður.

Á öllum stigum námsins ber að stuðla að því að nemendur fái sem oftast tækifæri til að upplifa þýsku eins og hún er notuð í daglegu lífi af þeim sem hafa hana að móðurmáli. Góð leið til að ná þessu markmiði er t.d. að fá svokallaða aðstoðarkennara í gegnum Lingua-áætlun Evrópusambandsins og/eða koma á nemendasamskiptum við nemendur í þýskumælandi landi. Slík nemendasamskipti geta þróast frá bréfaskriftum í gegnum Netið yfir í gagnkvæmar heimsóknir.

Upplýsingatækni er mikilvæg í kennslu í þýsku sem og öðrum erlendum tungumálum. Má þar nefna sérstök kennsluforrit, geisladiska, leitarvefi, vefslóðir, tölvupóst og spjallrásir. Þessum mikilvæga þætti kennslunnar hefur ekki mikið verið sinnt fram að þessu en hin síðari ár hefur öll aðstaða framhaldsskólanna breyst mjög og tölvuvæðing þeirra gerir þeim kleift að sinna þessum þætti kennslunnar mun betur. Mikilvægt er að kennarar í þýsku og öðrum erlendum tungumálum fylgist vel með allri þróun á þessu sviði tungumálanámsins og tileinki sér hana í kennsluháttum sínum.

Miklu máli skiptir að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til þýskunámsins, að máltilfinning þeirra sé örvuð og að þeir geti notað kunnáttu sína sér til gagns og ánægju. Með því er lagður traustur grunnur að málanámi.

Nám og kennsla

Í áfangalýsingum fyrir þýsku í framhaldsskólum, sem hér fara á eftir, hefur verið leitast við að ná fram eðlilegri stígandi og samfellu í tungumálanáminu. Til að ná markmiðunum er mikilvægt að beita mismunandi kennsluáðferðum. Verkefni þurfa að vera fjölbreytt og krefja nemendur um

mismunandi verklag sem þeir með leiðbeiningu og þjálfun hafa á valdi sínu. Öll vinna með málnotkun og málfræði á að tengjast markvisst vinnu með orðaforða og notkun færniþáttanna fjögurra, hlustunar, lesturs, talaðs máls og ritunar. Hafa ber í huga að þótt fjallað sé um hvern færniþátt fyrir sig í áfangalýsingunum eru þeir kenndir hver í tengslum við annan þannig að kennslan endurspegli eins og hægt er eðlilega notkun málsins. Nauðsynlegt er að gefa gaum að nokkrum mikilvægum grundvallaratriðum sem snerta alla áfanga.

Upprifjun og endurtekning

Þetta er mjög mikilvægur þáttur í öllum áföngum. Nemendur hafa í hvert sinn nýjar forsendur til að skilja efnið og geta sett það í víðara og nýtt samhengi. Þannig fer fram dýpkun og nemendum er gert kleift að byggja upp meira öryggi og meiri tilfinningu fyrir málinu í heild.

Færniþættir

Svipuð áhersla er lögð á alla færniþætti. Þeir eru kenndir og þjálfaðir eins og unnt er í tengslum hver við annan, t.d. má ganga út frá sama texta til að æfa hlustun, lestur og að byggja upp orðaforða og/eða æfa tal, ritun og málfræðiatríði.

Æfingar

Til að þjálfra ákveðin atriði skulu æfingar vera markvissar. Hvort sem um er að ræða málfræðiæfingar eða æfingar af öðru tagi þarf alltaf að gæta þess að nægileg þjálfun fylgi og byggja upp öryggi hjá nemendum. Gæta þarf þess að hafa ekki of marga nýja þætti í sömu æfingu, t.d. ekki æfa málfræðiatríði með lítt þekktum orðaforða.

Málfræði

Nauðsynlegt er að nemendur sjái málfræðina sem hluta af beitingu málsins en ekki sem afmarkaðan þátt þess. Kennarar verða að hafa í huga að það er tvennt ólíkt fyrir nemendur að læra málfræðiatríði utanbókar (t.d. ákveðinn

greini í öllum föllum) og að geta beitt málfræðireglum í fjölbreyttu samhengi á sjálfstæðan hátt. Þar á milli liggur langur þjálfunarferill. Þessi staðreynd var höfð í huga þegar málfræðiatríðum var raðað niður á áfangana.

Sjálfstæði

Nemendur fá tilsögn í námstækni (Lernstrategien) og í notkun uppláttarrita og annarra upplýsingamiðla. Gott er að kenna þeim að útbúa eigin „villulykil“ til að byggja upp leikni í því að leiðrétta eigin verkefni.

Tími

Virgni nemenda, þ.e. að þeir fái tækifæri til að tjá sig sem mest (bæði munnlega og skriflega), í kennslutímum tekur töluvert lengri tíma en útskýringar kennara. Það þarf að hafa í huga þegar áfangalýsingarnar eru lesnar. Kröfurnar um kunnáttu og nám eru síður en svo minni en þær hafa verið en áherslurnar eru breyttar. Í samræmi við breytingar í umhverfinu og kröfur atvinnulífsins er tungumálið kennt heildstæðara (málskilningur og tjáning) en hingað til hefur verið ríkjandi í þýskukennslu héraendis. Málfræðin er ekki lengur stýrandi heldur skýrandi.

Viðfangsefni

Viðfangsefni og markmið kennslunnar eru þekkingar-, færni- og nemendamiðuð. Kunnátta, sem byggð er upp, er því ekki lengur fyrst og fremst mælanleg í blaðsíðutali eða málfræðiatríðum sem kennarinn hefur farið yfir, heldur ekki síður í því hversu vel nemendur eru færir um að skilja tungumálið og að tjá sig á sjálfstæðan hátt, t.d. í ritgerðum og samtölum.

Námsmat

Mikilvægt er að mat endurspegli þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. endurspegli markmið, leiðir, innihald og verkefni sem unnið hefur verið með. Nokkurn veginn jöfn áhersla er á alla færniþættina fjóra. Mat á orðaforða í öllum færniþáttum er einnig hluti af námsmati. Nemendum er í upphafi hvers áfanga gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggist á hverju sinni.

Lokamarkmið eftir 12 einingar

Nemandi

- hafi byggt upp virkan og óvirkan orðaforða sem nýtist honum til að skilja sér til gagns og gamans skýrt talaða þýsku; átt er við daglegt mál er snertir líf hans og nánasta umhverfi
- nái meginþræði í óstyttum bókmennta- og nytjatextum á almennu aðgengilegu máli
- kundi að leita sér upplýsinga í uppsláttarritum er þekkingu hans þrýtur
- geti ófeiminn og óhræddur tjáð sig í ræðu og í riti á málfræðilega nokkuð réttu máli við mismunandi aðstæður í daglegu lífi
- geti leitað allra almennra upplýsinga og veitt þær öðrum
- geti tjáð skoðanir sínar
- hafi fengið nokkra innsýn í menningu, siði og venjur þýskumælandi þjóða
- hafi öðlast reynslu af að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi

Lokamarkmið eftir 24 einingar

Nemandi

- hafi náð að byggja upp það mikinn virkan og óvirkan orðaforða að hann sé fær um að skilja skýrt talaða háþýsku með almennum orðaforða og geti náð meginþræði í umræðum um dægurmál í víðum skilningi
- geti skilið sér til gagns og gamans meginefni óstyttra bókmenntatexta og mismunandi texta
- sé fær um að nýta sér textaefni á þýsku á bókasafni eða á leitarvef til þekkingaröflunar, einnig um viðfangsefni annarra námsgreina
- hafi í ræðu og í riti vald á að miðla eigin reynslu, skoðunum og þekkingu á viðfangsefnum í samfelldu og málfræðilega nokkuð réttu máli
- geti fært nokkur rök fyrir skoðunum sínum og brugðist við skoðunum annarra og öðru skyndilegu áreiti án fyrirvara
- búi yfir haldgóðri þekkingu á menningu þýskumælandi þjóða, siðum þeirra, venjum og sögu og hafi fengið nokkra innsýn í stjórnskipan og menntakerfi þeirra
- hafi öðlast reynslu af að vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi

Áfangar

ÞÝS 103 Framburður og orðaforði

Áfangalýsing

Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið einföld fyrirmæli kennarans á þýsku í kennslustofunni
- geti skilið talað mál með einföldum orðaforða þegar talað er við hann hægt og skýrt um efni sem varðar daglegt líf hans og tekið hefur verið fyrir í áfanganum
- geti greint stök lykilorð eða afmarkaðar upplýsingar í texta sem talaður er á eðlilegum hraða um efni sem hann þekkir vel og er tekinn upp á segulband við aðstæður þar sem hljóð í umhverfi torvelda ekki skilning

Lestur

- geti lesið og skilið stutta texta með einföldum orðaforða
- geti áttað sig á meginefni í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli þótt hann skilji ekki hvert einasta orð

Tal

- hafi náð nokkru öryggi í réttum framburði, sérstaklega varðandi þau atriði þar sem ónákvæmur framburður getur auðveldlega valdið misskilningi, svo sem framburður á *sch*, *z*, *s* og framburður á *u* og *ü*, *au* og *eu*

Nemandi

- hafi áttað sig á áherslum algengustu orða og geti líkt eftir hrynjandi setninga/setningahluta
- hafi tileinkað sér algengustu kveðjur og kurteisisvenjur á þýsku sem tilheyra daglegum samskiptum
- geti brugðist við einföldum fyrirmælum kennarans á þýsku og beðið um einföld atriði í kennslustofunni á þýsku
- geti óhræddur tjáð sig munnlega með einföldum setningum um afmarkað efni sem hann þekkir vel
- geti tjáð sig skriflega með réttri stafsetningu í einföldum aðalsetningum á sjálfstæðan hátt um afmarkað efni sem hann hefur aflað sér orðaforða um
- geti svarað spurningum og myndað spurningar
- geti beitt reglum rétt í málfræðiæfingum
- geti skrifað stutt persónulegt bréf eða póstkort á þýsku

Ritun**Efnisatriði***Orðaforði*

Grunnorðaforði sem gerir nemendum kleift að gera grein fyrir sjálfum sér og nánasta umhverfi sínu. Orðaforðinn tengist t.d. skólanum, fjölskyldu, áhugamálum, mat og drykk, veðri og eigin landi. Auk þess er kenndur orðaforði um tíma (t.d. klukkan, dagar, mánuðir, árstíðir og nokkrar helstu tímaákvörðanir), verslun (t.d. einföld samtöl í búðum og á veitingastöðum), einfaldar vegalýsingar og núþálegar sagnir til að tjá fyrirætlanir.

Einföld fyrirmæli og samskipti í kennslustofu. Algengustu kveðjur og kurteisorð. Nokkur starfsheiti og frumtölur. Sérstæð lýsingarorð, spurnarorð og fornöfn (sjá Málfræðiatríði).

Auk þess orðaforða, sem nemendur geta beitt sjálfir í töluðu og rituðu máli, byggist upp óvirkur orðaforði, þ.e. orð og málfræðileg atriði sem nemendur geta skilið en ekki nýtt sér til fulls í öllum færniþáttum.

Textar og annað kennslufni

Einfaldir textar af mismunandi gerð, svo sem samtöl, lýsingar á málefnum, stuttar sögur, ljóð og/eða lög. Textarnir fjalla um þau málefni sem nefnd eru undir liðnum Orðaforði og upplýsingar um þýskumælandi lönd, venjur og nokkra valda þætti menningarlífs.

Myndefni og hljóðefni, tölvufni og annað efni sem kennari velur eftir föngum í samræmi við orðaforðann og markmið áfangans.

Þýðingar

Nemendum er gerð grein fyrir takmörkunum „orð-fyrir-orð“ þýðinga.

Málfræðiatríði

Helstu málfræðiatríði eru: Þúun og þérun, persónubeyging sagna í nútíð. Kyn (ákveðinn greinir og óákveðinn greinir) nafnorða. Nefnifall og þolfall nafnorða, persónufornafna, eignarfornafna og spurnarfornafna og forsetningar sem stýra þolfalli. Setningaskipun í aðalsetningum og spurningum. Áhersla er lögð á þau atríði sem eru öðruvisi á þýsku en á íslensku, svo sem staða nafnháttar með núpálegum sögnum, tíma- og staðarákvarðanir og neitun.

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmat í munnlegri færni getur bæði átt sér stað í venjulegum kennslutímum eða í sérstöku munnlegu prófi í lok áfangans. Námsmatið endurspeglir þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. nokkurn veginn jöfn áhersla er á alla þætti. Auk þess er ástundun metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og öryggi og tilfinning fyrir málinu í heild skapist. Nemendum hafi í upphafi áfangans verið gerð grein fyrir þeim atríðum sem matið byggist á.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að einföld fyrirmæli kennara til nemenda séu frá upphafi sem mest á þýsku svo að nemendur venjist hinu erlenda máli (hlustun)
- að kennari sé hvetjandi og fái nemendur til að svara á þýsku þegar um einföld atriði er að ræða en gæti þess að veikja ekki sjálfstraust þeirra með óhóflegum leiðréttingum (tal)
- að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að þjálfra framburð með því að herma eftir kennaranum eða hljómbandi (einn í einu eða allir í kór) og með því að lesa upphátt (hlustun/tal)
- að þjálfra hrynjandi málsins frá upphafi áfangans, t.d. með því að láta nemendur hlusta á einfalda söngtexta í tímum og að láta þá syngja með og læra utan að (Hlustun/Tal)
- að kennari bendi nemendum á að mismunandi tónfall getur verið merkingargreinandi og haft mismunandi skilaboð í för með sér; nemendum gerð grein fyrir þessu í algengum tilfellum þar sem tónfall er annað í þýsku en í íslensku, s.s. í boðhætti og í spurningum (hlustun/tal)
- að þjálfna námsefnið reglulega með samtalsæfingum og/eða hlutverkaleikjum í para- og/eða í hópvinnum þannig að hver og einn fái ríkulegt tækifæri til munnlegrar tjáningar um viðkomandi efni; hentugt er að nota t.d. lykilorð (Redemittel) eða myndir við slíkar æfingar (tal)
- að unnið sé í ríkum mæli með efni af hljóm- eða myndbandi og nemendur þannig þjálfaðir með æfingum í hlustun í fjölbreyttum tilgangi (hlustun)
- að nemendur fái einn eða fleiri texta í hendur er tengjast umfjöllunarefni áfangans þar sem þeir leiti ákveðinna upplýsinga
 - með því að svara spurningum sem þeir fá frá kennaranum

- með því að búa sjálfir til spurningar um ákveðin atriði; svör eða spurningar gætu ýmist verið á þýsku eða íslensku eftir þyngd textans; þannig fá nemendur fyrstu þjálfun í leitarlestri og geta áttað sig á því að ekki er nauðsynlegt að skilja hvert orð texta til að geta áttað sig á t.d. meginatriði textans eða fundið upplýsingar um valin atriði (lestur)
- að nemendur skrifi einföld skilaboð, myndasögur, myndlýsingar, póstkort, einföld ljóð, tölvupóst og stutta texta sem varða efni sem þeir þekkja og hafa orðaforða um (ritun)
- að kennari velji stutta texta af mismunandi gerð (s.s. samtöl, frásagnir, ljóð, lög) og láti nemendur vinna með orðaforða þeirra, t.d.
 - strika yfir allar ónauðsynlegar upplýsingar í textanum þannig að það sem ekki má missa sín (beinagrindin) standi eftir
 - velja orð úr orðabanka og bæta þeim inn í texta þar sem þau eiga við
 - finna öll orð í textanum sem tengjast innihaldslega á ákveðinn hátt (t.d. lýsa gleði, útliti á persónum eða hlutum, veðri o.s.frv.) og mynda síðan sjálfir setningar með þeim orðaforða sem þeir hafa fundið (lestur/orðaforði/ritun)

- að málfræðiatríði séu tekin fyrir í tengslum við umfjöllunarefni hverju sinni; málfræðireglur eru settar fram á kerfisbundinn hátt en síðan festar í minni með munnlegum og skriflegum æfingum þar sem þess er gætt að nemendur hafi gott vald á þeim orðaforða sem notaður er í æfingunum (málfræði/ritun)
- að nemendum séu kynnt einhver valin atriði um þýskumælandi lönd sem veiti þeim innsýn inn í einhver af eftirtöldum atriðum: legu, stærð, íbúafjölda, nágrennalönd, helstu borgir, stjórnarfar, atvinnulíf, valin atriði úr menningu og sögu þýskumælandi landa sem geta nýst þeim t.d. í áframhaldandi námi og aukið skilning þeirra á viðkomandi þjóðum (orðaforði/Landeskunde)
- að nemendur fái tækifæri til að segja frá reynslu sinni af dvöl í þýskumælandi landi ef um slíkt er að ræða (Landeskunde/Kultur)

ÞÝS 203 Orðaforði og málfræði

Undanfari: ÞÝS 103

Áfangalýsing

Orðaforði og málfræðiatríði, sem komið hafa fram í undanfaranum, eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi, þ.e. bætt er við orðaforða, bæði virkum og óvirkum, svo og málfræði. Áfram er lögð sérstök áhersla á samtalsæfingar í para- og/eða hópvinnu. Nemendur eru nú hvattir til að búa sjálfir til samtöl, bæði munnlega og skriflega. Unnið er m.a. með texta sem varpa ljósi á daglegt líf unglinga og nokkrar helstu venjur og siði hjá þýskumælandi þjóðum. Nemendur fá innsýn í minnistækni og læra að tengja saman skyld orð málfræðilega og merkingarlega.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skilið öll almenn fyrirmæli kennara á þýsku í kennslustofunni
- geti skilið daglegt talmál þegar talað er við hann hægt og skýrt með þeim orðaforða sem hann þekkir
- geti skilið einfaldar spurningar á götu úti þegar hann er spurður til vegar og jafnframt skilið einfaldar vegvísanir talaðar hægt og skýrt
- geti greint megininntak orðræðu um efni sem verið hefur til umfjöllunar þegar talað er á eðlilegum hraða við aðstæður þar sem hljóð í umhverfi torveldar ekki skilning

Hlustun

- hafi aukið færni sína í að bæta nýjum orðaforða við þann sem fyrir er
- geti lesið til skilnings texta með einföldum orðaforða sem fjalla um efni sem verið hefur til umfjöllunar
- hafi á valdi sínu að leita eftir ákveðnum upplýsingum úr texta án þess að skilja hvert orð
- geti lesið lengri texta til skilnings á meginefni hans
- geti dregið út lykilorð til glósunar
- geti nýtt sér þýsk-islenskar orðabækur við upplýsingaöflun

Lestur

Tal**Nemandi**

- geti brugðist við almennum fyrirmælum kennara í kennslustofunni á þýsku nema þegar flókinna útskýringa er þörf
- hafi á valdi sínu að nota eingöngu þýsku þegar beðið er um ákveðna hluti í kennslustofu, svo sem nánari útskýringar, að fá að fara á salerni o.s.frv.
- geti veitt öðrum almennar, einfaldar upplýsingar á opinberum stöðum, s.s. á lestarstöð og flugvelli eða á götu úti, á veitingastöðum og í verslunum
- geti tjáð sig munnlega í einföldum setningum, óhræddur og af nokkru öryggi, um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar

Ritun

- geti tjáð sig skriflega með réttri stafsetningu í aðalsetningum um efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti skrifað boðskort, einföld einkabréf á viðeigandi hátt (ávörp/kveðjur), svo og tölvupóst
- geti beitt málotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

Efnisatriði*Orðaforði*

Áfram er unnið með grunnorðaforða daglegs lífs og hann dýpkaður nokkuð. Unnið er með orðaforða sem lýsir persónum, hlutum og tilfinningum bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Fjallað er um líkamshluta, andlega og líkamlega líðan, svo og um orðaforða á götu úti, s.s. að vísa öðrum til vegar og leita sjálfur upplýsinga þar að lútandi, einnig orðaforða á veitinga- og kaffihúsum, svo og í verslunum við innkaup á mat, fatnaði eða annarri sérvöru. Almenn áhersla á atburði líðandi stundar og líðinna atburða í starfi og leik. Auk þess öðlist nemendur nokkra færni í að nota algengustu áherslu- og smáorð í töluðu máli (t.d. denn, ja, mal, bitte, achso, aha, schon).

Nemendur tileinka sér einnig orðaforða úr efni sem þeir velja sjálfir.

Textar og annað kennsluefni

Lesefni nemenda er aukið. Lagðir eru fyrir bæði stuttir textar og lengri af mismunandi gerð og með tilliti til mismunandi lestraráferða. T.d. léttlestrarsögur, ævintýri, ljóð/sönglög, mynd- og hljóðefni, nytjatextar, s.s. stuttar greinar úr dagblöðum eða tímaritum, nytjatextar, s.s. auglýsingar, uppskriftir eða annað er henta þykir. Hugsanlegt er að lesefni sé að einhverju leyti valið af nemendum sjálfum.

Notkun þýsk-íslenskrar orðabókar er kynnt og þjálfuð í tengslum við einhverja af ofangreindum textum.

Málfræðiatríði

Málfræðin er kennd í tengslum við umfjöllunarefnið og er því skýrandi fremur en stýrandi. Áfram er fjallað um setningaskipan og orðaröð í aðalsetningum, beygingu sagna í nútíð og nú kemur e.t.v. einnig til myndun og notkun núliðinnar tíðar, auk kynningar á þátíð, allt eftir því hvaða áherslur og forgangsröð er í viðkomandi kennsluefni. Jafnframt kynningu á þátíð er hugsanlegt að kynna nemendum stöðu sagna í aukasetningum, eingöngu til að nemendur kannist við slíkt þegar þeir rekast á þessi atríði í lestextum. Greinir, nafnorð og fornöfn í þágufalli. Kynntar eru algengustu forsetningar sem stýra þolfalli og þágufalli og einnig nokkrar svokallaðra *Wechselpräpositionen* sem ýmist stýra þolfalli eða þágufalli (t.d. in, an, auf) eða jafnvel fleiri. Raðtölur og stigbreyting sérstæðra lýsingarorða kemur nú einnig til.

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmat í munnlegri færni getur bæði átt sér stað í venjulegum kennslutímum og í sérstöku munnlegu prófi í lok áfangans. Námsmatið endurspeglir þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. nokkurn veginn jöfn áhersla er á

alla þætti. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og öryggi og tilfinning fyrir málinu í heild skapist. Nemendum hafi í upphafi áfangans verið gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggist á.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að fyrirmæli kennara til nemenda séu nú eingöngu á þýsku nema þegar flóknar útskýringar kalla á annað (hlustun)
- að kennari fari ætíð fram á að nemendur tjái sig á þýsku þegar þeir þurfa aðstoð af einhverju tagi; skilja ekki fyrirmæli, þurfa einhverra hluta vegna að afsaka sig komi þeir t.d. of seint í kennslustund eða þurfi að bregða sér frá; hentugt gæti verið að hengja stórt spjald upp í kennslustofu þar sem algengar setningar af slíku tagi stæðu og hefðu nemendur þá greiðan aðgang að þeim og fengju þannig stuðning, aukinn kjark og meira sjálfstraust til að beita þeim (tal)
- að þess sé gætt að þjálfna námsefnið reglulega með samtalsæfingum og/eða hlutverkaleikjum til að hver nemandi fái rikuleg tækifæri til munnlegrar tjáningar í tímum um umfjöllunarefnið hverju sinni (tal)
- að áfram sé unnið með efni af hljóm- eða myndbandi þar sem talað er skýrt en á eðlilegum hraða og nemendur þannig áfram þjálfaðir í hlustun í fjölbreyttum tilgangi (hlustun)
- að nemendur lesi sögu/ævintýri í þátið og séu þjálfaðir í að þekkja sagnir í þátið með æfingum í tengslum við textann þótt ekki sé ætlast til á þessu stigi að þeir hafi notkun þátiðar á valdi sínu í ræðu né riti; þetta á að sjálf-sögðu eingöngu við ef núliðin tíð er á þessu stigi þegar komin inn í viðkomandi kennsluefni, þá gæti verið heppilegt að nemendur fengju í kjölfar núliðinnar tíðar einnig fyrstu innsýn inn í myndun þátiðar (lestur/málfræði)

- að textar þeir sem kennari leggur fyrir nemendur þjálfí markvisst ákveðnar lestraraðferðir, s.s. leitarlestur, yfirlitslestur, nákvæmnislestur og hraðlestur, t.d. með því að
 - nemendur leiti ákveðinna afmarkaðra upplýsinga úr texta með fyrir fram gefnum spurningum
 - nemendur geri stuttan útdrátt úr texta, geti komið frá sér meginatriðum hans, munnlega eða skriflega
 - nemendur myndi sjálfir spurningar um meginatriði eða ákveðin afmörkuð atriði texta, munnlega eða skriflega
 - nemendur finni út beinagrind texta, striki yfir allar ónauðsynlegar upplýsingar (allt kryddið) þannig að beinagrindin (það sem ekki má missa sín) standi eftir
 - nemendur fái tækifæri til að leika sér með orðalag, bæta inn í t.d. orðum úr orðabanka (sem kennari gefur upp) og breyta texta og þjálfí þannig orðaforða og tengi orð sem eru merkingarlega/málfræðilega tengd (lestur/orðaforði/ritun)
 - að textar, sem valdir eru, séu fjölbreyttir, ekki endilega miklir að umfangi, heldur sé leitast við að veita nemendum innsýn inn í mismunandi gerðir texta (lestur/orðaforði)

- að kennari leyfi nemendum sjálfum að velja texta (t.d. úr tímaritum) til meðhöndlunar til að koma til móts við mismunandi áhugasvið; hafa verður í huga að textarnir séu þó ekki á of erfiðu máli (lestur/orðaforði)
- að kennari vekir nemendur til umhugsunar um hvaða minnistækni þeir noti við að tileinka sér orðaforða og bendi þeim e.t.v. á fjölbreytilegar leiðir til þess
- að nemendur skrifi t.d. stutt sendibréf eða örstutt ævintýri um efni sem verið hefur til umfjöllunar og fái með slíkum skrifum þjálfun í að skrifa frásögn í nútíð / núliðinni tíð / þáttíð, allt eftir því hvaða tíðir sagna hafa verið teknar fyrir (ritun)
- að nemendur skrifi boðskort til einnar persónu/fleiri persóna (noti bæði eintölu og fleirtölu), bæði persónulegt og formlegt þar sem þér er notuð (ritun)
- að kennari velji efni er tengist *Landeskunde* og fjalli nánar um t.d. *Oktoberfest* eða annað er henta þykir (*Landeskunde*)
- að kennari reyni að koma nemendum í tölvusamskipti við þýskumælandi nemendur í öðrum löndum hafi hann til þess aðstæður eða tækifæri (ritun)

ÞÝS 303 Orðaforði og samtalsæfingar

Undanfari: ÞÝS 203

Áfangalýsing

Orðaforði, sem komið hefur fram í undanförum, er lítillaga rifjaður upp. Áfram er áhersla á samtalsæfingar í para- og/eða hópvinnum og nemendur nú látnir segja skoðanir sínar á málefnum. Lögð er áhersla á að nemendur fái inn-sýn inn í aðstæður ungs fólks í þýskumælandi löndum hvað snertir nám og atvinnuhætti. Í umfjöllun um *Landeskunde* er fjallað um skiptingu og sameiningu Þýskalands en þetta eru atriði sem eru forsenda skilnings á núverandi þjóðfélagsaðstæðum.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið öll almenn fyrirmæli kennara á þýsku í kennslustofunni
- geti skilið daglegt talmál þegar talað er við hann hægt og skýrt með almennum algengum orðaforða um mál-efni er varða daglegt líf, umhverfi og líðan
- geti greint megininntak orðræðu um efni sem verið hefur til umfjöllunar þegar talað er á eðlilegum hraða við aðstæður þar sem hljóð í umhverfi torveldi ekki skilning

Lestur

- hafi aukið þjálfun sína í að bæta nýjum orðaforða við þann sem fyrir er
- geti lesið til skilnings léttu texta með almennum orðaforða er tengjast daglegu lífi í starfi og leik
- geti lesið og skilið meginefni lengri texta og stuttra ljóða með almennum orðaforða
- geti dregið út lykilorð til glósunar
- geti nýtt sér orðabækur við upplýsingaöflun

Tal**Nemandi**

- hafi á valdi sínu að nota eingöngu þýsku í öllum almennum samskiptum sínum við kennara í kennslustofunni nema þegar flókinna útskýringa er þörf
- geti tjáð sig munnlega í einföldum setningum, óhræddur og af nokkru öryggi, um afmarkað efni sem hefur verið til umfjöllunar
- geti tjáð sig um myndir eða stuttar myndasögur
- geti tjáð persónulega afstöðu til málefna sem tekin hafa verið fyrir í áfanganum, sagt skoðanir sínar á þeim og beitt af nokkru öryggi orðasamböndum sem nauðsynleg eru til almennra skoðanaskipta
- geti beitt málnotkunarreglum nokkuð rétt í munnlegri orðræðu

Ritun

- geti tjáð sig skriflega með rétttri stafsetningu í aðal- og aukasetningum um efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti skrifað persónuleg sendibréf á viðeigandi hátt (ávarp, kveðjur) um efni sem tengist honum sjálfum og atburðum í daglegu lífi, persónulýsingum, fyrirætlunum og væntingum
- geti skrifað stuttan útdrátt úr lesinni sögu
- geti tjáð sig skriflega um myndir eða stuttar myndasögur
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

Efnisatriði*Orðaforði*

Áfram er unnið með orðaförða daglegs lífs, bæði virkan og óvirkan, sem er dýpkaður og aukinn. Fjallað er um fjölskylduna í víðu samhengi, að takast á við mismunandi skoðanir á málefnum er tengjast daglegu fjölskyldulífi, að lýsa persónueinkennum, vonum og reynsluheimi ungs fólks almennt. Fjallað er t.d. um nám, atvinnumöguleika og afþreyingu.

Textar og annað kennslufni

Lesefni er aukið og lesa nemendur nú 1-2 léttlestrarbækur sem eru hraðlesnar, auk annarra valinna texta (t.d. sem tengjast *Landeskunde*-umfjöllun) eða ljóða eftir þýskumælandi höfundu. Æskilegt er að efni léttlestrarbókanna höfði á einhvern hátt til nemenda. Nemendur vinna sérstök verkefni með hjálp þýsk-íslenskrar orðabókar og fá einnig fyrstu kynni af notkun þýsk-þýskrar orðabókar og vinna sérstök verkefni henni tengd.

Málfræðiatriði

Málfræðiatriði, sem komið hafa fyrir í undanföllum, eru rifjuð lítillaga upp, sérstaklega sagnir því að nú bætist við núliðin tíð hafi hún ekki komið fyrir í undanfara, þátíð núbálegra sagna, helstu afturbeygðar sagnir og nokkrar helstu sagnir með forsetningum í föstum orðasamböndum. Beyging hliðstæðra lýsingarorða er þjálfuð, nokkrar aukatengingar kynntar og þjálfaðar eftir því sem kennslufni gefur tilefni til og þar af leiðandi er staða sagna í aukasetningum tekin fyrir og þjálfuð.

Námsmat

Nemendur eru símetnir í framförum sínum og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmat í munnlegri færni getur bæði átt sér stað í venjulegum kennslutímum og í sérstöku munnlegu prófi í lok áfangans. Námsmatið endurspeglir þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. nokkurn veginn jöfn áhersla er á alla þætti. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og öryggi og tilfinning fyrir málinu í heild skapist. Nemendum hafi í upphafi áfangans verið gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggist á.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að fyrirmæli kennara til nemenda séu eingöngu á þýsku nema þegar flókin atriði, t.d. málfræðiútskýringar, kalla á annað (hlustun)
- að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í öllum almennum samskiptum sínum við kennara (tal)
- að kennari leggi fyrir fjölbreytilegar æfingar er þjálfari markvisst þann orðaforða sem verið er að fjalla um hverju sinni og að þær málfræði- og málnotkunarreglur, sem koma nú nýjar inn, séu reglulega þjálfaðar munnlega og skriflega (orðaforði/málfræði/tal)
- að samtalsæfingar og/eða hlutverkaleikir skipi stóran sess í þjálfun nemenda í málnotkun og skoðanaskiptum við samnemendur; heppilegt væri að gefa nemendum upp helstu orðasambönd sem nauðsynleg eru til að tjá skoðanir og setja t.d. á veggspjald sem nemendur geta ætíð litið á og því vanist notkun þeirra (tal)
- að áfram sé unnið með efni af hljóm- eða myndbandi þar sem talað er skýrt en á eðlilegum hraða og nemendur þannig áfram þjálfaðir í hlustun í fjölbreyttum tilgangi (hlustun)
- að þær léttlestrarbækur, sem valdar eru, séu meðhöndlaðar þannig að innihald þeirra veki áhuga nemenda; að varast t.d. að umfjöllun um innihaldið verði of ítarleg og langdregin en hafa ber í huga að tíminn leyfir ekki ítarlega umfjöllun um hverja bók, heldur er ætlunin frekar að nemendur hraðlesi þær og vinni síðan stutt áhugavekjandi verkefni úr innihaldi þeirra, allt eftir því hvað innihaldið býður upp á hverju sinni, t.d. að nemendur

- spinni út frá lykilorðum/lykilsetningum hugsanlega atburðarás eða gang sögunnar áður en lestur hefst
- leiti við lesturinn eftir ákveðnum atriðum sem þeir hafa fyrirmæli um (t.d. í spurningum áður en þeir hefja lesturinn)
- skrifi stuttan útdrátt úr efni sögunnar
- skrifi persónulýsingu um valdar persónur sögunnar (lestur/orðaforði/ritun)
- að nemendur fái til lestrar og umfjöllunar ljóð mismunandi tegundar eftir þýskumælandi höfunda, velti fyrir sér innihaldi þeirra eða orðavali höfunda; mikilvægt er að kennari velji ljóðin með mismunandi tilgang í huga, t.d. ljóð sem eru skemmtileg hvað orðaval eða flutning varðar og leyfi nemendum að fjalla um þau frá ýmsum sjónarhornum; einnig væri kjörið að velja til umfjöllunar ljóð sem vel eru fallin til að hreyfa við tilfinningum eða skoðunum nemenda; ljóð sem veita þeim tilefni til skoðanaskipta (lestur/orðaforði/tal)
- að nemendur skrifi örstutt einföld „ljóð“ um afmarkað efni eða búi til orðaleiki með orðum sem ríma eða eru merkingarlega/málfræðilega tengd (orðaforði/ritun)
- að nemendur skrifi persónulegt sendibréf á þýsku til náins vinar; hentugt væri að kennari stýrði vinnu nemenda með því að láta þá velja ákveðin fjölbreytt efni að skrifa um, t.d. eina viðburðaríka helgi eða annað er hentar hverju sinni (ritun)

- að kennari láti nemendur skrifa frásögn (eins langa og þeir mögulega geta) í kennslustund um ákveðið efni með orðaforða sem er þeim kunnur; heppilegt væri að nemendur hefðu aðgang að öllum helstu lykilorðum, sem nota þarf, t.d. á töflu eða á glæru; nauðsynlegt væri að benda nemendum á að hugsa ekki of mikið um málfræðilega nákvæmni í þessum skrifum, heldur frekar um að koma sem mestu á blað; að „ryðja úr sér“; gott væri að kennari tæki af-raksturinn og gæfi þeim síðan t.d. í næstu kennslustund færi á að endurvinnna frásagnir sínar með hjálp orðabóka (ritun)
- að nemendur fái á fjölbreyttan og lifandi hátt innsýn inn í sögulega skiptingu Þýskalands og sameininguna; vel til fallið væri að nota myndbönd og veita nemendum innsýn inn í þróun stjórnmála; að kynna þeim muninn á lífskjörum fólks í löndunum tveimur fyrir skiptingu og e.t.v. afstöðu fólks í dag til þjóðfélagsmála og þróunarinnar sem orðið hefur eftir sameininguna; upplagt væri t.d. að tengja þetta umfjöllun um ungt fólk í Þýskalandi í dag, atvinnuhætti og nám (Landeskunde)
- að kennari velji texta t.d. úr tímaritum er snerta á einhvern hátt nám, störf, áhugamál og væntingar ungs fólks í þýskumælandi löndum (Landeskunde)
- að kennari leggi fyrir orðabókaverkefni, bæði með þýsk-íslenskri orðabók og kynni nemendum einnig þýsk-þýska orðabók og útbúi verkefni henni tengd; ef ekki eru til nægilegar birgðir orðabóka innan skólans þá væri vel hugsanlegt að skipta nemendum í hópa þar sem einn hópur vinnur hverju sinni að orðabókaverkefni en hinir sinna öðrum verkefnum á meðan (orðaforði)

ÞÝS 403 Orðaforði daglegs lífs

Undanfari: ÞÝS 303

Áfangalýsing

Orðaforði og málnotkunarreglur, sem komið hafa fram í undanförum, eru litillega rifjaðar upp og þjálfaðar eftir því sem þurfa þykir. Jöfn áhersla er nú á munnlega tjáningu og skriflega færni með almennum orðaforða um daglegt líf í víðum skilningi. Aukin áhersla er lögð á umfjöllun um valin málefni líðandi stundar sem eru í fréttum erlendis og/eða hér á landi. Fjallað er um sambandslönd Þýskalands og valið efni er tengist þeim sérstaklega.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið í meginatriðum daglegt talmál þegar talað er við hann hægt og skýrt með almennum algengum orðaforða um málefni er varða daglegt líf í víðum skilningi
- geti greint megininntak orðræðu um efni sem verið hefur til umfjöllunar þegar talað er á eðlilegum hraða við aðstæður þar sem hljóð í umhverfi torveldi ekki skilning
- geti greint lykilorð eða megininnihald fréttu í útvarpi/sjónvarpi, allt eftir þyngd efnisins hverju sinni

Lestur

- hafi aukið þjálfun sína í að bæta nýjum orðaforða við þann sem fyrir er
- geti skilið meginefni óstyttts bókmenntatexta á almennu aðgengilegu máli þó að viðkomandi skilji ekki hvert orð
- geti skilið megininntak nytjatexta á almennu aðgengilegu máli er fjalla um efni sem verið hefur að einhverju leyti til umfjöllunar í kennslustund
- geti leitað eftir orðskýringum á völdum orðum/orðasamböndum í þýsk-þýskri orðabók með aðstoð kennara eða þýsk-íslenskrar orðabókar

Tal**Nemandi**

- hafi á valdi sinu að nota þýsku í almennum samskiptum sínum við kennara í kennslustofunni nema þegar flókinn útskýringa er þörf
- geti tjáð sig munnlega í aðal- og aukasetningum, óhræddur og af nokkru öryggi, um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti tjáð sig af öryggi um myndir og stuttar myndasögur
- geti gert grein fyrir efni sem sett er fram á myndrænan hátt, s.s. í línuritum/súluritum með einföldum orðum-/orðasamböndum
- geti tjáð persónulega afstöðu til málefna sem tekin hafa verið fyrir í áfanganum, sagt skoðanir sínar á þeim og beitt af öryggi orðasamböndum sem nauðsynleg eru til almennra skoðanaskipta
- geti beitt málnotkunarreglum nokkuð rétt í munnlegri orðræðu

Ritun

- hafi öðlast meiri leikni í að tjá sig skriflega í aðal- og aukasetninum um almennt efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti greint í stuttri ritgerð frá meginefni lesins bókmenntatexta
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

Efnisatriði*Orðaforði*

Unnið er með orðaförða daglegs lífs í víðari skilningi en áður. Ekki er lögð megináhersla á umfjöllun um ungt fólk endilega, heldur almennt um fjölskylduna og samfélagið, bæði nú og áður fyrr.

Textar og annað kennsluefni

Lesefni nemenda er nú ekki lengur sérstakt léttlestrarefni, heldur lesa þeir nú óstytta bókmenntatexta, s.s. skáldsögu eða smásögu. Þar fyrir utan liggur megináhersla á textum úr dagblöðum og tímaritum, svo og á hljóð- og myndefni

úr þýskumælandi ljósvakamiðlum er fjalla um valin mál-efni líðandi stundar, t.d. fréttir, afþreyingu, menningu, menntun, stjórnmál. Þannig er leitast við að dýpka viðfangsefni kennslubókar hverju sinni með slíku aukaefni. Nemendur fá aukna þjálfun í að nota þýsk-þýska orðabók og vinna áfram sérstök verkefni henni tengd.

Málfræðiatríði

Lokið verður við grunnatriði málfræðinnar. Þau málfræðiatríði, sem komið hafa fyrir í fyrri áföngum, eru rifjuð upp jöfnum höndum eftir því sem þurfa þykir, bæði í munnlegum samtalsæfingum og með skriflegri þjálfun, og þau dýpkuð nokkuð. Bætt er við fleiri afturbeygðum sögnum, sögnum með forsetningum í föstum orðasamböndum, svo og aukatengingum í aukasetningum. Viðtengingarháttur þátíðar er kynntur og þjálfaður, einnig þolmynd, tilvísunarfornöfn og tilvísunarsetningar hafi þær ekki áður komið fyrir í kennsluefninu.

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmat í munnlegri færni getur bæði átt sér stað í venjulegum kennslutímum og í sérstöku munnlegu prófi í lok áfangans. Námsmatið endurspeglir þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. nokkurn veginn jöfn áhersla er á alla þætti. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og öryggi og tilfinning fyrir málinu í heild skapist. Nemendum hafi í upphafi áfangans verið gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggist á.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt:

- að fyrirmæli kennara til nemenda séu á þýsku nema þegar flóknar útskýringar kalla á annað (hlustun)
- að nemendur tjái sig á þýsku í almennum samskiptum sínum við kennara nema þegar flókin atriði krefjast móðurmáls (tal)
- að kennari leggi fyrir fjölbreyttar æfingar er þjálfari markvisst þann orðaforða sem verið er að fjalla um hverju sinni og að þær málfræði- og málnotkunarreglur, sem koma nýjar inn, séu reglulega þjálfaðar munnlega og skriflega (orðaforði/málfræði/tal)
- að nemendur fái tækifæri til að tjá skoðanir sínar m.a. í hóp- og paravinnu (tal)
- að unnið sé með hlustunarefni úr þýskumælandi fjölmiðlum með fjölbreyttum æfingum því tengdum (hlustun)
- að kennari haldi áfram að þjálfar nemendur markvisst í ritun um afmarkað stýrt efni þar sem þeir skrifa texta t.d. með hjálp ákveðins gefins orðaforða eða mynda/myndasagna án tillits til málfræðilegrar nákvæmni í byrjun; að þeir „ryðji úr sér“ og endurskoði síðan skrif sín með tilliti til málnotkunarreglna og málfræðilegrar nákvæmni (ritun)
- að þeir bókmenntatextar, sem valdir eru, séu meðhöndlaðir þannig að innihald þeirra vekji á einhvern hátt áhuga nemenda; varast ber t.d. að umfjöllun um innihaldið verði of ítarleg og langdregin; betra er að nemendur vinni markvisst að ákveðnum innihaldspáttum eða atriðum úr efninu, allt eftir því hvað hentar hverju sinni; heppilegt væri að leyfa nemendum að velja sjálfir þau viðfangsefni úr innihaldi sem vinna skal að skriflega. (lestur/ritun)

- að kryfja viðfangsefnin í munnlegum samtalsæfingum áður en nemendur gera bókmenntatexta skriflega skil og fá þannig fram viðhorf og afstöðu samnemenda til þeirra og „safna í sarpinn“ fyrir ritunarpáttinn (tal/orðaforði/ritun)
- að í umfjöllun um *Landeskunde* sé komið inn á valin atriði er tengjast sambandslöndum Þýskalands og að fjallað sé t.d. um sérkenni þeirra; hugsanlegt væri einnig að tengja þennan þátt inn í það efni sem tekið er fyrir úr þýskum fjölmiðlum, s.s. dagblöðum, tímaritum eða ljósvakamiðlum (*Landeskunde*)
- að nemendur vinni e.t.v. í tengslum við *Landeskunde* með upplýsingar sem settar eru fram á myndrænan hátt (línurit, súlurit) og fái þjálfun í að tjá sig með einföldum orðum og orðasamböndum sem nauðsynleg eru til að gera grein fyrir slíku myndefni (orðaforði/tal/landeskunde)
- að kennari leggi áfram fyrir orðabókaverkefni þar sem unnið er með þýsk-þýska orðabók og útbúi verkefni henni tengd (orðaforði)

ÞÝS 503 Málefni líðandi stundar

Undanfari: ÞÝS 403

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á fjölbreytni í textavali og munnlega og skriflega beitingu málsins í æfingum. Unnið er að hluta í þemavinnu, þ.e. notaðir eru textar og annað kennsluefni af mismunandi gerð þar sem fjallað er á ýmsa vegu um sama málefnið, t.d. umhverfi, vandamál og leiðir að lausnum þeirra. Að hluta eru textar valdir af nemendum þannig að efnið standi þeim nær og sé í samræmi við áhugasvið þeirra. Auk þess er fjallað nokkuð um málefni líðandi stundar í þýskumælandi löndum.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið skýrt talaða þýsku (almennt mál) og geti náð megininntaki í lengri frásögn og aðalþræði í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum

Lestur

- geti lesið og skilið óstyttan bókmenntatexta undir leiðsögn kennara og að hluta sjálfstætt með hjálp orðabóka
- geti lesið og skilið greinar í blöðum og tímaritum um valið efni (sjá *Orðaforða*)
- geti skilið léttari texta nákvæmlega
- geti áttað sig á meginefni þyngri texta þó að hann skilji ekki hvert orð

Tal

- geti rætt á þýsku um þá texta sem teknir eru fyrir
- geti spurt og svarað út frá efni áfangans, svo og um efni almenns eðlis, aðallega með orðaforða undan-ginginna áfanga
- hafi kynnst helsta mun á tal- og ritmáli, bæði varðandi málfræðiatríði (t.d. fallnotkun á eftir forsetningunni *wegen*) og varðandi orðaforða (t.d. *kriegen* og *bekommen*)

Ritun

Nemandi

- hafi náð meiri leikni (fjölbreyttur virkur orðaforði og rétt beiting málnotkunarreglna) og öryggi í að skrifa mismunandi tegundir texta, bæði um ákveðin afmörkuð atriði áfangans og frá eigin brjósti, t.d. sendibréf, samtöl og smáritgerðir um efni sem hann velur að hluta sjálfur

Efnisatriði

Orðaforði

Lýsing persónueinkenna, orðaforði um umhverfisvernd, orðaforði til lýsingar á landsvæðum á Íslandi og í þýskumælandi löndum, orðaforði sem nýtist við móttöku og aðstoð við þýska ferðamenn, valinn orðaforði um stjórnarfar, helstu atriði (munur) varðandi einkabréf og opinber bréf. Mikið er gert í að rifja upp og viðhalda eldri orðaforða. Mælt er með notkun þýsk-þýskrar orðabókar, m.a. til að nemendur æfi mismunandi leiðir til að tjá sig (umorðun).

Textar og annað kennsluefni

Lesinn er einn megintexti, skáldsaga eða leikrit. Auk þess eru notaðir styttri textar af mismunandi gerð (t.d. nytjatehtar, smásögur, blaðgreinar) þar sem fjallað er um þau atriði sem nefnd eru undir *Orðaforða*. Lesnar eru og/eða hlustað á fréttir liðandi stundar sem á einhvern hátt lýsa lífi og menningu þýskumælandi þjóða. Kennari velur eftir föngum annað efni, svo sem myndbönd, tölvuefni o.fl. í samræmi við þau atriði sem nefnd eru undir *Orðaforða*.

Málfræði

Nemendur hafa þegar kynnst helstu grunnatriðum málfræðinnar. Í þessum áfanga beinast því málfræðiæfingar að ákveðnum atriðum hverju sinni til að dýpka skilning nemenda á þeim og auka öryggi þeirra til að beita málfræðireglum rétt í flóknara samhengi (málsgreinar, meiri orðaforði) og í sjálfstæðum verkefnum (ritgerðir). Nauðsynlegt er að nemendur sjái málfræðina sem hluta af beitingu málsins en ekki sem afmarkaðan þátt þess.

Námsmat

Nauðsynlegt er að færniþættirnir lestur, skrifleg færni, munnleg færni og hlustun séu allir teknir inn í námsmatið. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og tilfinning og öryggi fyrir málinu í heild skapist.

Til munnlegs prófs er gott að hafa aðalverkefni úr megin-texta áfangans (skáldsögu eða leikriti). Slík ráðstöfun gefur nemandanum vissa öryggiskennd – en segir um leið til um ástundun hans og færni í því að koma efni og sínum eigin hugsunum í orð. Líta má á munnlegt próf bæði sem mat á hlustun og tjáningu.

Námsmatið endurspeglar í heild þjálfun færniþátta í kennslu.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að kennslan fari fram á þýsku þegar textalestur og textameðferð er þjálfuð; ef skilningur nemenda er takmarkaður er nauðsynlegt að kennari reyni af fremsta megni að útskýra á þýsku en ekki á íslensku; auðvelt er að láta líkamstjáningu undirstrika merkingu orða og setninga (hlustun)
- að textaval sé áhugavekjandi; ef virkja á nemendur til að þjálfra færni sína í málinu (munnlega/skriflega) er afar nauðsynlegt að þeir geti t.d. sett sig í spor söguhetjunnar eða að textinn fjalli um efni sem þeir hafi áhuga á; tungumál öðlast ekki líf fyrr en það er notað til að tjá hugsanir og tilfinningar, hvort sem það er gert munnlega eða skriflega (tal/ritun)
- að velja texta af mismunandi lengd, t.d. að hafa einn megin-texta (þá lengri, t.d. skáldsögu eða leikrit) og nokkra styttri texta um fjölbreytt efni; styttri textar henta vel til að þjálfra mismunandi lestur, t.d. nákvæmnislestur, leit að ákveðnum upplýsingum eða til að gera sér grein fyrir meginatriðum (lestur)

- að hafa hugfast að æfingar eiga að vera markvissar, þ.e. að þjálfar ekki það marga þætti í einu að nemendur ráði illa við þær; þannig ætti t.d. ekki að æfa ákveðin málfræðiatríði eða tal og ritun með lítt þekktum orðaforða; samvinnan við nemendur byggist á gagnkvæmu trausti og ein lítil einföld talæfing getur skilað mun betri árangri en önnur löng og flókin; æfingar, sem eru í heild of flóknar, draga frekar úr námsgetu og kjarki nemenda heldur en að hafa uppbyggjandi áhrif; heppilegt er að æfingar innihaldi misþung atriði þannig að allir fái uppbyggjandi þjálfun við sitt hæfi, jafnt þeir sem slakari eru og þeir sem hafa mjög mikla getu (málfræði/tal/ritun)
- að geta gripið inn í og lagt fyrir málfræðiæfingar sem æfa ákveðinn afmarkaðan þátt málfræðinnar sem nemendur flaska á hverju sinni samhliða talæfingum og öðrum æfingum þar sem nemendur eiga að tjá sig (hóp- og paravinna); þannig er málfræðin tengd sem nauðsynlegur þáttur inn í notkun tungumálsins til að styrkja tjáningarhæfni nemandans en ekki til að stýra eða letja (málfræði)
- að taka fyrir í *Landeskunde* (sjá *Orðaforða*) ákveðið land eða svæði og gera því nokkuð góð skil; verkefni eru lögð fyrir nemendur og ráðlegt er að leyfa nemendum að einhverju leyti að koma með tillögur um verkefni; sjálfsagt er að fjalla um það land eða svæði sem textar áfangans fjalla um (t.d. söguvið í skáldsögu/leikriti) (*Landeskunde/orðaforði*)
- að hafa í huga að notkun orðabóka, málfræðibóka og annarra uppsláttarrita á að vera sjálfsögð í þessum áfanga; samt er viðeigandi að hafa nokkur æfingaverkefni sem eru sérstaklega miðuð við notkun hjálpargagna til að auka öryggi og sjálfstraust nemenda til að geta bjargað sér á eigin spýtur (skilningur-/tjáning)

ÞÝS 603 Greining á textum

Undanfari: ÞÝS 503

Áfangalýsing

Öllum þáttum, sem nemendur hafa fengið þjálfun í á fyrri stigum þýskunámsins, er haldið við. Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur læri að meta texta og tengja sjálfir upplýsingar úr mismunandi textum og gera grein fyrir þeim. Í upphafi er notað efni sem nemendur skilja frekar auðveldlega. Síðan er unnið út frá misþungum textum sem eru krefjandi ýmist með tilliti til innihalds eða forms.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið bæði aðal- og nákvæmnisatriði í samfelldu erindi (5-15 mín.) sem er flutt með skýrum framburði og almennum orðaforða um efni sem nemendur þekkja vel
- geti skilið lengri fyrirmæli um hversdagsleg atriði og/eða skýringar um notkun hversdagslegra áhalda/tækja
- geti fylgt meginþræði í umræðum um efni sem hann þekkir, þegar nokkrir tala

Lestur

- geti lesið nokkuð hiklaust lengri texta um efni sem hann hefur áhuga á og hefur kynnt sér
- geti áttað sig á rökréttu samhengi aðalatriða í texta þótt hann skilji ekki öll nákvæmnisatriði
- geti lesið sér til (með hjálp orðabóka) og aflað sér nýrrar þekkingar um ákveðið efni með því að nýta sér mismunandi heimildir
- geti gert greinarmun á upplýsingum og skoðunum
- geti skilið atburði, tilfinningar og óskir í persónulegum bréfum og í bókmenntatextum þar sem fjallað er um málefni sem nemandi getur sett í samhengi við eigin reynsluheim

Tal

Nemandi

- geti borið öll orðin nokkuð rétt fram þótt áhersluvillur komi enn þá fyrir
- hafi náð nokkuð eðlilegri hrynjandi í lengri setningum
- geti lýst í samfelldu máli reynslu, atburðum, vonum og óskum
- geti sagt frá aðalatriðum, t.d. í kvikmynd, bók eða sögu, á rökréttan hátt og í samhengi og lýst stuttlega eigin viðbrögðum
- geti lýst eigin skoðun í stuttu máli á viðfangsefni sem rætt hefur verið í kennslu og geti fært nokkur rök fyrir skoðun sinni

Ritun

- geti beitt málnotkunarreglum þannig að villur valdi ekki missskilningi
- geti ritað rökréttan og skýran samfelldan texta, s.s. frásagnir, endursagnir, stuttar ritgerðir, um efni sem nemandinn þekkir vel
- geti skrifað persónulegt bréf um atburði og reynslu
- hafi á valdi sínu fjölbreyttan orðaforða og forðist stöðuga endurtekningu á orðalagi

Efnisatriði

Orðaforði og textar

Annars vegar tengist efnið að hluta áfram reynsluheimi nemenda en hins vegar er fjallað um önnur efni sem nemendur afla sér nýrrar þekkingar um og sem varðar aðallega menningarheim, hugsunarhátt og lífsskilyrði í þýskumælandi löndum.

Fjallað verður um einn aðaltexta (t.d. sögu, leikrit eða nytjatexta) og teknir verða styttri textar af mismunandi gerð (t.d. blaðagreinar, ljóð, útvarps-/sjónvarps/tölvuefni, stuttar sögur) sem að hluta er hægt að tengja innihaldslega á einhvern hátt við aðaltextann.

Málfræðiatríði

Þó að nemendur hafi kynnst og æft öll helstu grunnatriði málfræðinnar þarf af og til að rifja þau upp, jafnvel þau einföldustu, og setja í nýtt samhengi og/eða skýra þau nánar en fram til þessa hefur verið gert. Sem dæmi má nefna viðtæka notkun lýsingarháttar nútíðar í þýsku, bæði sem lýsingarorðs og sérstaklega sem atviksorðs (*Die erholungssuchenden Gäste.... / Der wachhabende Polizist... / Er kam lachend zu uns gelaufen / Freudestrahlend erzählte sie mir...*). Góð þekking á aðal- og aukatengingum og rökrétt notkun á aukasetningum er mikilvægur þáttur við túlkun, greiningu og mat á textum, m.a. skal hér bent á að þjálfar samsettar aðaltengingar (t.d. *sowohl ... als auch*) og aukatenginguna *als ob* með viðtengingarhætti þátíðar.

Námsmat

Nauðsynlegt er að færniþættirnir lestur, skrifleg færni, munnleg færni og hlustun séu allir teknir inn í námsmatið. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og tilfinning og öryggi fyrir málinu í heild skapist.

Til munnlegs prófs er gott að hafa aðalverkefni úr megin-texta áfangans (skáldsögu eða leikriti). Slík ráðstöfun gefur nemandanum vissa öryggiskennd – en segir um leið til um ástundun hans og færni í því að koma efni og sínum eigin hugsunum í orð. Líta má á munnlegt próf bæði sem mat á hlustun og tjáningu.

Námsmatið endurspeglir í heild þjálfun færniþátta í kennslu.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að nemendur byrji að æfa sig í því að meta og greina texta á einfaldan hátt, t.d. með því að
 - svara rétt/rangt-spurningum
 - svara spurningum sem kalla á stutt svör
 - tengja með pílum texta og myndir, gröf, súlurit, töflur
- að nemendur fái síðan mismunandi stutta texta, sem fjalla allir um sama málefnið; nemendur beri saman mismunandi þætti miðað við form og/eða innihald textanna; hvað er sameiginlegt, hvað mismunandi, t.d.
 - um hvers konar textategund er að ræða
 - fyrir hvaða lesendahóp er textinn skrifaður
 - hefur orðaforðinn sérstök einkenni (hlutlaus, hátíðlegur, ögrandi o.s.frv.)
 - á hvaða staðreyndir er lögð áhersla
 - hvernig eru persónulýsingar
- að hafa hugfast að para- og hópvinna hentar bæði til að æfa og rifja upp stök málfræðiatríði og orðaforða, semja samtöl, vinna ákveðin verkefni og setja síðan fram niðurstöður (hópsins) í stuttri skriflegri og munnlegri samantekt, gott er að gefa takmarkaðan tíma fyrir slík verkefni og hafa þau ekki of löng. Þannig ganga nemendur oft óhræddari til verks
- að nemendur fái sérstakar æfingar til að auka orðaforðann sem nauðsynlegur er til að setja fram eigin skoðun og tjá sig um eigin upplifun, lýsa því hvað þeim finnst vera kostir og ókostir við ákveðið efni
- að gera nemendum grein fyrir mikilvægi einfaldleikans, að skipuleggja hugsun sína, að reyna ekki að segja of margt í einni setningu, að gera sér grein fyrir því sem þeir ætla að segja og rökréttum tengslum þess við önnur atriði
- að kynna helstu mismunandi aðferðir ferlisritunar þannig að hver nemandi finni leið sem honum hentar best til að *planen, formulieren, überarbeiten*

- að nemendur hlusti á hljóðefni, t.d. leikrit, og geri skriflega og munnlega grein fyrir ýmsum einkennum persónanna, t.d. mismunandi afstöðu þeirra og skoðunum
- að nemendur glími við fjölbreytt ritunarverkefni úr sama texta, t.d. skrifi sögulok, samtöl, ljóð, dagbók, persónulýsingar
- að hjálpa nemendum til að gera sér góða grein fyrir eigin kunnáttu, bæði takmörkunum varðandi orðaforða og málfræði (tengt því að gera sér málfræðiatríði betur meðvituð), og þeim möguleikum sem þeir hafa; þeir átti sig á því hverju og hvernig þeir geta miðlað af hugsunum og hugmyndum þrátt fyrir þær takmarkanir sem þeir búa við
- að hafa í huga að hvatning kennarans, sem eflir sjálfs-traust nemenda, skiptir auðvitað sérstaklega miklu máli þegar nemendur læra að setja fram eigin skoðun á erlendu tungumáli

ÞÝS 703 Greining á textum og hlustunarefni

Undanfari: ÞÝS 603

Áfangalýsing

Áfram er haldið að þjálfna nemendur í því að greina og meta texta og myndefni, en núna er einnig farið að greina hlustunarefni, þ.e. að átta sig á því hvort í töluðu erindi sé miðlað upplýsingum, skoðunum lýst eða viðhorfum. Munnleg og skrifleg tjáning er æfð en núna er einnig lögð áhersla á að færa rök fyrir máli sínu. Í þemavinnu er fjallað um mállýsku- og menningarmun þýskumælandi landa.

Auk þess er tekið efni (texti, tón- eða myndefni), sem nemendur fá að velja að hluta sjálfir og sem er hraðlesið, aðallega í þeim tilgangi að nemendur njóti eigin kunnáttu án þess að íþyngja þeim með öðrum verkefnum tengdum efninu en að segja í stuttu erindi (u.þ.b. 5-10 mín.) frá því sem þeir hafa fengist við.

Áfangamarkmið

Nemandi

Hlustun

- geti skilið bæði aðal- og nákvæmnisatriði í samfelldu erindi sem er flutt með skýrum framburði og almennum orðaforða um efni sem hann þekkir vel
- geti áttað sig á því hvenær flutningsmaður erindis miðlar upplýsingum um efnið og hvenær hann lætur í ljós eigin skoðun, eigið mat eða viðhorf

Lestur

- hafi vald á mismunandi lestraraðferðum sem hafa verið kenndar í undanförum og geti beitt þeim við lestur á textum um ný málefni sem hann aflar sér þekkingar á
- geti skilið nokkuð langar og flóknar málsgreinar

Tal

- geti veitt nokkuð ítarlegar og skýrar upplýsingar um hversdagsleg atriði
- geti brugðist við óvæntum fyrirmælum og/eða spurningum um einföld hversdagsleg efni án fyrirvara

Ritun

- geti rætt um efni sem hann þekkir vel og rökstutt eigin skoðun
- geti flutt erindi (10-20 mín.) um efni sem hann hefur kynnt sér vel og sett fram kosti og ókosti þess
- geti skrifað um efni sem hann þekkir vel, sett innihaldið markvisst og rökrétt fram og geti lýst og rökstutt eigin skoðun á því, t.d. nefnt kosti og ókosti
- geti lýst eigin tilfinningalegri upplifun á því efni sem hann segir frá

Efnisatriði*Orðaforði og textar*

Notaðir eru fjölbreyttir textar, misflóknir eftir því hvaða færnatríði á að þjálfá. Sami textinn getur verið mjög mis-krefjandi eftir því hvað gert er við hann, t.d. er erfiðara að skilja hlustunarefni en lesefni. Nemendur lesa skáldsögu, leikrit eða smásögur. Blæbrigðum orðaforðans og málfars er gefinn meiri gaumur en hingað til.

Málfræði

Eins og fyrr er nauðsynlegt að rifja af og til upp grunnatriði málfræðinnar. Að geta tjáð eigin tilfinningar og skoðanir krefst töluverðrar kunnáttu í beitingu málsins og blæbrigðum þess. Í þessum áfanga hafa nemendur þegar byggt upp talsverða málfræðikunnáttu og er því grundvöllur fyrir því að þeir átti sig betur en hingað til á merkingarlegu mikilvægi málfræðinnar í tungumálinu. Gott tækifæri til að ræða þetta hlutverk málfræðinnar gefst t.d. þegar fjallað er um notkun og merkingu framtíðar í tengslum við smáorðin *schon*, *wohl*, *noch*.

Þýðingar

Æfðar eru þýðingar á flóknum málsgreinum og nemendum er bent á helstu einkenni flókinna setninga sem þarf að gefa gaum að til að skilja samhengið.

Námsmat

Nauðsynlegt er að færniþættirnir lestur, skrifleg færni, munnleg færni og hlustun séu allir teknir inn í námsmatið. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtíaminni og tilfinning og öryggi fyrir málinu í heild skapist.

Til munnlegs prófs er gott að hafa aðalverkefni úr megin-texta áfangans (skáldsögu eða leikriti). Slík ráðstöfun gefur nemandanum vissa öryggiskennd – en segir um leið til um ástundun hans og færni í því að koma efni og sínum eigin hugsunum í orð. Líta má á munnlegt próf bæði sem mat á hlustun og tjáningu.

Námsmatið endurspeglir í heild þjálfun færniþátta í kennslu.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að nemendur æfi að gera skriflega og munnlega grein fyrir upplýsingum í súluritum og töflum
- að rætt sé við nemendur um hvernig setja megi fram efni til að vekja áhuga lesandans eða hlustandans, t.d. með skýrri uppbyggingu, myndefni til stuðnings og notkun spurninga við efnisframsetningu
- að kenna nemendum aðferðir við að leiðrétta eigin verkefni og eigið tal
- að nemendur fái tækifæri til að vinna að stuttum en krefjandi þýðingarverkefnum (u.þ.b. 150 orð)

Þær leiðir, sem nefndar eru í ÞÝS 603, eiga að mestu leyti líka við í þessum áfanga.

ÞÝS 803 Mat á textum og myndefni

Undanfari: ÞÝS 703

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur nái nokkurri leikni í að færa rök fyrir máli sínu. Áframhaldandi þjálfun í því að greina og meta mismunandi texta og myndefni og tjá eigin skoðun munnlega og skriflega er forsenda þeirrar leikni. Auk efnis, sem kennarinn velur, er einnig í þessum áfanga tekið efni (texti, tón- eða myndefni) sem nemendur fá að velja að hluta sjálfir. Einnig er notað hraðlesið efni, aðallega í þeim tilgangi að nemendur njóti eigin kunnáttu án þess að íþyngja þeim með öðrum verkefnum tengdum efninu en að segja í stuttu erindi (u.þ.b. 5-10 mín.) frá því sem þeir hafa fengist við.

Áfangamarkmið

Markmiðin eru áþekk þeim sem hefur verið lýst í undanfaranum en gerðar eru meiri kröfur um virkan og óvirkan orðaforða, öryggi í réttri málnotkun, skýra framsetningu og rökfærslu, m.a. með dæmum til að styðja mál sitt. Nemendur geti tjáð sig um og brugðist við tilfinningum eins og undrun, gleði, dapurleika, áhuga og áhugaleysi. Áhersla er lögð á að gera nemendur færari í því að geta leiðrétt eigið tal og eigin ritun með því að þeir geri sér betur grein fyrir eigin „veikleikum“ við málbeitingu.

Nemandi

Hlustun

- geti skilið erindi sem talað er á eðlilegum hraða um málefni sem hann er kunnugur
- geti skilið fyrirmæli, upplýsingar og megininntak útvarps- og sjónvarpsfrétta
- geti fylgt þræði í umræðum

Lestur

- geti lesið og nýtt sér upplýsingar sem til eru á þýsku, t.d. á bókasafni eða á leitarvef, um viðfangsefni náms í öðrum greinum, svo sem um umhverfismál, tækni, vísindi, áhugamál

Tal

- geti beðið um aðstoð, leitað ráða, beðið um leyfi og veitt það öðrum, boðið aðstoð sína, gefið upplýsingar, beðið viðmælanda um að endurtaka eða umorða það sem sagt var, geti beðið um útskýringar og einnig mótmælt og beðið um orðið á kurteislegan hátt
- sé sjálfur fær um að endurtaka eða umorða það sem hann hefur heyrt til að fullvissa sig um að hann hafi skilið rétt

Ritun

- geti beint athygli að ákveðnum atriðum sem honum sjálfum hættir helst til að gera rangt og átti sig á því hvenær hann geti leiðrétt sig og hvenær hann ræður ekki við það og þurfi að fletta upp í hjálpargögnum eða fá hjálp frá kennara
- geti skrifað ritgerðir þar sem rökfærslu er beitt

Efnisatriði

Orðaforði og textar

Fjölbreyttir textar eru notaðir, misflóknir eftir því hvaða færnisatriði á að þjálfa. Sami textinn getur verið mjög mis-krefjandi eftir því hvað gert er við hann. Samsettum orða-tiltækjum, sérstökum talvenjum (*idiomatische Ausdrücke*) og blæbrigðum orðaforðans og málfars er gefinn meiri gaumur en hingað til.

Málfræði

Hér gildir það sama og í undanfaranum. Með tilliti til þess að lesnar eru m.a. blaðagreinar eins og í fyrri áföngum er viðeigandi að kenna óbeina ræðu þannig að nemendur geti beitt henni sjálfir.

Þýðingar

Æfðar eru þýðingar á flóknum málsgreinum, samsettum orðatiltækjum, sérstökum talvenjum (*idiomatische Ausdrücke*) og blæbrigðum orðaforðans og málfars. Þýðingarvandamál eru rædd það vel að nemendur geri sér nokkuð góða grein fyrir þeim.

Námsmat

Nauðsynlegt er að færniþættirnir lestur, skrifleg færni, munnleg færni og hlustun séu allir teknir inn í námsmatið. Auk þess er ástundun einnig metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og tilfinning og öryggi fyrir málinu í heild skapist.

Til munnlegs prófs er gott að hafa aðalverkefni úr megin-texta áfangans (skáldsögu eða leikriti). Slík ráðstöfun gefur nemandanum vissa öryggiskennd – en segir um leið til um ástundun hans og færni í því að koma efni og sínum eigin hugsunum í orð. Líta má á munnlegt próf bæði sem mat á hlustun og tjáningu.

Námsmatið endurspeglar í heild þjálfun færniþátta í kennslu.

Dæmi um kennsluleiðir

Til að ná markmiðum áfangans væri t.d. heppilegt

- að nemendur vinni í hópum að heildstæðum, víðamiklum verkefnum þar sem reynir á ritfærni, þekkingu á uppbyggingu texta og framsetningu efnis, t.d. gerð blaða, kynningarefnis eða smásagna
- að nemendur venjist því að tjá hugsun sína á mismunandi hátt og velji textagerðir í samræmi við þann boðskap sem þeir vilja koma á framfæri og hagi orðum sínum og málfari í samræmi við aðstæður hverju sinni

Leiðir, sem hafa verið nefndar áður í ÞÝS 603 og ÞÝS 703, eiga einnig við í þessum áfanga.



ENSKA FYRIR HEYRNARLAUSA

Inngangur

Heyrnarlaust fólk lærir ekki tungumál á sama hátt og heyrandi. Það hefur ekki heyrn til að tileinka sér tungumálið heldur lærir það á grundvelli ritmálsins. Námskrá í ensku fyrir heyrnarlausa tekur mið af þessum aðstæðum og því er íslenskt táknmál fyrsta mál heyrnarlausra og það mál sem lagt er til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum fyrir heyrnarlausa.

Tungumálakennsla byggist alla jafna á hlustun, ritun, lestri og tjáningu. Málanám heyrnarlausra byggist ekki á hlustun og munnlegri tjáningu en aukin áhersla er lögð á ritmáls-hluta enskunnar ásamt kynningu á bresku eða bandarísku táknmál eftir því sem kostur er.

Nám og kennsla

Markmið enskunámsins er að auka getu nemenda til að skilja, lesa og skrifa enskt mál og ná tókum á ensku eða bandarísku táknmáli eftir atvikum. Lestur og ritþjálfun byggist frá upphafi á lestri fjölbreyttra texta sem eru almenns eðlis og bókmenntatexta. Stígandi náms byggist á vaxandi áherslu á nákvæman skilning texta, þ. á m. heilla bóka. Stefnt er að því að nemendur verði færir um að nota bækur á ensku í námi og starfi. Í ritunarverkefnum er gert ráð fyrir því að efnistökin færist frá einföldum endursögnum til túlkunar á efni og innihaldi þess. Nemendur geri grein fyrir eigin skoðunum og viðhorfum. Í stað talþjálfunar kemur þjálfun í notkun ensks ritmáls sem samskiptmiðils. Mælt er með því að nemendur noti eins og kostur er margmiðlunartækni eins og tölvupóst og Netið í námi sínu. Stefnt skal að því að þjálfva nemendur í kennslu og þjálfun í bandarísku eða ensku táknmáli. Í þessari námskrá er vísað til bandaríksks eða ensks táknmáls þegar fjallað er um táknmál.

Í grunnárföngum er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að stunda alhliða enskunám sem getur nýst þeim í leik og starfi og til áframhaldandi náms. Það er því mikilvægt að þeir kynnist sem fjölbreytilegustum textum og fái tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt. Mikilvægt er að miða viðfangsefnin við getu og þroska nemenda og að þeir fái tækifæri til að spreyta sig á krefjandi viðfangsefnum við hæfi. Fjöldi eininga í ensku er sá sami hjá heyrnarlausum nemendum og öðrum nemendum í framhaldsskólum.

Námsmat

Meta þarf alla þætti námsins. Eðlilegt er að símat fari fram og að nemendur standi síðan skil á kunnáttu sinni og færni í skriflegum prófum og „munnlegum“ þegar það á við.

Lokamarkmið eftir 9 einingar

Nemandi

- geti skilið lestexta af ýmsum gerðum, bókmenntatexta, texta í heimildarritum, dagblöðum og tímaritum
- geti beitt mismunandi lestrarlagi, þ.e. nákvæmnislestri, yfirlitslestri og leitarlestri
- geti skilið myndefni með enskum texta, s.s. kvikmyndir og fræðslufni
- hafi öðlast gleggri skilning á hugmyndum sem eru að baki flóknum málfræðiatríðum
- geti leiðrétt sig og umorðað hugsun
- þekki helstu einkenni málnotkunar sérstaklega m.t.t. stafsetningar og algengustu orða og orðasambanda í ensku og amerísku
- hafi öðlast færni í að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum
- þekki málfar á vefsíðum, netráðstefnum og spjallrásum
- hafi öðlast leikni í að nota tölvupóst og vefrápara
- geri sér grein fyrir gildi ensku sem alþjóðamáls
- geti miðlað upplýsingum sem snerta hann sjálfan, menningu heyrnarlausra og umhverfi á ensku
- þekki til menningar á enskumælandi svæðum, bæði samfélagsins í heild og samfélags heyrnarlausra
- geti tjáð sig í ræðu (á bresku eða bandarísku táknmáli) og riti á skýran og skilmerkilegan hátt, bæði formlega og óformlega
- geti nýtt sér margvíslegt myndefni
- geti nýtt sér margvíslegt myndefni á táknmáli, bæði af fræðasviðum og um málefni liðandi stundar

Áfangar

ENS 113 Lestur og ritun

Áfangalýsing

Í áfanganum eru nemendur þjálfaðir í lestri og ritun. Lögð er áhersla á að æfa bæði nákvæman lestur og hraðlestur. Lesnir eru valdir textar úr kennslubók með æfingum í orðaforða og málfræði, auk æfinga í að greina meginatriði texta, samhengi og álykta um merkingu. Nemendur lesa skáldsögu og nokkrar smásögur. Í stað tals og hlustunar æfa nemendur sig í tjáskiptum á ensku með hjálp margmiðlunartækni eins og bréfasíma, tölvupósts og Netsins. Nemendur fá byrjunarkennslu í bandarísku eða bresku táknmáli.

Áfangamarkmið

Nemandi

Málskilningur

- geti lesið margvíslega texta, þ.e. bókmenntatexta ætlaða heyrnarlausum, dægurefni í blöðum, upplýsingar á Netinu og ýmis upplýsingarit
- geti notað leitarvefi til að afla upplýsinga á ensku um afmörkuð efni
- geti sætt sig við að skilja ekki allt sem hann les og sér táknað og geti getið í eyður
- geti skilið smáatriði í einföldum almennum samræðum á táknmáli
- geti skilið atburðarás í frásögn á táknmáli
- geti notað einfalt myndefni á táknmáli

Tjáning

- geti skrifað margskonar texta í skrefum
- geti tjáð sig skriflega á eðlilegu og viðeigandi máli miðað við samhengið hverju sinni
- geti tekið þátt í óformlegum skriflegum samskiptum (t.d. tölvu- eða bréfasamskiptum) við enskumælandi fólk og fylgt reglum ritmáls

- geti tjáð sig skýrt og skilmerkilega á táknmáli um einföld viðfangsefni, geti endursagt, haldið stutt erindi og tekið þátt í umræðum
- geti tekið þátt í samskiptum á táknmáli, t.d. átt samtöl við bekkjarfélaga, kennara og annað táknmálstalandi fólk eftir því sem tækifæri gefst til

Málotkun/ orðaforði

- kunni helstu reglur um skriflega framsetningu og geti beitt þeim
- geti notað orðabækur sér til gagns
- ráði yfir almennum og sértækum orðaforða í ensku sem unnið hefur verið með í námsefninu
- kunni helstu reglur um setningaruppbyggingu og geti beitt þeim
- kunni grundvallarreglur í enskri málfræði og málfræði táknmáls og geti beitt þeim
- ráði yfir meiri skilningsorðaforða heldur en hann getur beitt í ritun og táknmáli

ENS 213 Málskilningur og ritun

Undanfari: ENS 113

Áfangalýsing

Byggt er ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur náðu við lok Ensku 113 og unnið með efni sem myndar eðlilegt framhald af efni þess áfanga. Nemendur lesa skáldsögu í fullri lengd og greina efni og merkingu nákvæmar en áður. Nemendur bæta við orðaforðann, takast á við erfiðari málfræði og vandasamari og fjölbreyttari ritun og táknmál, auk þess sem haldið er áfram að æfa tjáskipti um tölvur. Haldið er áfram með þjálfun í bandarísku eða bresku táknmáli.

Áfangamarkmið

Nemandi

Málskilningur

- geti lesið einfalda bókmenntatexta, texta í dagblöðum og tímaritum, texta í alls kyns upplýsingaritum, texta í heimildarritum og á Netinu
- geti lesið einfalda vísindatexta sem ætlaðir eru almenningi
- geti beitt mismunandi lestraraðferðum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, og nákvæmnislestri
- geti leitað eftir tilteknum upplýsingum, í uppsláttarritum eða í rafrænum textum
- geti gert greinarmun á staðreyndum og skoðunum
- geti sætt sig við að skilja ekki allt sem hann les og sér táknað og geti getið í eyður
- geti notað myndefni á táknmáli til að vinna út frá, t.d. í ritgerðum, endursögnum, frásögnum og í tengslum við önnur verkefni, „munnlega“ eða skriflega
- geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu á táknmáli þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir vel og /eða hefur áhuga á, t.d. í fyrirlesturum eða af myndbandi

Tjáning

- geti greint frá meginmáli texta eða hugsun annarra í rituðu máli á skipulegan, rökrænan og hnitmiðaðan hátt
- geti tjáð sig skriflega með því að skrifa endursagnir, nýta sér fyrirmyndir að textum, skrifa ritgerðir, greinargerðir og upplýsingatexta
- geti tekið þátt í óformlegum og öðrum skriflegum samskiptum, t.d. tölvu- eða bréfasamskiptum, við enskumælandi fólk og fylgt reglum ritmáls eftir því sem við á
- geti tjáð hugsun sína á táknmáli skýrt og skilmerkilega við mismunandi aðstæður, t.d. með því að endursegja efni, halda stutt erindi og taka þátt í umræðum
- geti tekið þátt í samskiptum á táknmáli, t.d. í samtölum við bekkjarfélaga, kennara og annað táknmálstalandi fólk eftir því sem tækifæri gefst til

Málnotkun/ orðaforði

- hafi gott vald á framsetningu, máli og uppbyggingu við ritgerðarsmið
- geti áttað sig á mismunandi merkingu orða og hugtaka
- geti leitað í orðabókum og öðrum heimildum
- kunni helstu reglur um skriflega framsetningu og geti beitt þeim
- kunni orðaforða sem unnið hefur verið með í námsefninu
- kunni helstu reglur um setningaruppbyggingu og geti beitt þeim
- ráði yfir meiri skilningsorðaforða heldur en hann getur beitt í ritun
- vinni áfram að því að ná tökum á reglum um málnotkun í ensku og táknmáli
- kunni helstu málfræðireglur í ensku og táknmáli og geti beitt þeim

Enska 313 Bókmenntir og menning

Undanfari: ENS 213

Áfangalýsing

Byggt er ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur náðu við lok ensku 213. Lesin eru ýmis bókmenntaverk eftir heyrandi og heyrnarlausa höfundu. Lögð er áhersla á að nemendur fái aukna innsýn í menningu enskumælandi landa, bæði menningu heyrnarlausra og heyrandi og vinni einnig með efni úr íslensku umhverfi og menningu. Lögð er áhersla á alhliða færni í tungumálinu. Haldið er áfram með þjálfun í bandarísku eða bresku táknmáli.

Áfangamarkmið

Nemandi

Málskilningur

- geti lesið margvíslega texta, bókmenntatexta ýmiss konar, fræðitexta og texta úr dagblöðum og timaritum og texta á Netinu
- geti lesið einfalda vísindatexta sem ætlaðir eru almenningi
- geti beitt fyrir sig mismunandi lestrarlagi, þ.e. nákvæmnislestri, yfirlitslestri og leitarlestri og viti hvenær hvaða aðferð er viðeigandi
- geti gert greinarmun á staðreyndum og skoðunum
- geti notað myndefni með enskum texta eða á táknmáli til að vinna út frá, t.d. í ritgerðum, endursögnum, frásögnum og í tengslum við önnur verkefni, „munnleg“ eða skrifleg
- geti fylgst með og skilið orðræðu á táknmáli þegar fjallað er um sérhæft efni sem hann þekkir og/eða hefur áhuga á, t.d. í fyrirlestrum eða af myndbandi

Tjáning

- geti skrifað stutta heimildaritgerð og gengið frá henni á viðeigandi hátt, m.t.t. innihalds, uppsetningar og frágangs
- geti tjáð hugsun sína, útskýrt og rökstutt mál sitt í samfelldu rituðu máli á skipulegan, rökrænan og skiljanlegan hátt

- geti tekið þátt í óformlegum og hálfformlegum skriflegum samskiptum, t.d. tölvu- eða bréfasamskiptum, við enskumælandi fólk og fylgt reglum ritmáls eftir því sem við á
- geti tjáð sig skýrt og skilmerkilega á táknmáli um allflókin viðfangsefni, geti endursagt, haldið stutt erindi og tekið þátt í hlutverkaleikjum og umræðum
- búi yfir nægjanlegum orðaforða og færni til að geta tjáð sig í samfelldu máli á táknmáli um almenn efni og geti gripið til umorðana og útskýringa ef orðaforða þrýtur

Málnotkun/ orðaforði

- kunni aðferðir til að vinna skipulega með orðaforða
- geti gert sér grein fyrir margræðni og blæbrigðamun í margvíslegum textum
- kunni skil á helstu reglum um uppbyggingu á rituðu máli og geti beitt þeim
- ráði yfir meiri skilningsorðaforða heldur en hann getur beitt í ritun
- kunni orðaforða sem unnið hefur verið með í námsefninu
- geti leitað í orðabókum og öðrum upplýsingaritum
- kunni helstu málfræðireglur í ensku og táknmáli og geti beitt þeim
- kunni helstu reglur um framsetningu efnis á táknmáli og skriflega og geti beitt þeim
- vinni áfram að því að ná tókum á réttri málnotkun í ensku og táknmáli

Enska 413 Orðaforði og ritun

Undanfari: ENS 313

Áfangalýsing

Áfram er unnið að því að efla sömu færniþætti og í fyrri áföngum og lögð áhersla á að auka við orðaforða, æfa textarýni og ritun. Boðið er upp á val mismunandi viðfangsefna í lestri. Lesnir eru valdir textar og skrifaðar ritgerðir eða flutt erindi sem tengjast valda efninu. Haldið er áfram með þjálfun í bandarísku eða bresku táknmáli.

Gert er ráð fyrir fjórum áföngum í ensku, fyrir málabraut sérstaklega. Hver skóli hefur svigrúm til að ákveða innihald áfanganna. Taka skal mið af því sem nemendur hafa lokið við í fyrstu þremur áföngum í ensku fyrir heyrnarlausu og byggt ofan á það með hliðsjón af þeim áföngum sem í boði eru fyrir heyrandi nemendur.

Áfangamarkmið

Nemandi

Málskilningur

- geti lesið margvíslega texta, bókmenntatexta ýmiss konar, fræðitexta og texta úr dagblöðum og tímaritum, og texta á Netinu
- geti lesið vísindatexta sem ætlaðir eru almenningi
- geti beitt fyrir sig mismunandi lestrarlagi, þ.e. nákvæmnislestri, yfirlitslestri og leitarlestri og viti hvaða aðferð sé viðeigandi að beita hverju sinni
- geti gert skýran greinarmun á staðreyndum og skoðunum
- geti notað margs konar myndefni með enskum texta eða á táknmáli til að vinna út frá, t.d. í ritgerðum, endursögnum, frásögnum og í tengslum við önnur verkefni, „munnleg“ eða skrifleg
- geti fylgst með og skilið orðræðu á táknmáli þegar fjallað er um sérhæft efni t.d. í fyrirlesturum eða af myndbandi

Tjáning

- geti skrifað ítarlega heimildaritgerð og gengið frá henni á viðeigandi hátt, efnislega og m.t.t. uppsetningar og frágangs
- geti unnið að viðamiklum verkefnum þar sem reynir á ritfærni, þekkingu á uppbyggingu texta og framsetningu efnis
- geti tekið saman upplýsingar um sjálfan sig til þess að nota í umsóknum um nám og/eða störf erlendis
- geti tekið þátt í óformlegum og formlegum skriflegum samskiptum, t.d. tölvu- eða bréfasamskiptum, við enskumælandi fólk og fylgt reglum ritmáls eftir því sem við á
- geti tjáð sig skýrt og skilmerkilega á táknmáli um allflókin viðfangsefni, bæði formleg og óformleg, og fylgt reglum táknmálsins eftir því sem við á
- búi yfir nægjanlegum orðaforða og færni til að geti tjáð sig í samfelldu máli á táknmáli um sérhæfð efni og geti gripið til umorðana og útskýringa ef orðaforða þrýtur

Málnotkun/ orðaforði

- kunni aðferðir við að vinna skipulega með orðaforða
- geti gert sér grein fyrir margræðni og blæbrigðamun og geti notað hugtök og orðtök í réttu samhengi
- ráði yfir meiri skilningsorðaforða heldur en hann getur beitt í ritun
- kunni orðaforða sem unnið hefur verið með í námsefninu
- geti leitað í orðabókum og öðrum upplýsingaritum
- kunni helstu málfræðireglur í ensku og táknmáli og geti beitt þeim
- kunni helstu reglur um framsetningu efnis á táknmáli og skriflega og geti beitt þeim



DANSKA FYRIR HEYRNARLAUSA

Inngangur

Heyrnarlaust fólk lærir ekki tungumál á sama hátt og heyrandi. Það hefur ekki heyrnina til að tileinka sér það heldur lærir það á grundvelli ritmálsins. Markmið kennslu í dönsku fyrir heyrnarlausa eru í aðalatriðum þau sömu og í hefðbundinni dönskukennslu á framhaldsskólastigi. Nálgunin hlýtur þó að miðast við sérstöðu heyrnarlausra nemenda og byggjast á grunni táknmálsins. Kennslan beinist að því að nemendur skilji ritaðan texta og geti tjáð sig á rituðu máli.

Námið snýst fyrst og fremst um færniþættina tvo, lestur og ritun. Mælt er með hvers kyns kennsluforritum, tölvupósti og Netinu til að auka á fjölbreytileika ritþjálfunar og kæmi það að einhverju leyti í stað tals.

Námið þarf að byggja meira á merkingarlegu samhengi en skilningi á einstökum orðum og nauðsynlegt er að nemendum séu kynntar bakgrunnsupplýsingar sem kennsluefnið byggist á og tengja þær við veruleika nemendanna sjálfra. Í dönskukennslu fyrir heyrnarlausa gildir það sama og í annarri tungumálakennslu að magn lesefnis skiptir máli við tileinkun á orðaforða og stafsetningu.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra hefur unnið kennsluforrit sem mikill akkur er í fyrir dönskukennsluna. Unnið er út frá forsendum hins heyrnarlausra nemanda og byggist forritið á gagnvirkni táknmáls og texta á dönsku, hvort sem um er að ræða lesinn texta eða málfræði. Táknmálið er ýmist á íslensku eða dönsku. Hægt er að vinna með forritið á ýmsa vegu. Bæði með texta og táknmál í senn eða útiloka annan hvorn þáttinn á skjánum til að einbeita sér að

ákveðnum þáttum kennslunnar. Texta með dönsku táknmáli má einnig nýta til að undirstrika danska táknmálið sem slíkt og gera á þann hátt nemendum kleift að skilja danskt táknmál og jafnvel tjá sig á því. Þannig myndast vísir að þriðja færniþættinum: dönsku táknmáli. Það kemur þó engan veginn í stað beinnar kennslu dansks táknmáls sem er æskilegt að sé hluti af dönskunámi heyrnarlausra en háð því að hæfur kennari fáist til verksins. Forritið fellur vel að öðru kennsluefni, í því er viss stígandi og það gagnast á öllum stigum námsins.

Nám og kennsla

Stefnt er að því að nemendur verði færir um að lesa og skilja texta með almennum orðaforða. Kennslan skal í byrjun taka mið af því sem stendur nemendum næst, svo sem daglegt líf og umhverfi, fjölskylda, vinir, frístundir og tómstundastörf. Til viðbótar þessu má nefna efni um ungt fólk í Danmörku og Íslandi, jafnt heyrnarlaust sem heyrandi. Til grundvallar þessu þarf að liggja textaval sem gengur út frá nytjatextum, bókamenntatextum og myndatextum, sem veita nemendum innsýn í þá menningu og hugsun sem býr að baki tungumálinu. Einnig er kjörið að nýta bíómyndir og myndbandsþætti um Danmörku og danska menningu með dönskum texta. Nauðsynlegt er að taka tillit til veruleika heyrnarlausra í textavali og er kennsluforrit Samskiptamiðstöðvar mjög aðgengilegt í því sambandi.

Einnig skal stefnt að því að nemendur öðlist þjálfun í að skrifa dönsku. Það skal gert með markvissri vinnu orðaforða-, málnotkunar- og ritunarverkefna. Öll ritþjálfun í kennslu heyrnarlausra er stór hluti kennslunnar en gæta verður þess að nákvæmniskröfur í málfræði hafi ekki óeðlilegan forgang í almennri málnotkun. Nemendur þurfa fyrst og fremst að öðlast sjálfsöryggi gagnvart tungumálinu. Í því sambandi má nefna stutt orðatiltæki á dönsku og dönsku táknmáli sem nemendum verður tamt að nota við daglegar aðstæður í skólastofunni. Lögð skal áhersla á að vinna með

texta í ýmsu samhengi svo sem ferlisritun, útdrætti og öðru því sem undirstrikar ýmsa þætti málnotkunarinnar. Hjálpargögn eins og orðabækur eru nemendum nauðsynleg og því skal þjálfna notkun þeirra strax frá byrjun.

Danska fyrir heyrnarlauslausa er sex einingar og kennd í þremur áföngum, DAN 132, DAN 232 og DAN 332, sex kennslustundir í viku hver áfangi. Reiknað er með að tölvunotkun verði að minnsta kosti einn þriðji hluti kennslunnar. Vegur hér kennsluforrit Samskiptamiðstöðvar þungt en öll tölvunotkun er afar heppileg í kennslu fyrir heyrnarlauslausa.

Námsmat

Námsmat byggist á færniþáttunum tveimur, lestri og ritun, ásamt dönsku táknmáli ef aðstæður leyfa. Taka ber þá mið af þeim aðferðum sem hefur verið beitt í kennslunni. Í lestri kemur tæpast til greina að meta hraðlestur en mat á leitarlestri, yfirlitslestri og nákvæmnislestri er í samræmi við lestrar- og vinnuaðferðir sem endurspegla kennslu í dönsku fyrir heyrnarlauslausa. Í ritun þarf matið að byggja á þeim ólíku kröfum sem gerðar eru til nemenda varðandi ritunaraðferðir og tjáningarform, en það byggist mikið á lestraraðferðinni sjálfri og textagerð. Ritgerðir skulu dæmdar út frá uppbygginu, orðaforða, inntaki og málnotkun. Í sumum verkefnum gæti eingöngu verið leitað eftir orðaforða. Allur frágangur, uppbygging, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum skal metið.

Lokamarkmið

Nemandi

- geti beitt nákvæmnislestri, yfirlitslestri og leitarlestri og viti hvenær hvað á við
- geti skilið aðalatriði í blaða- og tímaritstexta af ýmsum gerðum, texta í heimildarritum og einfaldan bókmenntatexta
- geti áttað sig á aðalatriðum í myndefni með dönskum texta, s.s. í kvikmyndum og fræðsluefni
- geti nýtt almennan orðaforða til þess að skrifa danskan texta
- geti tjáð sig skriflega um það sem honum stendur næst og haldið uppi bréfaskriftum við danska jafnaldra
- geti tjáð sig almennt um lífsviðhorf sín
- geti leitað skriflega eftir upplýsingum í Danmörku
- geti skrifað samfelldan texta um afmarkað efni
- hafi öðlast færni í að ganga frá textum til verkefnaskila
- hafi öðlast leikni í að nota tölvupóst og vefrápara
- hafi fengið innsýn í menningartengsl Dana og Íslendinga
- geti miðlað upplýsingum sem snertir hann sjálfan og menningu heyrnarlausra
- geti haldið uppi samræðum á dönsku táknmáli

Áfangar

DAN 132 Þjálfun grunnorðaforða í dönsku

Undanfari: IST 203

Áfangalýsing

Unnið er með einfalda texta og smásögur til að treysta og bæta við undanfarandi nám á grunnskólastigi. Lögð er áhersla á að nemandinn hafi skilið samhengi textans, geti fjallað um hann, unnið tilheyrandi verkefni og svarað spurningum skriflega. Veita þarf nemanda svigrúm til að geta tjáð sig óformlega um efni texta á táknmáli. Það er góður undirbúningur undir skriflega túlkun sem verður æ fyrirferðarmeiri eftir því sem liður á námið. Í málfræði er unnið með undirstöðuatriði í helstu orðflokkum. Kennsluforrit Samskiptamiðstöðvar er notað til að vinna með danska texta og málfræði á íslensku táknmáli. Kennend eru undirstöðuatriði dansks táknmáls og notkun orðabóka er kennd.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skilið stuttan texta nokkuð nákvæmlega og svarað skriflega spurningum úr honum
- lesi smásögu og svari munnlega um hvað hún fjallar án þess að skilja hana til hlítar
- geti leitað eftir upplýsingum í texta og svarað skriflegum verkefnum þar að lútandi
- geti skrifað einföld bréf um sjálfan sig og nánasta umhverfi sitt
- geti lýst hlutum eða atburðum á mynd
- geti skrifað stuttar sögur út frá myndum
- geti bjargað sér á einföldu dönsku táknmáli
- kunni að nota orðabækur

DAN 232 Aukin skrifleg málnotkun

Undanfari: DAN 132

Áfangalýsing

Lestur ýmiss konar texta eykst til þess að þjálfa nemendur í að tjá sig skriflega um það sem textinn býður hverju sinni. Nauðsynlegt er að gæta fjölbreytni í textavali svo að nemendur geti tjáð sig við ýmsar aðstæður sem telja má líklegt að nýtist þeim í framtíðinni, s.s. að sækja um skóla, fara á íþróttamót eða verða sér úti um upplýsingar um starfsemi heyrnarlausra í Danmörku. Textaval í kennsluforriti Samskiptamiðstöðvar er góður grunnur að þessu markmiði. Nemendum er ætlað að vinna á Netinu svo að þeir geti nýtt sér lærdóminn í raun. Á Netinu bjóðast ýmsir valkostir, svo sem að vera í bréfaskriftum við dönskumælandi jafnaldra, eiga samskipti innbyrðis og við kennara sinn, afla upplýsinga eða leita uppi danskar vefslóðir. Það er einmitt í tölvusamskiptum sem líklegt er að nemandi nýti sér dönskukunnáttu sína í framtíðinni.

Málfræðin er kennd áfram og farið ítarlega í fornöfn, sérstaklega persónu- og eignarfornöfn. Unnið er með danska texta og málfræði á íslensku táknmáli með hjálp kennsluforritys Samskiptamiðstöðvar, unnið er með danskt táknmál og ýmsar handbækur á bókasafni eru kynntar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skilið og unnið með fjölbreytilega en stutta texta
- geti lesið stutta texta sjálfstætt og vinni verkefni sem tengjast þeim
- geti lesið smásögur sér til gagns og ánægju
- geti leitað að ákveðnum upplýsingum í blaða- og tímaritsgreinum og kunni að skilgreina þær
- geti aflað upplýsinga á Netinu
- geti skrifað stuttar ritgerðir um ákveðin efni
- vinni nokkuð sjálfstæð verkefni sem tengjast kennsluforriti Samskiptamiðstöðvar
- geti bjargað sér á dönsku táknmáli og kunni ýmis hentug orðatiltæki
- kunni að nýta sér handbækur á bókasafni
- kunni að nota greini með nafnorðum
- átti sig á fleirtölu nafnorða
- geti beitt sögnum í kennimyndum
- geti beitt persónu- og eignarfornöfnum

DAN 332 Sjálfstæð vinnubrögð

Undanfari: DAN 232

Áfangalýsing

Áður hefur verið bent á nauðsyn þess að kynna nemendum kennslufnið þannig að þeir geti tengt það eigin veruleika. Nú skal það gert með formlegum hætti. Unnið er með bókmenntatexta, tölvutexta og blaðagreinar svo að nemendur fái innsýn í danska menningu líðandi stundar til hliðsjónar við menningu eigin þjóðar. Undir þetta gæti flokkast menntun, dönsk hönnun, saga Kaupmannahafnar, náttúra Íslands, þættir úr sögu Íslands o.s.frv. Lögð verður áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna verkefni um Danmörku annars vegar og Ísland hins vegar. Nemendahópurinn vinnur saman en hver um sig aflar upplýsinga á bókasafni og á Netinu. Saman skal þetta mynda eina heild og metið sem eitt af lokaverkefnum annarinnar.

Í ritþjálfun einkennist verkefnavinna æ meira af samfelldum textum. Kennsluforrit Samskiptamiðstöðvar er notað til að vinna með danska texta og efni á dönsku táknmáli. Nemendur vinna alfarið út frá dönskum forsendum og við það þyngist námsefnið til muna. Auk þess að gera verkefni er nemendum nú ætlað að vinna að því í hópum að finna og þjálfva einstöku orð, setningar og orðatiltæki á dönsku táknmáli á grundvelli þess sem þeir kunna í íslensku og dönsku táknmáli. Skáldsaga er lesin með tilheyrandi verkefnavinnu í tímum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti unnið sjálfstætt með afmörkuð efni
- geti skrifað um viðfangsefni sem tengjast honum sjálfum, t.d. um sögu heyrnarlausra á Íslandi og Danmörku, menntunarmöguleika í Danmörku
- vinni sjálfstætt verkefni sem tengist kennsluforriti
- viti hvert á að leita til að afla upplýsinga um Danmörku
- geti skrifað ritgerð um skáldsögu
- geti án vandræða lesið og skilið mismunandi gerðir texta
- geti beitt þeim reglum danskrar málfræði sem hann hefur lært og fengið þjálfun í